

**SKOÐUN** Brjótum upp hinn kynbundna vinnumarkað og sýnum að karlar geta allt, skrifar Eygló Harðardóttir. 22



**MENNING** KÍTÓN, félag kvenna í tónlist, heldur málþing og stórtónleika á uppskeruhátíð í Hörpu. 40



**SPORT** ÍR-ingar hafa algjörlega snúið við blaðinu í körfuboltanum síðan Nigel Moore mætti í Breiðholtið. 43





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
13. febrúar 2014
37. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Föst skot á Viðskiptaþingi

Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, kallar eftir stefnu í peningamálum eftir viðræðuslit við ESB. Forsætisráðherra lét forsvarsmenn atvinnulífsins heyra það. 20

**Fótboltastrákur dúxar** Guðmundur Reynir Gunnarsson útskrifast úr hagfræði í HÍ með hæstu meðaleinkunn sem gefin hefur verið. 2

**Spyr um öryggi í sjúkraflugi** Þingmaður Framsóknarflokks spyr um hagkvæmni þess að Gæslan taki yfir sjúkraflugið. 4

**Skipti var barn síns tíma** Rekstur Skipta og Símans hefur verið sameinaður undir nafni Símans. Nýr forstjóri er tekinn við. 8




22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | NA | 11 |
| Akureyri | 1° | NA | 7 |
| Egilsstaðir | 1° | NA | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | ANA | 8 |
| Reykjavík | 4° | ANA | 10 |

**Slydda** og nokkuð hvasst á Vestfjörðum en hægari vindur annars staðar og úrkomulítið en þó rigning og strekkingur með SA-ströndinni. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Menningarhátíð Hafnarfjarðar




# Fleiri bótasvikamál upplýst

Fjöldi skráðra bótasvikamála hefur margfaldast frá árinu 2007. Aðgerðir Tryggingastofnunar leiddu til stöðvunar 277 greiðslna á síðasta ári. Sparnaður ríkissjóðs vegna eftirlits er sagður hlaupa á milljörðum króna.

**VELFERÐARMÁL** Tryggingastofnun stöðvaði greiðslur í ellefu bótasvikamálum árið 2007, en árið 2013 voru málin orðin 277. Þá hefur sparnaður vegna aðgerða Tryggingastofnunar aukist mikið, eða úr fjórum milljónum árið 2007 í tæpar hundrað milljónir árið 2013. Heildarsparnaður á tímabilinu er metinn á tæpar 467 milljónir króna.

Þetta kemur fram í svari félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokks, um bótasvik.

Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar, segir fjölgun mála haldast í hendur við hert eftirlit stofnunarinnar. „Við höfum verið að efla okkar eftirlit, meðal annars samtímaeftirlit þar sem við fylgjumst með greiðslum innan ársins,“ segir hún.

Fjárhæðir þar sem greiðslur hafa verið stöðvaðar í tengslum við samtímaeftirlit voru ekki teknar saman í svari ráðherra, en talið er að þær hlaupi á milljörðum króna.

Stöðugildum starfsfólks, sem sinnir eftirliti með bótasvikum, fækkaði úr 7,2 niður í 5,7 milli áranna 2009 til 2013. Helmingsfækkun varð hjá Vinnumálastofnun, en á sama tímabili minnkaði áætlaður sparnaður vegna aðgerða eftirlitsdeildar stofnunarinnar úr 850 milljónum árið 2010 niður í 572 milljónir árið 2012.

„Það eru bara tveir í eftirliti hjá Vinnumálastofnun, en ég tel það of lítið. Vinnumálastofnun fékk aukafjármagn á síðustu fjárlögum, meðal annars til þess að sinna auknu eftirliti,“ segir Vigdís.

Hjá Tryggingastofnun hefur stöðugildum í tengslum við eftirlit fjölgað um 1,7 frá árinu 2007. Á sama tíma hefur fjöldi skráðra mála margfaldast, eða úr 175 málum árið 2007 í 627 mál árið 2013.

Alþingi hefur samþykkt breytingar á lögum sem auka heimildir Tryggingastofnunar til að afla upplýsinga um bótaþega. Breytingarnar komu til meðal annars vegna athugasemda Ríkisendurskoðunar, sem taldi eftirliti með bótasvikum vera ábótavant.

**277** sinnum stöðvaði Tryggingastofnun greiðslur til fólks í fyrra, en 11 sinnum árið 2007.

Sigríður Lillý segir að ekki hafi verið stigið stórt skref með breytingunum. „Mestu afköstin í eftirliti fást með samkeyrslu gagna, eins og heimilt er að gera í Noregi,“ segir hún, en Tryggingastofnun verður áfram óheimilt að framkvæma slíkar samkeyrslur. - eb / sjá síðu 6



**Í LOPAPEYSU FRÁ ÖSSURI** Utanríkisráðherrar Norðurlanda hittust í Keflavík í gær. Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, leið vel í lopapeysu sem hann hafði fengið að gjöf frá Össuri Skarphéðinssyni, fyrrverandi utanríkisráðherra. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var aftur á móti í hefðbundnari klæðnaði stjórnmálamanna. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stinni stuð vekur athygli:

## Hafði aldrei séð Með allt á hreinu

**FÓLK „Ég hafði ekki séð Með allt á hreinu áður en ég vissi að skólinn ákvað að setja upp söngleikinn,“ segir Helgi Valur Gunnarsson, nemi í Verzlunarskóla Íslands.**



HELGI VALUR GUNNARSSON

**Helgi Valur hefur vakið athygli í hlutverki Stinna stuð í uppsetningu skólans á söngleiknum Með allt á hreinu.**

**Hann segir það vera mikla pressu að leika Stinna, sem Egill Ólafsson gerði á sínum tíma ódauðlegan í kvikmyndinni, en það sé hins vegar mjög gaman.**

**Helgi Valur hefur fengið mikla athygli á samfélagsmiðlinum Facebook í kjölfar þeirrar athygli sem hann hefur vakið í sýningunni. „Ég hef fengið töluvert af vinarbeiðnum og pókum á Facebook en það er bara gaman að því.“** - glp / sjá síðu 46




Hópur barna með áhættuhegðun festist í kerfinu og úrræði láta á sér standa:

# Fleiri börn í alvarlegum vanda

**BARNAVERND** Sótt var um meðferðarúrræði fyrir 170 börn með áhættuhegðun á fyrstu níu mánuðum síðasta árs.

„Börn í neyslu glíma við mun alvarlegri vanda en áður. Þetta eru í mörgum tilfellum börn með fjölþættan vanda, með geðröskun, fíknivanda og jafnvel þroskaskerðingu,“ segir Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi á Barnaverndarstofu. Hún segir að sárlega vanti úrræði fyrir þennan hóp.

Ráðgjafar í Foreldrahúsi segja sérstaklega vanta sértæka vímuefnameðferð fyrir börn. Þeir segja fíknivanda unglinga ekki vera óþægð heldur alvarlegan heilbrigðisvanda sem þurfi að takast á við.

Næstu daga mun Fréttablaðið fjalla um börnin á brúninni, börn sem festast í kerfinu sem óharðnaðir unglingar. Þau finna ekki leið út og svo virðist sem fagfólk og foreldrar geri það ekki heldur. - ebg / sjá síðu 10



> **Börn í neyslu glíma við mun alvarlegri vanda en áður. Þetta eru í mörgum tilfellum börn með fjölþættan vanda.**
>
> *Steinunn Bergmann félagsráðgjafi*






## SPURNING DAGSINS



Ragnar, verður nokkuð algjört „pain“ að spila í Karíbahafinu?

**„Það gæti reyndar orðið svolítið sársaukafullt. Það verður alltof mikill hiti þarna og þar að auki er rosalega mikil keyrsla í þessu „showi“. Sjóveiki gæti „kikkað“ inn líka.“**

Ragnar Zolberg spilar með rokksveitinni Pain of Salvation á skemmtiferðaskipi í Karíbahafinu.

Sérstakur saksóknari ákærir Lárus Welding, Jóhannes Baldursson og Þorvald Lúðvík Sigurjónsson:

# Þremur hefur verið birt ákæra í Stím-máli

**LÖGREGLUMÁL** Embætti sérstaks saksóknara hefur gefið út ákæru á hendur Lárusi Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, Jóhannesi Baldurssyni, einum stjórnenda bankans, og Þorvaldi Lúðvík Sigurjónssyni, fyrrverandi forstjóra Saga Capital. Þetta staðfestir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

Um er að ræða eitt stærsta mál sem hefur komið inn á borð sérstaks saksóknara. Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 28. febrúar næstkomandi.

Forsaga málsins er sú að félag að nafni Stím fékk tæplega 20 milljarða króna að láni frá Glitni til að kaupa hlutabréf í Glitni og FL Group í nóvember árið 2007. Seljandi bréfanna var Glitnir en um var að ræða rúmlega fjögurra prósenta hlut í hvoru tilfelli. Veðin fyrir láni Stíms voru í hlutabréfunum í Glitni og FL Group. Glitnir var sjálfur seljandi bréfanna sem Stím keypti og lögðu hluthafarnir einnig fram tæplega fimm milljarða króna eiginfjárframlag vegna kaupanna á bréfunum.

Þremenningarnir eru ákærðir fyrir þátt sinn í þessum lánveitingum, en grunur leikur á að um hafi verið að ræða tilraun til að halda verði á bréfum í Glitni hærra en eðlilegar forsendur voru fyrir. - js



**LÁRUS WELDING**



**JÓHANNES BALDURSSON**



**ÞORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON**



**MÓTMÆLI** Nokkuð svalt var í veðri en mótmælendum var heitt í hamsi þar sem þeir stóðu fyrir utan innanríkisráðuneytið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mótmælt var fyrir framan innanríkisráðuneytið í gær:

# Ráðherra víki vegna rannsóknar

**STJÓRNSÝSLA Mótmælt var fyrir utan innanríkisráðuneytið í gær og þess krafist að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra víki. Um 20 til 30 manns mættu á svæðið og kröfðust þess að Hanna Birna víki á meðan lögreglurannsókn stendur yfir vegna leka á upplýsingum um hælisleitanda til fjölmiðla.**

**Meðal mótmælendanna var Mörður Árnason, varaþingmaður Samfylkingarinnar, en hann hefur látið málið til sín taka á Alþingi. „Ég er eiginlega að taka undir kröfur fundarboðenda um að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra geri hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli. Mér finnst það mikilvægast,“ segir Mörður.** - jb

Dómur kominn í málinu:

# Hjördís dæmd í gæsluvarðhald

**DÓMSMÁL** Hjördís Svan Aðalheiðardóttir hefur verið úrskurðuð í fjögurra vikna gæsluvarðhald í Horsens í Danmörku.

Áður hafði kröfu saksóknara um gæsluvarðhald verið hafnað, hann áfrýjaði til Landsréttar og hefur það nú gengið í gegn.

Samkvæmt heimildum blaðsins hefur enginn fengið að heimsækja Hjördísi frá því á mánudag, þegar hún var úrskurðuð í áðurnefnt gæsluvarðhald án skýringa, ekki einu sinni lögmaður hennar. - hva

Farþegar í innanlandsflugi:

# Eiga rétt á mat og gistingu

**SAMGÖNGUR** Farþegar sem þurfa að bíða til næsta dags þegar innanlandsflug er fellt niður vegna veðurs eiga rétt á hressingu og hótelgistingu.

Þetta kemur fram í reglum um réttindi flugfarþega. Farþegi getur valið hvort hann fái endurgreiddan farmiðann eða þjónustu þar til annað flug er í boði.

Heimamenn eiga þó ekki rétt á gistingu en ferðir til og frá flugvelli skal endurgreiða, segir Ómar Sveinsson, fagstjóri neytendamála hjá Samgöngustofu. - ebg

# Fótboltastrákur dúx í hagfræðideild HÍ

Útskrifast með 9,55 í meðaleinkunn. Hæsta einkunn sem gefin hefur verið við hagfræðideild HÍ. Sagður einn öflugasti bakvörður landsins og spilar með KR. Tvöfaldur Íslands- og bikarmeistari. Sjálfur segir hann framtíðina óráðna.

**MANNLÍF** „Ég er að spila fótbolta með KR og ætli ég fari ekki að svipast um eftir vinnu á næstu vikum,“ segir Guðmundur Reynir Gunnarsson, fótbolta- og tónlistarmaður og bráðum hagfræðingur. Guðmundur Reynir útskrifast frá hagfræðideild Háskóla Íslands síðar í mánuðinum með hæstu meðaleinkunn sem gefin hefur verið í deildinni, 9,55.

„Lykillinn að því að ná svo góðum árangri er að lesa og undirbúa sig vel. Ég læri vel í prófatörnunum og skipulegg tímann,“ segir Guðmundur Reynir, sem hefur raunar gert fjölmargt annað síðustu misserin með góðum árangri.

Hann útskrifaðist sem stúdent frá MR 2008. Á árunum 2009 til 2010 fór hann til Svíþjóðar og lék þar fótbolta með sænska úrvalsdeildarliðinu GAIS í Gautaborg. Honum er lýst sem öflugum bakverði, fljótum og tekniskum. Hann er talinn einn allra besti bakvörður Pepsi-deildarinnar. Hann varð Íslandsmeistari með KR 2011 og 2013 og bikarmeistari 2011 og 2012.

Hann er fyrrverandi landsliðsmiðvörður og lék með Íslandi á EM 2009 í Finnlandi.

Hann þykir sömuleiðis liðtækur píanóleikari og söngvari. Hann gaf út plötu árið 2010 sem hann sagði sjálfur að væri sambland af Coldplay og David Bowie.

Guðmundur Reynir tók einn og einn kúrs í hagfræðinni á meðan hann var í Svíþjóð en fór í fullt nám eftir að hann var kominn heim aftur.

Hann fór í skiptinám til Harvard-háskóla í Bandaríkjunum á meðan hann var í hagfræðinni.



**MARGT TIL LISTA LAGT** Guðmundur Reynir Gunnarsson fótboltamaður útskrifast frá hagfræðideild Háskóla Íslands síðar í mánuðinum. Hann hefur verið á fullu í fótbolta og spilaði inn á plötu á meðan hann var í námi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það var frábært að vera í Harvard, mikil lífsreynsla. Þetta var erfitt og ég þurfti að hafa dálítið fyrir náminu þar.“

Lokaritgerð Guðmundar Reynis fjallaði um framvirka gjaldeyrismarkaði án afhendingar.

„Ég er að skoða hvort slíkt fyrirkomulag sé æskilegt á Íslandi. Í ritgerðinni fer ég yfir kosti og galla framvirkra gjaldeyrismarkaða. Ég kveð ekki upp úr um það hvort þetta sé æskilegt fyrirkomulag hér á landi. Ég læt lesandanum það eftir.“

Hvað framtíðin ber í skauti sér er óráðin gáta. Hagfræðingurinn segist ekki ætla í framhaldsnám að svo komnu máli.

„Ég bíð með masterinn í einhvern tíma. Svo er aldrei að vita hvað gerist,“ segir hann.

johanna@frettabladid.is

> **Ég er að spila fótbolta með KR og ætli ég fari ekki að svipast um eftir vinnu á næstu vikum.**
>
> *Guðmundur Reynir Gunnarsson, dúx í hagfræðideild*




Cameron segir ólíklegt að sjálfstætt Skotland fái að hafa pundið áfram:

# Breskir ráðamenn hóta Skotum

**BRETLAND** Breska dagblaðið The Guardian fullyrðir að stórskotalið breskra ráðamanna sé nú að undirbúa hótanir á hendur Skotum, sem eigi að fæla þá frá því að samþykkja sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu í haust.

Hótanirnar snúist ekki síst um að gera að engu vonir Skota um að geta haldið breska pundinu, fari svo að sjálfstæði Skotlands verði að veruleika.

Skoðanakannanir benda til þess að afstaða margra Skota muni ráðast af því hvaða efnahagslegu áhrif sjálfstæði muni hafa. Þessar hótanir beinast því beint að því, sem helst gæti ráðið úrslitum í kosningunum.

The Guardian skýrir frá því að á blaðamannafundi í gær hafi David Cameron forsætisráðherra gefið í skyn að fjármálaráðherrann, George Osborne, muni nú síðar í vikunni verða fyrstur til að kynna þessa herferð gegn sjálfstæðisáformum Skota.

„Fjármálaráðherrann mun ræða þetta seinna í vikunni,“ sagði Cameron á blaðamannafundinum og bætti við: „Ég held að það muni verða mjög erfitt að réttlæta gjaldmiðilsbandalag eftir að sjálfstæði væri fengið.“ - gb



**DAVID CAMERON** Forsætisráðherra Bretlands. NORDICPHOTOS/AFP

# Hver er þín hugmynd?

Við leitum að hugmyndum að nýjum vörum eða þjónustu
á sviði orku sem hafa burði til að keppa á alþjóðamarkaði.

Sendu inn þína hugmynd á **www.startupenergyreykjavik.com.**
Einfalt og þægilegt umsóknarform. Umsóknarfrestur er til og með
**16. febrúar 2014.**

TENGIVIRKI
YLRÆKT
FISKELDI
BORHOLUTÆKNI
BETRI NÝTING
ORKU
RAFBÍLAVÆÐING
ELDSNEYTISVINNSLA
DREIFIKERFI
VIÐARÞURRKUN
HUGBÚNAÐUR
VARMADÆLUR
VÉLBÚNAÐUR
VIÐHALDSÞJÓNUSTA
TÚRBÍNUR
FERÐAÞJÓNUSTA

**Markmið**

Startup Energy Reykjavik er að skapa umgjörð þar sem aðstandendur nýrra viðskiptahugmynda í orkutengdum iðnaði og tengdum greinum njóta ráðgjafar og leiðsagnar í þeim tilgangi að ýta af stað nýjum viðskiptatækifærum.

**Startup Energy Reykjavik**

Viðskiptasmiðjan Startup Energy Reykjavik fjármagnar og styður við verkefni og fyrirtæki í orkutengdum iðnaði og þjónustu. Teymin fá 5 milljónir í hlutafé og á tíu vikum vinna þau að því að fullmóta viðskiptahugmyndir sínar með aðstoð yfir 60 sérfræðinga. Í lokin kynna teymin viðskiptatækifæri sín fyrir mögulegum fjárfestum.

Startup Energy
Reykjavik

Landsvirkjun · Arion banki · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · GEORG Geothermal Research Group · klak innovit · Iceland geothermal

## SVONA ERUM VIÐ



**17** fyrirtæki voru skráð sem gosdrykkjaframleiðendur árið 2008.

Fimm árum síðar, 2013, voru þau orðnir 32 talsins.

*Heimild: Hagstofan.is.*

Stjórn Mýflugs fundaði að kvöldi þegar vél félagsins fórst á Akureyri í ágúst:

# Tryggingavernd talin viðunandi

**FLUGSLYS** Mat stjórnar Mýflugs var að tryggingavernd félagsins væri viðunandi, þegar stjórn hittist á fundi til að ræða flugslys að kvöldi slysdags, og til þess fallin að tryggja að staðið yrði við allar skuldbindingar. Þetta kemur fram í svari Sigurðar Bjarna Jónssonar, stjórnarformanns Mýflugs, við fyrirspurn blaðsins. Ekkert hafi komið á daginn sem breyti þessu mati.

„Ég get þó staðfest að álitaefni það sem Fréttablaðið fjallaði um í gær varð félaginu tilefni til að yfirfara tryggingar flugmanna sinna fyrir jól. Hvorki fyrir né eftir þá skoðun hefur vafi leikið á því að staðið yrði við skuldbindingar gagnvart þeim, né öðrum sem hagsmuna eiga að gæta gagnvart félaginu,“ segir Sigurður.

Þegar flugslys verði segir hann ekki óeðlilegt að þeir sem hagsmuna eigi að gæta gagnvart félaginu hugsi sinn gang. „Slíkum málum mætum við með skilningi og auðmýkt. Okkar skylda er að bregðast við hverju sinni eins og tilefni er til, leysa úr álitamálum og sjá til þess að eftirmálar slyssins verði okkur til sóma,“ segir Sigurður. *-ebg*




**FORSÍÐA FRÉTTABLAÐSINS Í GÆR** Greint var frá því að tryggingar hefðu ekki verið í lagi.

Fresta læknisheimsóknum:

# Sjúklingar borga meira

**ALÞINGI** Ögmundur Jónasson sagði á Alþingi í gær kostnaðarhlutfall sjúklinga í heilbrigðisþjónustu hafa tvöfaldast á síðustu 30 árum. Hlutfallið væri mun hærra en í nágrannalöndunum og benti hann á að þeim sem fresta læknisheimsóknum vegna kostnaðar hefði fjölgað um 50 prósent frá 2006.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra sagði við fjármögnunarvanda að eiga sem ekki yrði leystur nema með framlögum úr ríkissjóði eða gjöldum. *- jb*

Mótmælir sektardómi:

# Segir bókum breytt eftir á

**DÓMSTÓLAR** Stefán Karl Kristjánsson lögmaður hafnar því að hafa brotið gegn skjólstæðingi sínum eða sýnt dómi vanvirðu, þrátt fyrir að hafa í héraðsdómi á þriðjudag verið sektaður um 300 þúsund krónur fyrir slíkt.

„Ég tel afgreiðslu dómara tilhæfulausa og mun leita eftir því á öðrum vettvangi að fá henni hnekkt,“ segir Stefán Karl í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær. Með yfirlýsingunni fylgdu endurrit úr þingbók Héraðsdóms Reykjaness og tölvupóstsamskipti milli dómara málsins, ákæruvalds og verjanda.



**STEFÁN KARL KRISTJÁNSSON**

Þingbókina segir hann bera þess merki að hafa verið breytt eftir á og að ekki hafi verið boðað til þinghalda með formlegum hætti. Dómari hafi misritað dagsetningar fyrirtöku og ekki leiðrétt. *- óká*

Dómhald ákveðið í Boston:

# Verjendurnir fengu ekki frest

**BANDARÍKIN** Réttarhöld yfir Dzokhar Tsarnaev, manninum sem ákærður er fyrir aðild að sprengjuárásinni í Bostonmaraþoninu í apríl í fyrra, hefjast í nóvember næstkomandi.

Verjendur Tsarnaevs höfðu farið fram á að málið yrði dómtekið í september árið 2015 til að þeim gæfist meiri tími til að skoða það mikla magn gagna sem til er um sprengjuárásina.

Meðal þeirra sem létust í sprengjutilræðinu var átta ára drengur. *- só*

# Þingmaður spyr hvort öryggi í sjúkraflugi sé falskt

Silja Dögg Gunnarsdóttir, alþingismaður Framsóknarflokks, spyr um athugun á hagkvæmni þess að sjúkraflug fari allt til Landhelgisgæslunnar. Silja segir öll rök hníga að því að það sé öruggast og hagkvæmast. Hún vill upplýsingar um sjúkraflugþjónustu Mýflugs og beinir fyrirspurn sinni á Alþingi til heilbrigðisráðherra.

**ÖRYGGISMÁL** „Þetta snýst um að þessi þjónusta sé trygg og að fólk búi ekki við falskt öryggi, haldi að það geti fengið vélar hvenær sem er og svo eru þær ekki tiltækar,“ segir Silja Dögg Gunnarsdóttir, alþingismaður Framsóknarflokks, um fyrirspurn um sjúkraflug sem hún beinir til Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra.



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON**

Silja kveðst hafa heyrt í mörgu fólki um sjúkraflug í kjördæmaviku á Suðurlandi í síðustu viku. „Viðbrögðin sem ég fékk voru þau að auðvitað ætti þetta að vera á einni hendi,“ segir Silja og vísar þar til hugmynda um að allt sjúkraflug í landinu verði á vegum Landhelgisgæslunnar. Eins og kunnugt er annast Mýflug sjúkraflug á stórum hluta landsins með flugvél sem gerð er út frá Akureyri.

Að sögn Silju ræddi hún sjúkraflugið við konu eina í Öræfasveit. „Maðurinn hennar veiktist hastarlega núna eftir áramótin. Hún hringdi til að biðja um sjúkraflug en það var engin flugvél laus. Hún spurði þá hvort ekki væri hægt að senda þyrlu frá Landhelgisgæslunni en fékk þau svör að það borgaði sig ekki. Hún ætti að keyra á móti sjúkrabíl sem hún gerði með manninn sárkvalinn í aftursætinu. Hann fór síðan í aðgerð á spítala í Reykjavík og er þar enn,“ segir Silja.

> **Er þessi þjónusta eins góð og við viljum að hún sé og við höldum að hún sé?**
>
> *Silja Dögg Gunnarsdóttir, alþingismaður Framsóknarflokks*

Í fyrirspurn Silju er spurt hversu oft á árunum 2008 til 2013 sjúkraflugvél Mýflugs hafi ekki verið tiltæk þegar eftir henni var kallað og hversu marga daga í fyrra varaflugvélar Mýflugs hafi verið í útleigu erlendis eða bundnar í öðrum verkefnum. Einnig er spurt um hvenær megi vænta niðurstöðu athugunar á því hvort hagkvæmt sé fyrir ríkið að hafa sjúkraflugið allt á einni hendi, það er hjá Landhelgisgæslunni.

„Þær upplýsingar sem ég hef fengið benda allar í eina átt; að það hljóti að vera hagkvæmara fyrir okkur að hafa sjúkraflugið á einni hendi. Þá finnst mér borðleggjandi að Landhelgisgæslan taki við þessu verkefni vegna þess að hún er með búnað og vel þjálfað starfsfólk,“ segir Silja, sem sjálf hefur lagt til flutning Landhelgisgæslunnar á einn stað; á Suðurnes.

„En aðalatriðið er öryggið, og það snertir alla úti um allt land. Er þessi þjónusta eins góð og við viljum að hún sé og við höldum að hún sé?“ spyr Silja sem bíður nú svara heilbrigðisráðherra. „Þegar komið er svar sjáum við hvort við búum við toppöryggi eða ekki. Eða eru fleiri en þessi kona að lenda í því að vélar eru ekki tiltækar þegar á þarf að halda?“ gar@frettabladid.is



**SILJA DÖGG GUNNARSDÓTTIR** Segir einkennilegt að bæði ríkisfyrirtækið Isavia og Landhelgisgæslan eigi sjúkraflugvélar en að ríkið sé samt með samning við þriðja aðila um rekstur sjúkraflugs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Fyrirspurn til heilbrigðisráðherra

1. Hve oft á árunum 2008–2013 var sjúkraflugvél ekki tiltæk þegar eftir henni var kallað?
2. Hversu marga daga á árinu 2013 voru varavélar Mýflugs í útleigu erlendis eða bundnar í öðrum verkefnum?
3. Hversu oft á síðasta ári sinnti Landhelgisgæsla Íslands sjúkraflugi og hversu oft Mýflug?
4. Hversu mikið greiðir Isavia Mýflugi árlega fyrir rekstur flugvélar sinnar?
5. Hversu mikið greiðir ríkið Mýflugi árlega fyrir að halda úti sjúkraflugi?
6. Hvenær má vænta niðurstöðu athugunar á því hvort hagkvæmt sé fyrir ríkið að hafa sjúkraflugið allt á einni hendi, það er hjá Landhelgisgæslu Íslands?

*Fyrirspyrjandi:* ***Silja Dögg Gunnarsdóttir,*** *alþingismaður Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**KÓLNANDI** veður er í kortunum og má búast við talsverðu frosti á landinu um helgina. Sunnanlands verður helgin björt en norðan til má búast við éljum.




**Á morgun**
Strekkingur allra vestast og með SA-ströndinni annars hægari vindur.




**Laugardagur**
Strekkingur allra austast en annars víða fremur hægur vindur.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Berlín | 7° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 21° | New York | 3° | París | 9° |
| Aþena | 16° | Billund | 5° | Gautaborg | 2° | London | 7° | Orlando | 20° | San Francisco | 15° |
| Basel | 10° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 2° | Mallorca | 18° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 3° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Veldu MeisterStück frá Bosch.




## Frábær tækni, enginn óþarfi, heldur nákvæmlega það sem til þarf á afar hagstæðu verði.

Bosch hefur nú sett á markað glæsilegar uppþvottavélar, þvottavél og þurrkara sem öll eru MeisterStück-tæki.
MeisterStück er tákn um frábæra tækni, engan óþarfa, heldur nákvæmlega það sem til þarf og á hagkvæmu verði. Allt til að gera þig ánægða(n). Ef svo ólíklega vill til að þú verðir ekki ánægð(ur) með vélina geturðu einfaldlega skilað henni innan 100 daga.
Bosch er rótgróið þýskt vörumerki og eru Bosch heimilistækin þau mest seldu í Evrópu.

### Uppþvottavél, hvít

SMU 55M12SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).
Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Tilboðsverð: 139.900 kr. stgr.**

Fullt verð: 189.900 kr.

**Þú sparar 50.000 kr.**



### Uppþvottavél, stál

SMU 55M15SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).
Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Tilboðsverð: 159.900 kr. stgr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 50.000 kr.**



### Uppþvottavél, alklæðanleg

SMV 55M00SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).
Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Tilboðsverð: 179.900 kr. stgr.**

Fullt verð: 229.900 kr.

**Þú sparar 50.000 kr.**



### Þvottavél

WAS 32471SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++.
Hámarksvinduhraði: 1600 sn./mín. Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð. Mjög hljóðlát.
Sérkerfi: Dúnkerfi, sérkerfi fyrir dökkan þvott, skyrtur, sérkerfi fyrir íþróttafatnað, mjög stutt 15 mín. hraðkerfi, húðverndarkerfi (ECARF gæðavottun), blandaður þvottur, viðkvæmur þvottur/silki.

**Tilboðsverð: 149.900 kr. stgr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 60.000 kr.**




### Þurrkari

WTW 86371SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+.
Gufuþétting, enginn barki. Sjálfhreinsandi rakaþéttir. Sérkerfi: Ull, íþróttafatnaður, dúnkerfi og 40 mín. hraðkerfi. Stór og skýr skjár. Krumpuvörn í lok kerfis.

**Tilboðsverð: 149.900 kr. stgr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 60.000 kr.**



Green Technology inside

Made by Germans

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Öll tilboð gilda til 15. febrúar eða á meðan birgðir endast.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Utanríkis- og varnarmálaráðherrar Norðurlanda funduðu í Keflavík í gær undir yfirskriftinni Iceland Air Meet 2014:

# Ráðherrar ræddu norðurskautsmál og friðargæslu

**UTANRÍKISMÁL** „Ég er mjög bjartsýnn á að þetta sé risastórt skref í átt að frekara samstarfi á milli þessara þjóða,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra um fund utanríkis- og varnarmálaráðherra Norðurlanda í gær. Umfjöllunarefnið var aukið samstarf í öryggis- og varnarmálum.

Í gærmorgun hittust ráðherrarnir í Reykjavík og um hádegisbil voru þeir mættir á gamla varnarsvæðið í Keflavík á fund með yfirskriftina Iceland Air Meet 2014.

Á sama tíma hafa flugsveitir Norðmanna, Svía og Finna stundað flugæfingar yfir Íslandi. „Menn heimsóttu í morgun sitt fólk og sínar flugsveitir og það var mikil ánægja með allt saman,“ segir Gunnar Bragi.

Í gær segir hann umræður helst hafa snúist um samstarf sviði öryggis- og varnarmála. „Við ræddum hvað við getum lagt af mörkum til að koma í veg fyrir átök. Norðurlandaþjóðirnar hafa gott orðspor um allan heim og þar getum við lagt töluvert af mörkum,“ segir hann. „Við ræddum líka öryggismálin á norðurskautinu. Þar eru allir sammála um að beina athyglinni að umhverfismálum og öryggi borgaranna. Við sjáum ekki fyrir okkur í náinni framtíð einhvers konar hernaðarógn þar.“

Gunnar Bragi bætti við að rætt hefði verið um að auka norrænt samstarf í friðargæsluverkefnum á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra Finnlands, var einnig ánægður með fundarhöldin. „Norrænt samstarf er alltaf í gangi, þar á meðal í varnarmálum. Við deilum sömu alþjóðlegu áskorununum. Ástandið í Sýrlandi er mjög erfitt og þar hafa Norðurlönd aðstoðað við eyðingu efnavopna,“ segir hann. Fleiri dæmi væru svo um gott samstarf. „Norðurlönd þurfa að vinna í því að koma í veg fyrir átök og starfa saman við samningaumleitanir.“ - fb



**RÁÐHERRAR** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hélt ræðu í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÍBÚAR Í HOMS** Hjálparstarfsfólk kom aftur til borgarinnar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Barist þrátt fyrir viðræður:

## Matvæli færð íbúum í Homs

**SÝRLAND, AP** Sýrlandsher gerði í gær harðar loftárásir á bæinn Jabrod við landamæri Líbanons, en þar hefur síðasta vígi uppreisnarmanna á þessu svæði verið.

Friðarviðræður héldu engu að síður áfram í Genf, þar sem fulltrúar Sameinuðu þjóðanna og ýmissa ríkja ræddu við fulltrúa bæði stjórnvalda og uppreisnarmanna. Að sögn mannréttindasamtaka hafa nærri fimm þúsund manns látist í átökum í Sýrlandi frá því fyrstu friðarviðræðurnar hófust í Sviss þann 22. janúar síðastliðinn. - gb

Mikill viðbúnaður í Keflavík:

## Barn hótaði sprengjuárás

**LÖGREGLUMÁL** Þrettán ára drengur hótaði sprengjuárás í flugvél WOW air á Keflavíkurflugvelli í gær.

Drengurinn hringdi á skrifstofur WOW í gærdag og tilkynnti um sprengju hálftíma fyrir lendingu. Vélinni var ekki lent við flugstöðina af öryggisástæðum og þurfti að bjóða farþegum upp á áfallahjálp.

Lögreglan á Suðurnesjum segir að málið sé litið mjög alvarlegum augum enda viðbúnaður mikill af hálfu viðbragðsaðila auk þess sem atvikið hafði áhrif á ferðir farþeganna í vélinni. - js

# Gengið á friðhelgi einkalífs í þágu öflugra bótaeftirlits

Tryggingastofnun hefur nú ríkari rétt en áður til þess að afla gagna um skjólstæðinga sína. Öryrkjabandalagið segir að gengið sé of langt í skerðingu á friðhelgi einkalífs. Ráðherra segir nauðsynlegt að vinna gegn bótasvikum sem árlega hlaupi á milljörðum króna. Vilji er innan Tryggingastofnunar til að víkka heimildir enn frekar.

**VELFERÐARMÁL** Breytingar á lögum um almannatryggingar gengu í gegn í síðasta mánuði. Markmið laganna var að veita Tryggingastofnun (TR) víðtækari heimildir til að óska eftir persónuupplýsingum um bótaþega frá öðrum stofnunum.

Það var skýrsla Ríkisendurskoðunar sem kom út í ársbyrjun 2013, sem hratt af stað vinnu við lagabreytingarnar. Í skýrslunni var eftirlit TR með bótagreiðendum tekið út.

Í niðurstöðum segir að tryggja verði aðgengi TR að persónuupplýsingum frá öðrum stofnunum, sveitarfélögum og fjármálafyrirtækjum. Þá sé nauðsynlegt að efla eftirlit stofnunarinnar.

Fyrir breytingar var TR heimilt að afla tekjuupplýsinga frá skattyfirvöldum, lífeyrissjóðum og Vinnumálastofnun. Við breytinguna fjölgar stofnunum sem TR getur leitað til eftir upplýsingum, en til staðar verður þó að vera rökstuddur grunur um bótasvik.

Vilji er innan TR til að víkka heimildir til upplýsingaröflunar enn frekar og gera svokallaða samkeyrslu, þar sem gögn TR um alla bótaþega eru borin saman við gagnagrunna annarra stofnana. Í Noregi hafa slíkar aðgerðir borið mestan árangur, að sögn forstjóra TR.

Upplýst samþykki bótaþega þarf til svo TR sé heimilt að afla upplýsinga um tekjur. Það á hins vegar ekki við um aðrar upplýsingar. TR er þó uppálagt að upplýsa skjólstæðinga sína um þær heimildir sem stofnunin hefur til öflunar persónuupplýsinga.

Athugasemdir sem bárust frá hagsmunaaðilum voru flestar jákvæðar, en þó voru ríkari heimildir til upplýsingaöflunar gagnrýndar af mörgum.

Öryrkjabandalagið gerði fjölmargar athugasemdir við frumvarpið og efndi hópur öryrkja til mótmæla vegna lagasetningarinnar. Meðal þess sem ÖBÍ gagnrýndi var að upplýsingarnar sem TR væri heimilt að afla þjónuðu engum tilgangi, þar sem þær breyttu ekki rétti bótaþega.

eva@frettabladid.is

## Vill koma fénu til þeirra sem þurfa



**Eygló Harðardóttir**
*félags- og tryggingamálaráðherra*

„Við erum fyrst og fremst að tryggja að það fé sem sett er í þennan nauðsynlega málaflokk fari til þeirra sem eiga rétt á því og auka þannig tiltrú og traust allra til almannatryggingakerfisins,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra.

Eygló segir að verið sé að veita Tryggingastofnun sambærilegar eftirlitsheimildir og ýmsar aðrar stofnanir hafa, kveða betur á um réttindi lífeyrisþega og bæta meðferð persónuupplýsinga.

Hún segir bótasvik dýrkeypt fyrir skattgreiðendur. „Við erum að tala um háar fjárhæðir, mun hærri en marga grunar. Ríkisendurskoðun áætlaði að árið 2011 hefðu bótasvik í almannatryggingakerfinu getað numið 3,4 milljörðum króna,“ bendir Eygló á, en Ríkisendurskoðun gaf í byrjun árs 2013 út skýrslu um eftirlit Tryggingastofnunar með bótagreiðslum.

„Bótasvik eru þjófnaður frá þeim sem virkilega þurfa á bótum að halda og með auknu eftirliti viljum við gera það sem við getum til að koma fénu til þeirra sem það þurfa,“ segir ráðherrann að lokum.

## Lögin skerða friðhelgi einkalífsins



**Ellen Calmon**
*formaður Öryrkjabandalagsins*

„Það er mat Öryrkjabandalagsins að gengið sé of langt í skerðingu friðhelgi einkalífs í þeim ákvæðum laganna sem snúa að upplýsingaskyldu og eftirlitsheimildum opinberra aðila,“ segir Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalagsins (ÖBÍ).

Tryggingastofnun hafði fyrir nýju lagabreytingarnar þegar aðgang að staðgreiðsluskrá og skattframtölum lífeyrisþega. „Við spyrjum okkur hvers vegna bæta þarf við aðgangi að gögnum meðal annars frá LÍN, Útlendingastofnun og skólastofnunum. Hvers vegna þarf stofnunin upplýsingar um virkni á vinnumarkaði, nám eða námslán, þegar hún fær nú þegar upplýsingar um atvinnutekjur og nám og námslán hafa engin áhrif á útreikning bóta,“ spyr Ellen.

Ef rökstuddur grunur leikur á að bótaréttur sé ekki fyrir hendi er Tryggingastofnun heimilt að fresta greiðslum tímabundið á meðan málið er rannsakað. „Þessi regla færir Tryggingastofnun allt of mikið vald til þess að grípa inn í lífsviðurværi fólks,“ segir Ellen og kallar eftir því að refsingum sé ekki beitt þar sem dómur hefur ekki verið felldur.




# TAX FREE DAGAR

## AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
## AF **ÖLLUM SKÓM** 13.-16. FEBRÚAR



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 16. febrúar.

Kiwi skóáburður
og rakavörn
-ómissandi fyrir góða
umhirðu á skófatnaði

KIWI
SINCE • 1906
QUALITY
SHOE POLISH
PROTECTS • WATERPROOFS • SHINES



-alveg skínandi

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða Íslendingur keppti í skíðagöngu á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí?
**2.** Fyrir hvernig myndir hlaut Svala Ragnarsdóttir verðlaun í erlendri ljósmyndakeppni?
**3.** Í hvernig vélum á Vetrarólympíuleikunum er íslenskt hugvit?

**SVÖR:**
**1.** Sævar Birgisson. **2.** Fyrir myndir af virkjunum í íslenskri náttúru. **3.** Snjóvélum.

Strætó bs. dregur úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda með nýjum samningi:

# Sex milljónir og minni mengun

**SAMGÖNGUR** Með nýjum samningi um kaup á blandaðri olíu dregur Strætó bs. úr losun gróðurhúsalofttegunda um 10,5 prósent.

„Þegar menn íhuga ávinninginn töldum við vel þess virði að stíga þetta skref. Okkur er umhugað að draga eins mikið úr okkar mengun og kostur er,“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, upplýsingafulltrúi Strætó bs.

Fyrirtækið samdi við Olís, sem fyrst bauð upp á íblöndun lífrænnar olíu sem staðlaða vöru, svokallaða vetnismeðhöndlaða lífræna olíu (VLO). Undir lok síðasta árs var einnig gengið til samninga um aukið íblöndunarhlutfall sem dregur enn frekar úr losun.

Kolbeinn segir kostnað þessu tengdan nema sex milljónum króna á ári. „Við erum samfélagslega ábyrgt fyrirtæki og teljum að við eigum að gera eins og hægt er til að draga úr þeirri mengun sem óhjákvæmilega fylgir starfsemi okkar.“ Ljóst sé að kosta þurfi til í mengunarvörnum. - fb




**STRÆTÓ** Strætó bs. mun í framtíðinni nota vetnismeðhöndlaða lífræna olíu frá Olís. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýr markaður að opnast:

# Rafrænt námsefni að taka við

**MENNTUN** Á ráðstefnu Iðnmenntar á morgun verður fjallað um væntanlegar breytingar varðandi rafræna útgáfu í framhaldsskólum.

Heiðar Ingi Svansson, framkvæmdastjóri Iðnmenntar, segir markað fyrir námsefni í framhaldsskólum hruninn. Of mikið sé um gamalt eða úrelt kennsluefni sem enginn grundvöllur er til að endurnýja. Útgáfa á rafrænu námsefni geti verið leið úr ógöngunum. - ebg



**AÐ LOKNUM KOSNINGUM** Svisslendingar samþykktu að herða reglur um innflytjendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnin í Sviss bregst við:

## Lagafrumvarp fyrir áramót

**SVISS, AP** Stjórnvöld í Sviss eru ekkert að flýta sér að setja lög um kvóta á innflytjendur, þótt þjóðin hafi samþykkt slíkt í atkvæðagreiðslu um helgina.

Lagafrumvarp með útfærslu kvótans verður tilbúið fyrir áramót, en jafnframt ætla stjórnvöld að ráðgast við Evrópusambandið um áhrif á tvíhliða samninga, sem meðal annars fela í sér ákvæði um frjálsa för fólks milli landa.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu um helgina var samþykkt að strangar reglur um fjölda innflytjenda verði látnar taka gildi eftir þrjú ár. - gb

Kannabisræktun stöðvuð:

## Lögregla greip tvo glóðvolga

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Árnessýslu handtók síðdegis í gær tvo sem grunaðir eru um að hafa staðið að ræktun kannabisplantna á Stokkseyri.

Um er að ræða níu plöntur sem voru ræktaðar í heimahúsi á staðnum. Hinir grunuðu í málinu voru yfirheyrðir í höfuðstöðvum lögreglu á Selfossi í gærkvöldi.

Fréttastofa hefur eftir sjónarvottum á Stokkseyri að þrír lögreglubílar hafi verið á staðnum, tveir merktir og einn ómerktur svartur jeppi. Viðbúnaður hafi verið mikill. - js

# Skipti var barn síns tíma

Rekstur Skipta og Símans var í gær sameinaður undir nafni Símans. Orri Hauksson tók við sem forstjóri nýja félagsins. Framkvæmdastjórum var fækkað úr níu í fimm. Stefnt að skráningu félagsins á markað innan árs.

**FRÉTTAVIÐTAL**

**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is



„Þetta var tiltölulega augljós ákvörðun því við stefnum á skráningu á markað og viljum hafa skilvirka einingu hér innanhúss með stuttum boðleiðum og skýrum ferlum,“ segir Orri Hauksson, nýr forstjóri Símans. Hann tók við stöðunni í gær þegar rekstur fjarskiptafyrirtækisins og móðurfélagsins Skipta var sameinaður undir nafni Símans.

Orri var ráðinn forstjóri Skipta í nóvember á síðasta ári og mánuði síðar var hafin vinna við að útfæra mögulegar breytingar á félaginu. Breytingarnar sem Síminn hefur nú kynnt eiga að sögn Orra að leiða til aukinnar hagkvæmni í rekstri og draga úr tvíverknaði. Framkvæmdastjórum félagsins var í gær fækkað úr níu í fimm og skipurit þess einfaldað. Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans frá árinu 2007 og starfsmaður félagsins til átján ára, lét af störfum en hann mun áfram veita Símanum ráðgjöf við einstök verkefni. Á næstu dögum verða iðnaðarmenn fengnir til að mæta í höfuðstöðvarnar í Ármúla til að taka Skipta-skiltið af húsinu þar sem það hefur hangið frá því félagið var stofnað árið 2007.

„Á þeim tíma voru menn stórhuga og ætluðu sér að vinna lönd annars staðar. Sumt gekk mjög vel og sumt alls ekki. Eftir bankaáfallið og ýmislegt sem á gekk var farið í að reyna að losa félagið við ytri eignir og sópa þessu til baka. Þess vegna var þetta fyrirkomulag, að vera með móðurfélag yfir stærstu einingunni, Símanum, barn síns tíma,“ segir Orri. Hann er ósammála því að stofnun móðurfélagsins hafi verið mistök.

„Menn sáu ekki fyrir þessa meiriháttar fjármálakrísu sem breytti öllum forsendum. Ef einhver hefði vitað það þá hefði ákvörðunin klárlega verið mistök.“

### Segir skilið við skrifstofuna

Félögin Míla og Skjárinn eru nú að fullu í eigu Símans. Míla hefur frá árinu 2007 séð um grunnfjarskiptakerfi Skipta og Orri segir rekstrarlegt sjálfstæði Mílu verða aukið á næstunni.

„Þessi aðgerð í gær er kannski upp á annað hundrað milljónir í kostnaðarhagræðingu árlega. Hins vegar stólum við á að hún skili auknu stjórnunarhagræði fram á við og við teljum að það sé miklu mikilvægara en þessi eini kostnaðarþáttur sem var lækkaður í gær. Bara það að eitt fyrirtæki hafi þurft að stóla á annað varðandi mannauð eða húsnæði hefur skapað mjög mælanlegan kostnað hér á undanförnum árum,“ segir Orri. Hann ætlar að segja skilið við áttatíu fermetra skrifstofu sína og færa sig niður um hæð þar sem framkvæmdastjórn Símans starfar í opnu rými.

Aukin hagkvæmni í rekstri og einfaldara skipulag eiga að sögn Orra, ásamt öðru, að leiða fyrirtækið inn í breytta tíma.

„Fjarskiptabransinn er nú þannig að vörur sem fyrirtæki eins og Síminn hafa selt á síðustu árum, eins og mínútur, megabæt og SMS, verða ekkert alltaf til. Þó að fjarskipti séu að verða stærri partur af daglegu lífi þá eru hefðbundnar fjarskiptavörur á undanhaldi. Fjarskiptafyrirtækin munu því jafnframt færa sig meira í áttina að því að selja vörur annarra fyrirtækja í stað þess að selja eingöngu sínar eigin,“ segir Orri.

### Félagið á markað innan árs

Stefnt er að skráningu Símans í Kauphöll Íslands. Engin ákveðin dagsetning hefur enn sem komið er orðið fyrir valinu en Orri segir að stefnt sé að skráningu á markað innan árs.

„Við erum búin að fara í gegnum mikla undirbúningsvinnu sem fylgir skráningu á markað. Hins vegar erum við í þessum miklu breytingum núna og í sjálfu sér væri ágætt að vera búinn að festa þær í sessi og geta sýnt fram á raunverulegan árangur í nýju fyrirkomulagi. En ég held að fjárfestar muni nú eftir breytingarnar koma til með að skilja mun betur í hverju þeir eru að fara að fjárfesta.“

Orri segir engar líkur á því að nafni fyrirtækisins verði breytt. Síminn sé með sterkari vörumerkjum landsins og það hafi verið meðvituð ákvörðun að hafa nafnið í forgrunni þegar tilkynnt var um sameininguna.

„Þessir erfiðu tímar sem fylgdu fjármálakreppunni og þessari rosalegu skuldasöfnun samstæðunnar eru að baki. Nú eru aðrar áskoranir fram undan og þar má nefna þetta breytta viðskiptamódel sem við sjáum fram á með þeim breytingum sem því fylgja. Þannig að eitt erfiðleikatímabil er að baki en það er annað umrótaskeið fram undan.“



**FORSTJÓRI SÍMANS** Orri Hauksson er ósammála því að stofnun Skipta árið 2007 hafi verið mistök. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

NÁNAR Á UU.IS




**Grand Canyon & Las Vegas**
**10. – 24. maí 789.000 KR.-**
*Mikið innifalið*
Fimm þjóðgarðar og Las Vegas.
**Nánar um Grand Canyon og fleiri ferðir á uu.is**
ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19, KÓP. | S. 585 4000

Amnesty International lýsir þjóðernishreinsunum í Mið-Afríkulýðveldinu:

# Þúsundir múslima flýja land

**MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDIÐ, AP** Tugir þúsunda múslima hafa flúið úr landi undan ofsóknum kristinna manna í Mið-Afríkulýðveldinu.

Mannréttindasamtökin Amnesty International tala um þjóðernishreinsanir og segja átökin, sem hrakið hafa allt þetta fólk burt þrátt fyrir nærveru þúsunda friðargæslumanna, vera „harmleik af sögulegri stærðargráðu“.

Átökin hafa kostað meira en þúsund manns lífið og hrakið nærri milljón manns að heiman í þessu landi, þar sem íbúafjöldinn er 4,6 milljónir.

Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir mikla hættu á því að ofbeldið í landinu valdi því að það klofni í tvö ríki, suðurhlutinn yrði þá land kristinna en norðurhlutinn kæmi í hlut múslima.



**Á FLÓTTA UNDAN OFBELDI** Múslimar frá höfuðborginni Bangui hafa streymt burt síðustu dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við getum ekki bara haldið áfram að segja: Aldrei aftur. Þetta höfum við sagt svo oft,“ sagði Ban seint á þriðjudaginn. „Við verðum að grípa til samhæfðra aðgerða og það núna til þess að koma í veg fyrir áframhald verði á ofbeldisverkum í stórum stíl.“ - gb

Markhönnun ehf

# nettó
Kræsingar & kostakjör



KJÖTSEL

**LAMBALÆRI**
FERSKT
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 1.498~~
# 1.378,-

FRÁBÆRT VERÐ



-35%

**KJÚKLINGALEGGIR**
BBQ
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 998~~
# 649-



-31%

**BROKKOLÍÝSA**
FERSK
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 1.298~~
# 896,-



-24%

**LAMBAKÓTELETTUR**
FERSKAR
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 2.459~~
# 1.869,-




**COCA COLA**
1,5 L
**STYKKJAVERÐ**
~~ÁÐUR 229,-~~
# 199,-



-30%

FRYSTI-VARA
POKAR

BLÁBER – JARÐARBER – HINDBER – BRÓMBER – RIFSBER

**Tilboðin gilda 13. - 16. feb 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Festast í gildru á gráa svæðinu

Hópur barna sem flakka á milli meðferðarúrræða á unglingsárum er í hættu á að þróa með sér alvarlegri vanda á fullorðinsárum. Börnin eru oft með geðröskun og fíknivanda og virðast hvergi passa í samfélaginu. Félagsráðgjafi á Barnaverndarstofu vill fjárfesta til framtíðar.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Börn með hegðunarvanda, vímuefna- og fíkniefnavanda og aðra áhættuhegðun áttu hlut að tæpum 40 prósentum tilvika sem tilkynnt voru til barnaverndarnefnda á landinu á tímabilinu janúar til september árið 2013.

Fjöldi þeirra barna sem þurfa á þjónustu Barnaverndarstofu að halda sveiflast ekki mikið milli ára. Þessi hópur hefur verið og verður til í samfélaginu en þjónustan við hann hefur breyst í gegnum tíðina eftir hugmyndafræðilegum áherslubreytingum.

### Meðferð á heimavelli

Á tíunda áratug síðustu aldar voru til að mynda átta meðferðarheimili fyrir unglinga rekin á vegum Barnaverndarstofu en í dag eru þau þrjú og aðeins eru örfá pláss á hverju þeirra.

Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofu, segir nú lagða áherslu á meðferð á heimavelli, eða svokallaða fjölkerfameðferð (MST).

„Meðferðarheimilin eru þyngstu úrræðin fyrir börn með erfiðasta hegðunarvandann. Reynt er að beita MST-meðferð áður en til vistunar á meðferðarheimili kemur, en þar er lögð áhersla á stuðning við foreldra, að auka foreldrahæfni og hjálpa þeim að takast á við barnið sitt. Þannig er bætt verulega við stuðning við börn og fjölskyldur í nærsamfélaginu,“ segir Steinunn.

### Börn með fjölþættan vanda

19 börn fóru á meðferðarheimili á níu mánaða tímabili á síðasta ári. Steinunn segir dæmi um að börn í þessum hópi fari ítrekað í meðferð á vegum Barnaverndarstofu en vegna þess hve alvarlegur vandi þeirra er festist þau oft á gráu svæði og þurfi langtímaaðstoð.

„Reynslan sýnir að börn í neyslu glíma við mun alvarlegri vanda en áður. Þetta er í mörgum tilfellum börn með fjölþættan vanda, með geðröskun, fíknivanda og jafnvel þroskaskerðingu. Þann vanda ræður hvert og eitt kerfi ekki við og því þyrfti að þróa einstaklingsmiðaðri úrræði.“

Steinunn segir vanda barnanna oft þróast á verri veg og að börn í þessum hópi þurfi gjarnan búsetuúrræði sem nái fram yfir átján ára aldur. Því sé mikilvægt að sveitarfélögin, sem ber samkvæmt barnaverndarlögum að hafa tiltæk búsetuúrræði fyrir börn vegna sérstakra þarfa þeirra, hanni viðeigandi úrræði fyrir þennan tiltekna hóp. Til eru úrræði fyrir fatlaða en þau eiga ekki við þennan hóp.

### Viðvarandi vandi

„Vandi þessara barna hættir ekki þegar þau fara úr umsjá barnaverndaryfirvalda. Það getur verið flókið að koma við stuðningi við einstaklinga sem kæra sig ekki um stuðning og það er mjög erfitt ferli að fá manneskju svipta sjálfræði.



**FÉLAGSRÁÐGJAFI Á BARNAVERNDARSTOFU** Steinunn Bergmann hefur unnið í fjöldamörg ár við félagsþjónustu á Íslandi. Hún segir stefnu í barnaverndarmálum vera breytilega eftir tíðaranda en best sé að hafa úrræðin sem fjölbreytilegust og einstaklingsmiðuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Þau leiðast mögulega út í harðari neyslu og glæpi og eru þar af leiðandi í hættu á að vera inn og út úr fangelsum eða á útigangi á fullorðinsárum.**
>
> *Steinunn Bergmann*
> *félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofu*

Því er erfitt fyrir yfirvöld að bregðast við. Við þurfum að ákveða í hvernig samfélagi við viljum búa, finnst okkur í lagi að skertir og veikir einstaklingar sem kunna ekki fótum sínum forráð, skaði sig með neyslu, láti misnota sig og misbjóða sér?“ spyr Steinunn en bætir við að auðvitað snúist þetta allt um fjármagn.

### Fjárfesting til framtíðar

Steinunn segir að sértæk og einstaklingsmiðuð úrræði kosti vissulega verulega fjármuni en það sé þess virði fyrir samfélagið ef það skilar jákvæðum árangri til lengri tíma litið.

„Mörg þessara barna flakka á milli úrræða sem kosta tugi milljóna króna á ári. En ef okkur tekst að hjálpa þeim að komast til fullorðinsára og eiga möguleika á að vera virkir þátttakendur í samfélaginu, í stað þess að þau séu háð úrræðum kerfisins allt lífið, þá borgar það sig margfalt. Þannig sinnum við líka hlutverki okkar sem samfélag; að koma börnunum okkar til manns.“

### ➜ Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna áhættuhegðunar




### ➜ Umsóknir um ríkisrekna þjónustu fyrir börn með áhættuhegðun fyrstu níu mánuði ársins 2013




*Önnur úrræði sem sótt er um eru lengri vistanir á vistheimilinu Hamarskoti og fóstur, sem getur verið vegna ófullnægjandi uppeldisaðstæðna.*

### ➜ Sömu börn eru ítrekað neyðarvistuð

Á neyðarvistun Stuðla getur starfsfólk barnaverndarnefnda eða lögregla í samráði við barnaverndina vistað börn á lokaðri deild. Ástæður vistunar geta verið óupplýst afbrot unglings, ofbeldi, vímuefnaneysla eða önnur stjórnlaus hegðun. Á neyðarvistun fer fram gæsla og mat á stöðu barns. Hámarkstími vistunar er 14 dagar.

**67 EINSTAKLINGAR**
voru vistaðir **157 sinnum** á neyðarvistun Stuðla í **alls 1.148 daga.**

**HVER EINSTAKLINGUR**
kom að meðaltali í **2,3 skipti í neyðarvistun** á 9 mánuðum.

# Fíkn er ekki óþægð

Ráðgjafar hjá Foreldrahúsi trúa því að hægt sé að bjarga öllum börnum sem eiga í fíknivanda en segja sérhæfða vímuefnameðferð vanta fyrir unglinga á Íslandi.

Guðrún Björg Ágústsdóttir og Guðbjörg Erlingsdóttir vinna sem ráðgjafar í Foreldrahúsi. Þar taka þær á móti unglingum í vanda og foreldrum þeirra.

Þær segja foreldra sem eiga barn með hegðunar- og vímuefnavanda mæta litlum skilningi í samfélaginu. Í raun og veru sé það eins og að vera með langveikt barn en skilningurinn og úrræðin láti á sér standa. Foreldrar fyllist skömm og sektarkennd enda telji margir unglingavandamál vera foreldravandamál. Fíknivandi barna spyr þó ekki um stöðu foreldra.

„Það er skelfilegt að vera með 13 ára ungling sem er kominn í neyslu og foreldrar koma að öllu lokuðu. Það geta liðið margir mánuðir áður en barnið fær hjálp og neyslan getur stóraukist á þeim tíma,“ segir Guðrún.



**RÁÐGJAFAR Í FORELDRAHÚSI** Guðrún Björg Ágústsdóttir og Guðbjörg Erlingsdóttir hafa báðar áralanga reynslu í meðferðar- og ráðgjafarvinnu með börnum í fíkni- og hegðunarvanda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Vantar vímuefnameðferð

Guðrún segir foreldra kvarta yfir því hve mikið þurfi að ganga á áður en barnið fái hjálp. Hún segir að foreldrar segi MST-meðferðina aðstoða þau en margir þeirra benda á að meðferðin geri lítið fyrir unglinga sem eru komnir í neyslu.

Guðrún og Guðbjörg eru alveg samtaka þegar blaðamaður spyr hvaða úrræði vanti. „Sértæka vímuefnameðferð fyrir börn,“ segja þær. „Þau úrræði sem eru í boði miðast fyrst og fremst við hegðunarvanda en þetta eru börn sem eru háð fíkniefnum og þurfa aðstoð út úr því,“ segir Guðbjörg.

Hún bætir við að stundum gleymist að börn verði alveg jafn háð fíkniefnum og fullorðnir. „Þetta breytir hugsun þeirra, breytir persónuleikanum. Þannig verða efnið og neyslan einstakt vandamál. Það þýðir ekki bara að skammast og segja þeim að hætta að vera óþekk, þau eru háð efnum. Í meðferð þarf að eiga við fíknina og hjálpa þeim að vera edrú eftir að meðferð lýkur.“

Guðrún bendir á að bæjarleyfi barna þegar þau eru á meðferðarheimilum sýni skilningsleysið á fíkninni. „Það fyrsta sem börnin gera þegar þau koma í bæinn, í gamla umhverfið og hitta gömlu félagana, er að dópa.“

### Hægt að bjarga öllum börnum

Guðrún segir vanta skilning á unglingum á Íslandi. „Það er stundum eins og ekki sé gert ráð fyrir unglingum í okkar þjóðfélagi og sérstaklega ekki unglingunum sem eru á jaðrinum. Ef þeir hafa ekki gaman af íþróttum, eru ekki félagslega hæfir og taka ekki þátt í upplestrarkeppnum í skólanum þá er lítið fyrir þá að gera.“

Guðrún og Guðbjörg vilja sjá afþreyingu fyrir þann hóp barna sem ekki passar inn í kassann. „Það þarf að vekja áhuga þeirra á einhverju spennandi, einhverju sem þykir töff og sýnir þeim að hægt er að hafa gaman edrú,“ segir Guðbjörg.

Þær eru báðar sammála um að hægt sé að bjarga öllum börnum, með réttum úrræðum, áhuga, fjármagni og þolinmæði. „Við höfum velt fyrir okkur umræðunni um tvígreind börn og svo virðist sem öll börn í dag séu komin með greiningu,“ segir Guðrún. „Við veltum fyrir okkur hvort kerfið sé farið að virka þannig að ef barn er ekki með greiningu þá fái það ekki aðstoð. En þessi hópur barna hefur að okkar mati alltaf verið til í samfélaginu og það þarf bara að byrja að hugsa út fyrir kassann og kerfið.“

Á MORGUN Hver er upplifun foreldra og barna?



DEBENHAMS
FRI
DAY
14
Ekki gleyma
VALENTÍNUSARDEGI
Gerðu lífið skemmtilegra
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
UNDIRFÖTUM FYRIR
DÖMUR OG HERRA
Ertu í réttri stærð?
KOMDU Í FRÍA MÁTUN
20%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM ILMUM
Opið 11 - 21 í dag
Tilboðin gilda út sunnudag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**Í GUÐAKLÆÐUM Í NEPAL** Hindúar klæddu sig eins og guðinn Madhav Narajan við hátíðahöld í útjaðri borgarinnar Katmandú í Nepal. Hátíðahöldin standa í heilan mánuð. NORDICPHOTOS/AFP



**SÆRÐUR Í SUÐUR-SÚDAN** Stjórnarhermaður hvílir sig, særður eftir átök, ásamt félögum sínum á Yrol-sjúkrahúsinu í Suður-Súdan. NORDICPHOTOS/AFP



**KOMINN AFTUR HEIM TIL EL SALVADOR** José Salvador Alvarenga ræddi við blaðamenn áður en hann var fluttur á sjúkrahús, nýkominn heim eftir að hafa hrakist um á Kyrrahafinu í meira en ár. NORDICPHOTOS/AFP



**ÞÚSUNDIR GIFTA SIG Í SUÐUR-KÓREU** Svonefndir múnistar, eða liðsmenn Sameiningarkirkjunnar eins og söfnuðurinn kallar sig, halda enn þeim sið að gifta þúsundir para á einu bretti í Suður-Kóreu þótt leiðtogi þeirra sé látinn fyrir nokkru. NORDICPHOTOS/AFP

# ÁSTAND HEIMSINS





**Í SKUGGA ELDFJALLS Á INDÓNESÍU** Íbúi á Súmötru vinnur að landbúnaðarstörfum, en í bakgrunni gýs enn úr fjallinu Sinabung. Eldsumbrotin hafa í vetur kostað um 16 manns lífið og 30 þúsund hafa yfirgefið heimili sín. NORDICPHOTOS/AFP



**HANDTEKIN Á INDLANDI** Verkakona í Hyderabad var handtekin þar sem hún tók þátt í mótmælum í tengslum við verkfallsaðgerðir. NORDICPHOTOS/AFP








**STARRAR Á FLUGI Í ÍSRAEL** Sannkallað fuglager hóf sig á loft við sólarlag í Ísrael, skammt frá bænum Tidhar, þegar hópur starra var að búa sig undir nóttina. NORDICPHOTOS/AFP




RALPH LAUREN ILMDAGAR Í HAGKAUP

**20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM RALPH LAUREN ILMUM 13. – 19. FEBRÚAR.

Ilmir fyrir dömur og herra og veglegir kaupaukar*

*Meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð
















**TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM!**
Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum pökkum.

# Internet og heimasími

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild á aðeins 7.990 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

JANUAR










## Frábær íslensk dagskrá í febrúar!

**Febrúar er skemmtilegri með Stöð 2!**

Íslensk dagskrárgerð er í hávegum höfð á Stöð 2 í febrúar. Við skemmtum okkur yfir Spurningabombunni hans Loga, Spaugstofunni og Ísland Got Talent og í Geggjuðum græjum kynnumst við ótrúlegum tækjum og tölum. Bættri heilsu og betra mataræði eru svo gerð góð skil í þætti Rikku og Heilsugenginu hennar Völu Matt.

180.000 kr. sparnaður
á 36 mánuðum

# fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

# 7.990 kr. + 0 kr.

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

# Kenna ætti börnum notkun farsíma í skólunum

Reglur um notkun farsíma í skólum eru afar mismunandi. Nemendur í Fossvogsskóla mega ekki nota síma á skólatíma. Formaður Skólastjórafélagsins segir að kenna þurfi börnum á síma og að virða eðlileg samskipti.

Hver skóli setur sér reglur um farsímanotkun nemenda og eru reglurnar afar mismunandi, að því er Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands, greinir frá. Hún kveðst ekki vita hversu margir skólar banna farsímanotkun í kennslustund og/eða í frímínútum.



**SVANHILDUR M. ÓSKARSDÓTTIR**

Sjálf er hún þeirrar skoðunar að kenna eigi börnum að nota farsíma í skólanum. „Ég veit um dæmi þess að farsímar hafa stundum verið notaðir í hópvinnu. Þetta eru tæki sem hægt er að leita upplýsinga í og það þarf að kenna þeim á þau og að vinna með þau. Samtímis þurfa bæði foreldrar og kennarar að kenna börnum hvað er leyfilegt er að gera með farsímum og hvað ekki. Þau verða alltaf að virða eðlilegar samskiptareglur.“



**ÓSKAR S. EINARSSON**

Það er mat Svanhildar að í raun þurfi börn ekki að hafa farsíma í skólanum eingöngu til þess að foreldrar geti náð í þau. „Það er hægt að koma boðum til þeirra í skólann.“

Farsímanotkun er ekki leyfð á skólatíma í Fossvogsskóla, hvorki inni í kennslustundum, á göngum né úti í frímínútum. „Það er alltaf leiðinlegt að vera með boð eða bönn en við þurftum að ítreka þessar reglur okkar þar sem nemendur voru alltaf að rífa upp símana sína á skólatíma,“ segir Óskar S. Einarsson skólastjóri.

„Þetta er til þess að koma í veg fyrir að tekin verði upp hljóð eða myndir. Við hvetjum nemendur til að hafa símana lokaða niðri í tösku eða vasa,“ bætir hann við.

Að sögn Óskars er verið að reyna að finna leiðir til þess að geta nýtt farsíma frekar en hitt í skólanum. „En eins og staðan er núna er þetta ekki leyft á skólatíma.“

Ef nemandi hlýðir ekki er síminn tekinn af honum og afhentur skólastjóra sem geymir hann til loka skóladags. Þurfi foreldrar nauðsynlega að ná í nemanda á skólatíma geta þeir haft samband við skrifstofu skólans.

ibs@frettabladid.is



**MEÐ FARSÍMA** Dæmi eru um að nemendur noti farsíma til að taka upp hljóð og myndir í kennslustund og birti á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**KNÚTUR** Hvítabjörninn Knútur var vinsælt myndefni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Menningin á netinu:

## Myndir af sætum dýrum heilla alltaf

Að skoða myndir af sætum dýrum á netinu er alls ekki gagnslaus iðja. Lisa Ehlin, sænskur sérfræðingur í rafrænni menningu, segir að um hvíld sé að ræða og hlé frá upplýsingaflæðinu í svolitla stund.

Í viðtali við sænsku fréttaveituna TT segir hún að til séu rannsóknir sem sýni að heilinn bregðist við myndum af dýrum. Niðurstöður japanskrar rannsóknar hafi til dæmis leitt í ljós að myndir af krúttlegum dýrum eigi þátt í að auka einbeitinguna. Myndirnar örvi sköpunargáfuna, einkum þegar þær eru sendar áfram og endurgerðar.

Það er mat Ehlin að engar líkur séu á að fólk verði þreytt á því að horfa á myndir af dýrum. Tengslin við dýr eigi sér djúpar rætur langt aftur í tímann. - ibs


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**

til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00






**HOLLUSTA** Meiri líkur eru á að ungmenni sem borða ekki morgunmat glími við heilsuvandа síðar á ævinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Niðurstöður nýrrar sænskrar rannsóknar:

## Morgunmatur mikilvægur fyrir ungmenni

Ungmenni sem borða ekki morgunmat eða borða eingöngu sætmeti eða drekka sæta drykki á morgnana eru líklegri til að þurfa að glíma við alvarlegan heilsuvanda en þau sem borða hollt fæði á morgnana.

Niðurstöður nýrrar rannsóknar sem gerð var við Háskólann í Umeå í Svíþjóð sýna að slæmar matarvenjur á morgnana í æsku geti leitt til offitu og hjarta- og æðasjúkdóma á fullorðinsaldri.

Þótt sérfræðingar hafi lengi deilt um mikilvægi morgunmatar fyrir fullorðna, heilbrigða einstaklinga eru flestir sammála um að það sé mikilvægt fyrir börn og unglinga að borða hollan morgunmat, ekki síst með tilliti til einbeitingar og orkuþarfar.

Þátttakendur í rannsókninni í Umeå, sem hófst árið 1981, voru 889. Þegar rannsóknin hófst voru þeir 16 ára. Þeir voru kallaðir reglulega í læknisrannsókn, síðast árið 2008. - ibs

Rannsókn í Danmörku á þrifnaði karla og kvenna:

## Karlar skipta sjaldnar um undirföt

Fimmti hver Dani skiptir ekki daglega um undirföt. Niðurstöður rannsóknar sem gerð var fyrir Samsung sýna að 30 prósent karla fara ekki daglega í hrein undirföt en 11 prósent kvenna. Af þeim sem eru 18 til 55 ára skipta 16 til 17 prósent ekki daglega um undirfatnað en af þeim sem eru 56 til 80 ára eru það 35 prósent sem ekki fara í hrein undirföt á hverjum degi. - ibs



**ÓHREINN ÞVOTTUR** Karlar eru lengur í óhreinum nærbuxum en konur. NORDICPHOTOS/GETTY

# AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI




**0% vextir**
Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði!*

*3,5 % lántökugjald

# ÞVOTTADAGAR

## 20-26% afsláttur

## af öllum þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT 60260FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
*Listaverð: 135.900,-*
***Þú sparar: 36.000,-***
AEG
TILBOÐSVERÐ – **99.900,-**

**UPPÞVOTTAVÉL** FAVORIT 45010-M
12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
AEG
TILBOÐSVERÐ – **95.920,-** STÁL

**UPPÞVOTTAVÉL** ZDF2010 - W/M
12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hraðastillingar
A/A/A orkunýting
Hljóð 51db
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
ZANUSSI
TILBOÐSVERÐ – **79.900,-** HVÍT **89.990,-** STÁL

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT98699FL
**25% afsláttur**
1600 snúninga
**Taumagn 9 kg**
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
*Listaverð: 217.900,-*
***Þú sparar: 54.475,-***
AEG
TILBOÐSVERÐ – **163.425,-**

**ÞURRKARI** LAVATHERM T76280AC
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Barkalaus
Rakaskynjari
Taumagn: 8 kg
Íslensk notendahandbók
*Listaverð: 149.900,-*
***Þú sparar: 29.980,-***
AEG
TILBOÐSVERÐ – **119.920,-**

**FRÁBÆRT PAR OG MIKILL SPARNAÐUR:**

**ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI**
LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
**ÞVOTTAVÉL**
1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn 8 kg
Íslensk notendahandbók
*Listaverð á PARINU: 329.800,-*
***Þú sparar: 65.960,-***
AEG
TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **263.840,-**



## – og gerðu frábær kaup!

***Athugið! ... Bjóðum einnig:***
**AEG ryksugur með 20% afslætti**

# ORMSSON

**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**og laugardaga frá kl. 11-15**

**LÁGMÚLA 8 • REYKJAVÍK • SÍMI 530 2800 • ORMSSON.IS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

Ákvörðun um Lyfju staðfest:

## Sektuð fyrir auglýsingar

Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur staðfest ákvörðun Neytendastofu um að banna Lyfju að birta verðmæti kaupauka með vörum í auglýsingum fyrirtækisins þegar kaupaukinn samanstendur af vörum sem hafa aldrei verið boðnar til sölu í umræddri magnstærð.

Nefndin staðfesti einnig 250 þúsund króna stjórnvaldssekt Neytendastofu á Lyfju fyrir að birta auglýsingarnar. Lyfja hafði áður kært sektarákvörðunina til áfrýjunarnefndarinnar. - hg

**NEYTANDINN** **Valgerður Gunnarsdóttir**

## Gleðin býr í sumarbústaðnum

Valgerður Gunnarsdóttir, skólameistari og þingmaður, segir án þess að hugsa sig lengi um að hennar „bestu kaup“ hafi hún gert fyrir tveimur áratugum þegar hún og eiginmaður hennar ákváðu að byggja sér sumarbústað norður í landi.

„Bústaðurinn hefur gefið okkur mikla gleði og ánægju. Þar höfum við átt margar ánægjustundir með fjölskyldu og vinum.“

Valgerður segir að það sameini fjölskylduna að eiga slíkt athvarf. Það sé afar gaman að gera sér lítið hreiður smátt og smátt þar sem öllum líði vel.

„Við erum í bústaðnum í sex vikur á hverju sumri. Utanlandsferðir heyra nánast orðið sögunni til. Sumarbústaðurinn kemur í staðinn fyrir útlönd,“ segir hún.

Valgerður segist hafa gert sín verstu kaup á útsölum. „Ég man til dæmis eftir því að hafa verið stödd hér í bæ að sumarlagi fyrir nokkrum árum og farið á útsölur.“

Valgerður fjárfesti í hvítum buxum, pilsi og topp. „Ég ætlaði að vera ægilega sumarleg,“ segir hún og hlær. „Ég sem geng yfirleitt alltaf í svörtum fötum. Niðurstaðan er sú að ég held að ég hafi farið einu sinni í hverja þessara hvítu flíka. Þetta voru klárlega vond kaup,“ segir Valgerður. - jme



VALGERÐUR GUNNARSDÓTTIR

> Við erum í bústaðnum í sex vikur á hverju sumri. Utanlandsferðir heyra nánast orðið sögunni til. Sumarbústaðurinn kemur í staðinn fyrir útlönd.



**Í BLÁFJÖLLUM** Skíðagleraugu eru misjöfn að gæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Könnun á skíðagleraugum:

## Mátið gleraugun með hjálminn á

Þrenn skíðagleraugu báru af í könnun norskra skíðakennara í Ósló, það er Goggle Scott Mia ACS, sem þóttu best, Oakley Canopy sem voru í öðru sæti, og Kask Mask 3 Zebra sem voru í þriðja sæti.

Mælt er með því að þeir sem eiga hjálm taki hann með sér í verslunina þegar skíðagleraugu eru mátuð þar sem misjafnt er hversu vel gleraugu passa við hina ýmsu hjálma.

Bent er á að mikilvægt sé að gleraugun sitji þétt að húðinni án þess að það sé óþægilegt. Forðast á að þurrka vatnsdropa utan á gleraugunum. Mörg gleraugu er meðhöndluð með sérstöku efni sem á að koma í veg fyrir móðu og með því að þurrka af þeim getur vörnin horfið. Jafnframt er mælt með því að hrista gleraugun komist snjór inn í þau í stað þess að þurrka snjóinn af. - ibs



**ÁBÓTAVANT** Verðmerkingum á húsgögnum var ábótavant í fimm verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Húsgagnaverslanir:

## Verðmerkingar í lagi hjá 79%

Af þeim 29 húsgagnaverslunum á höfuðborgarsvæðinu sem Neytendastofa heimsótti voru 23 með verðmerkingar í lagi eða 79 prósent. Könnunin var gerð 27. janúar til 4. febrúar.

Í fimm verslunum var verðmerkingum á húsgögnum ábótavant. Verðmerkingar á smávöru vantaði aðeins hjá einni verslun.

Greint er frá því á vef Neytendastofu að skoðuninni verði fylgt eftir með annarri heimsókn í þær verslanir þar sem merkingum var ábótavant. Neytendastofa stendur um þessar mundir í átaki og verður því farið í eftirlitsferðir í verslanir og til þjónustuaðila á ýmsum sviðum. Neytendur eru hvattir til að vera á verði og koma ábendingum til stofnunarinnar á slóðinni neytendastofa.is. - ibs

# Læknisheimsókn orðin enn dýrari en hún var í fyrra

Samkvæmt vísitölumælingum Hagstofu Íslands hækkaði verð á heilbriðisþjónustu um fimm prósent í janúar. Framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands segir að hækkanirnar komi illa við öryrkja og lágtekjuhópa. Heilbrigðisþjónusta sé dýr. Á vef Alþýðusambandsins er hægt að sjá yfirlit yfir þá þætti sem hækkuðu í janúar.

**NEYTENDUR** Bætur til öryrkja og lífeyrisþega hækkuðu um 3,6 prósent um áramót og margir launþegar fengu 2,8 prósenta launahækkun frá sama tíma. Um leið og þessar hækkanir komu til framkvæmda hækkaði heilbrigðisþjónusta í landinu um 5 prósent eða nokkuð umfram hækkanir á launum og bótum. Hækkun á heilbrigðisþjónustu er meðal annars skýrð með hækkun gjaldskrár sjúkratrygginga fyrir lækna og sjúkraþjálfara, að því er fram kemur á heimasíðu Alþýðusambands Íslands, auk minni niðurgreiðslu vegna ýmissa hjálpartækja fyrir fatlaða, sjúka og aldraða sem tóku gildi um áramót.



LILJA ÞORGEIRSDÓTTIR

„Heilbrigðisþjónusta hefur hækkað mikið síðustu misseri og enn er verið að bæta í. Þessar hækkanir bitna illa á lágtekjuhópum, þar á meðal öryrkjum og lífeyrisþegum,“ segir Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdjóri Öryrkjabandalags Íslands.

Hún segir að sú hækkun sem varð á bótum um áramót hafi hvergi nægt til að bæta skerðingar sem orðið hafa á bótum síðustu misseri. Nýlegar rannsóknir Félagsvísindastofnunar hafa sýnt fram á að allt að þriðjungur Íslendinga frestaði því í fyrra að sækja sér nauðsynlega læknisþjónustu en öryrkjar og lágtekjufólk er enn líklegra til að fresta læknisheimsóknum.

„Það er allt að hækka, heilbrigðisþjónusta, húsaleiga, afborgarnir af lánum. Ég er hrædd um að fólk fresti því að fara til læknis vegna kostnaðar en til lengri tíma litið getur það haft aukinn kostnað í för með sér bæði fyrir þjóðfélagið og sjúklingana,“ segir Lilja.

Alþýðusamband Íslands hefur tekið saman yfirlit yfir heilbrigðisþjónustu sem hækkaði í janúar. Hægt er að sjá yfirlitið á heimasíðu samtakanna. Þar kemur fram að komugjöld á heilsugæslustöðvar hækkuðu um 200 krónur um áramót, úr 1.000 í 1.200 krónur. Utan dagvinnutíma hækka komugjöldin um 500 krónur, úr 2.600 í 3.100. Komugjöld öryrkja og aldraðra hækkuðu um 100 krónur, úr 500 í 600, en gjald utan dagvinnutíma hækkaði um 200, úr 1.300 í 1.500 hundruð krónur.

Það kostaði 4.500 krónur að fara til sérfræðings fyrir áramót en kostar nú 5.000 krónur auk 40 prósenta af umframkostnaði. Aldraðir og öryrkjar greiða 1.800 í stað 1.600 og 13,3 prósent af umframkostnaði.

Árleg upphæð, sem greiða þarf fyrir heilbrigðisþjónustu áður en gefið er út afsláttarkort, hækkaði um 4 prósent um áramót. Afsláttarkort til þeirra sem eru á aldrinum 18 til 66 ára er nú gefið út þegar greiddar hafa verið 32.300 krónur í lækniskostnað. Hjá öryrkjum og ellilífeyrisþegum nemur þessi upphæð 8.100 krónum og hjá börnum 9.800 krónum.

johanna @fettabladid.is



**KOSTAR MEIRA** Öryrkjabandalagið og ASÍ hafa hvort í sínu lagi tekið saman lista yfir þá þætti heilbrigðisþjónustunnar sem hækkuðu um áramót. Heilbrigðisþjónusta hefur hækkað meira en bætur og flestir launataxtar.

### HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA HÆKKAR Í VERÐI

- → Heilbrigðisþjónusta hækkar um **5%**
- → Komugjald á heilsugæslustöðvar **20%**
- → Komugjöld til sérfræðinga **19%**
- → Komugjöld á slysa- og bráðamóttökur **6%**
- → Krabbameinsleit **5-6%**
- → Kransæða- og hjartaþræðing **6%**
- → Legstrok **5%**
- → Lyfjaleit í þvagi **4%**



Kvartanir til Evrópsku neytendaaðstoðarinnar vegna kortasvindls verslana:

## Svindlað á Norðmönnum á Gran Canaria

Svindlað hefur verið á 15 Norðmönnum í svokölluðum basarbúðum í Puerto Rico og Puerto de Mogan á Gran Canaria að undanförnu auk þess sem reynt hefur verið að svindla á fleirum. Norðmennirnir hafa verið gabbaðir til þess að greiða alltof hátt verð fyrir einfaldar myndavélar og lesbretti. Evrópska neytendaaðstoðin hefur staðfest vandamálið samkvæmt fréttum norskra fjölmiðla. Aðeins nokkrir Norðmannanna hafa fengið endurgreitt.

Haft er eftir Norðmanninum Åsmund Johannes að starfsmenn minjagripa- og raftækjaverslunar hafi beinlínis togað hann inn af götunni til þess að sýna honum vörur þótt hann lýsti því yfir að hann hefði engan áhuga. Hann lét að lokum tilleiðast að greiða 40 evrur fyrir einfalda vídeómyndavél og sjónauka. Hann var hins vegar rukkaður um tífalda þá upphæð á krítarkortinu. Að sögn ferðamannsins hafði afgreiðslumaður haldi fingri yfir upphæðinni þegar hann skrifaði undir kvittunina.

Í fyrstu hugðist hann kæra atvikið til lögreglu en fór í staðinn aftur í verslunina með túlki og krafðist þess að fá endurgreiddan mismuninn. Hann hafði myndavélina með sér. Eftir mikið þras fékk hann 170 evrur endurgreiddar en hann var ekki ánægður með þau málalok. Málið leystist þegar honum var boðið Samsung-lesbretti í kassa sem ekki hafði verið opnaður gegn því að greiða á milli. - ibs



**SÓLARFERÐ** Verslunareigendur á Gran Canaria hafa svindlað á ferðamönnum.




# HUGGULEGT HEIMA

99.900

**DAYS SVEFNSÓFI**
150x227 cm / svartur og grár
horn til hægri og vinstri

3 fyrir 2



**PÚÐAR** frá **1.990**




**SKILTI** frá **990**

Skartgripaskrín frá **1.990**



Kertastjakar **990**



Speglar **3.990**



Servíettuhringir 4 stk. saman **2.590**



Tevörur frá **1.990**



Baðvörur frá **990**



Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

DOBÍA

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Seðlabankinn spáir auknum verðbólguþrýstingi:

# Spáir 3,7% hagvexti



**MÁR GUÐMUNDSSON**

Seðlabanki Íslands gerir ráð fyrir 3,7 prósenta hagvexti á næsta ári og þriggja prósenta hagvexti árið 2016. Gangi spáin eftir verður hagvöxtur að meðaltali um 3,1 prósent á ári á spátímanum sem er meiri vöxtur en að meðaltali undanfarin þrjátíu ár og töluvert meiri vöxtur en spáð er í helstu viðskiptalöndum Íslands. Frá þessu er greint í Peningamálum Seðlabanka Íslands sem bankinn birti á heimasíðu sinni í gær.

Þar segir að alþjóðlegar hagvaxtarhorfur hafi skánað frá útgáfu Peningamála í nóvember þótt óvissa sé áfram mikil.

Bankinn fjallar einnig um líklegar afleiðingar skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar sem fjármagna á með sérstökum bankaskatti á fjármálafyrirtæki og bú fallinna fjármálafyrirtækja. Á meðal afleiðinga leiðréttingarinnar nefnir bankinn aukinn innlendan verðbólguþrýsting.

„Áhrifin á verðbólgu eru meiri en ella þar sem aðgerðin kemur til framkvæmda þegar slakinn er nánast horfinn úr þjóðarbúinu og þá er meiri hætta á að aukin efnahagsumsvif komi í meiri mæli fram í verðbólgu.“

Seðlabankinn telur að verðbólguáhrifin verði meiri en ella þar sem skuldaleiðréttingunni fylgi aukinn þrýstingur á gengi krónunnar.

„Þessu til viðbótar hækkar launakostnaður á framleidda einingu sem leiðir til aukinnar verðbólgu að óbreyttu,“ segir í Peningamálum Seðlabankans. **- hg**

Undirrituðu samkomulag vegna kísilvers á Bakka:

# Sömdu um orkuna

Landsnet hefur undirritað samkomulag um raforkuflutninga við PCC BakkiSilicon hf., dótturfyrirtæki þýska félagsins PCC SE, sem hyggst byggja kísilver á Bakka við Húsavík. Um er að ræða fyrsta samninginn sem Landsnet gerir vegna fyrirhugaðrar iðnaðaruppbyggingar á Bakka. Samkomulagið miðast við að starfsemin hefjist árið 2017 og aflþörf fyrsta áfanga verksmiðjunnar er 52 megavött.

Áætlaður kostnaður við tengingu iðnaðarsvæðisins á Bakka við meginflutningskerfi Landsnets með 220 kílóvoltaháspennulínu hljóðar upp á tæpa fimm milljarða króna, samkvæmt tilkynningu Landsnets.

Áætluð framleiðslugeta kísilversins er 32 þúsund tonn af kísilmálmi á ári, með möguleika á stækkun upp í 64 þúsund. Samkomulagið miðast við að orkuafhending hefjist í mars 2017 og starfsemin verði komin á fullt skrið þremur mánuðum síðar. **- skó**


**Bláskógabyggð**

## Álagning fasteignagjalda 2014

**Upphafsálagningu fasteignagjalda í Bláskógabyggð er nú lokið fyrir árið 2014.**

Sveitarfélagið Bláskógabyggð hefur lokið upphafsálagningu vegna ársins 2014. Álagningaseðlar 2014 verða ekki sendir út, en hægt er að nálgast þá á www.island.is undir „Mínar síður“. Innskráning á síðuna er með veflykli ríkisskattsstjóra, íslykli eða með rafrænum skilríkjum. Eins má nálgast upplýsingar um álagninguna undir bæjardyr á heimasíðu Bláskógabyggðar, blaskogabyggd.is , en þar er farið inn á mínar síður með sama hætti og á www.island.is. Forsendur álagningarinnar er einnig að finna inni á heimasíðu Bláskógabyggðar, blaskogabyggd.is .

Greiðsluseðlar verða ekki sendir út nema þess sé sérstaklega óskað, en kröfur vegna fasteignagjalda koma inná heimabanka viðkomandi gjaldanda og birtast þar, sem og undir bæjardyr á heimasíðu Bláskógabyggðar.

Þeim, sem óska eftir að fá heimsendan greiðsluseðil, er bent á að hafa samband við skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000 ( mánudaga – fimmtudaga frá kl. 9.00 – 12.00 og 13.00 – 15.00, en föstudaga frá 9.00 – 12.00), eða á netfangið gudny@blaskogabyggd.is

Allar nánari upplýsingar um álagningu gjalda 2014 eru veittar á skrifstofu Bláskógabyggðar.

***Bláskógabyggð***




**ÞÉTT SETIÐ** Uppselt var á Viðskiptaþing Viðskiptaráðs Íslands í gær í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sigmundur harðorður við atvinnurekendur

Forsætisráðherra skaut föstum skotum að forsvarsmönnum samtaka atvinnurekenda og fleirum í ræðu sinni á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs á Hótel Nordica í gær. Aðrir ræðumenn kölluðu eftir skýrri stefnu stjórnvalda í alþjóðaviðskiptum.

„Ég er þó ekki hingað kominn til að segja ykkur bara það sem þið viljið heyra,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í upphafi ræðu sinnar á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands í gær. Þingið bar yfirskriftina „Uppbygging alþjóðageirans á Íslandi“.

Þingið hófst á ávarpi frá Hreggviði Jónssyni, formanni Viðskiptaráðs, sem kallaði eftir stefnu stjórnvalda í peningamálum, eftir að lokað var á aðildarviðræður Íslands við ESB, og sagði stöðu þeirra stærstu einstöku hindrun uppbyggingar alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi.

Sven Smit, frá ráðgjafarfyrirtækinu McKinsey & Company, ávarpaði einnig þingið. Hann sagði mikilvægt að íslensk stjórnvöld ákvæðu í hvaða átt þjóðin stefndi við uppbyggingu alþjóðageirans. Hann sagði að auka þyrfti framleiðni og útflutning og fjölga þyrfti störfum í alþjóðlegum rekstri á næstu 20 árum til að Ísland gæti verið samkeppnishæft.

Forsætisráðherra tók síðan til máls og lét forsvarsmenn ýmissa samtaka og stofnana heyra það. Hann sagði meðal annars að það væri gagnlegt fyrir þá að nálgast stjórnvöld á uppbyggilegan hátt. „Dæmi eru um að þeir [forvígismenn atvinnurekenda] telji best að gera það með því að skipa sér á bekk með nokkrum pólitískum krossförum úr háskólasamfélaginu eða líkja eftir orðræðu internetsins,“ sagði Sigmundur.

Hann skammaði Samtök atvinnulífsins fyrir að snúa út úr orðum hans nýverið um erlenda fjárfestingu þar sem hann líkti henni við lántöku, sem hann sagði tóma vitleysu. Hann lagði til að þau legðu fram hugmyndir og uppbyggilegar ábendingar ellegar spara félagsmönnum samtakanna framlögin og setja á fót bloggsíðu.

Sigmundur hnýtti einnig í lífeyrissjóðina sem hann sagði eiga að láta til sín taka á sviði nýsköpunar en sagðist þó hafa efasemdir um yfirráð þeirra yfir atvinnulífi í landinu, þeir stofnuðu sérstök fyrirtæki til að taka stórar stöður í öðrum fyrirtækjum. „Forsvarsmenn atvinnulífsins sem jafnframt ráða stjórnum lífeyrissjóða hljóta að spyrja sig hvort sú gerð af kapítalisma sé það sem best henti til að byggja upp framsækið atvinnulíf.“

Þá gagnrýndi Sigmundur bæði Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu fyrir að standa reglulega fyrir átaki til að hvetja fólk til að kaupa íslenskt en ráðast síðan reglulega í herferðir gegn innlendum framleiðendum, einkum matvælaframleiðendum, fyrir að vinna að eflingu innlendrar framleiðslu. „Það er hætta á að það líti út eins og tvískinnungsháttur ef samtök leggjast gegn því að fólk geti pantað póstsendingar frá útlöndum fyrir allt að 2.000 krónur án þess að greiða aðflutningsgjöld en berjast á sama tíma með öllum tiltækum ráðum gegn því að íslenskir bændur njóti sömu heimamarkaðsverndar og í viðskiptalöndum okkar,“ sagði hann.

Sigmundur lauk ræðu sinni á því að taka það skýrt fram að Ísland væri ekki á leið inn í Evrópusambandið.

Auk þess tóku til máls Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, og Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel. **fanney@frettabladid.is**

## Gagnrýnin kemur SA nokkuð á óvart



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**

„Gagnrýni forsætisráðherra í garð samtakanna kemur nokkuð á óvart enda hafa samtökin átt ágætt samstarf við þessa ríkisstjórn til þessa,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Það er hins vegar ekkert óeðlilegt við það að menn skiptist á skoðunum. Þó svo okkur geti greint á um einstök atriði í stefnu stjórnvalda skiptir mestu máli að við séum í sameiningu, atvinnulíf og stjórnvöld, að leita leiða til að bæta hér rekstrargrundvöll fyrirtækjanna í landinu og stuðla þannig að betri lífskjörum. Þar sé ég ekki betur en að forsætisráðherra sé fyllilega sammála okkur enda lagði hann mikla áherslu á það í ræðu sinni að stjórnvöld vildu vinna með atvinnulífinu að því að auka verðmætasköpun hér á landi. Það er það sem máli skiptir,“ segir Þorsteinn.

## Samtök verslunar og þjónustu aldrei beðið um tollvernd



**MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR**

„Núverandi forsætisráðherra hefur gefið sig út fyrir að vera mjög umhugað um hag íslenskra heimila og barðist í kosningabaráttunni fyrir skuldaniðurfellingu þeirra. Því kemur það nokkuð á óvart að þessi sami forsætisráðherra skuli ekki gera sér grein fyrir því að hagur íslenskra heimila er ekki síst falinn í því að lækka matarreikning þeirra. Hann vegur gríðarlega þungt hjá mörgum og það er mjög auðvelt að lækka hann,“ segir Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verslunar og þjónustu.

„Það getum við til dæmis gert með því að bjóða neytendum upp á að velja milli frosinnar erlendrar kjúklingabringu og ferskrar íslenskrar og þar væri verðmunurinn um 40 prósent. Þá getur neytandinn valið hvort hann vill. Þetta er bara eitt af því sem verslunin getur boðið íslenskum heimilum upp á ef það verður létt á tollverndinni sem landbúnaðurinn býr við. En verslunin styður hefðbundinn íslenskan landbúnað en lítur ekki á framleiðslu á hvíta kjötinu sem landbúnað, heldur sem iðnaðarframleiðslu,“ segir Margrét. „Síðan var það misskilningur hjá forsætisráðherra að íslensk verslun hefði beðið um tollvernd, íslensk verslun hefur og mun aldrei biðja um tollvernd. Eina sem hún hefur farið fram á er að sitja við sama borð og aðrir. Það er ekki sanngjarnt að einstaklingur geti pantað til landsins vörur án tolla, vörugjalda og virðisaukaskatts, en hið opinbera rukki á sama tíma verslunina um öll þessi opinberu gjöld,“ segir Margrét að lokum.

# Ástin mín-í

## Valentínusartilboð



## iPad mini 16GB

Smellpassar í lófann

**Verð: 48.990.-***

Listaverð: 54.990.-

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gildir til 16. febrúar 2014

Næmni forsætisráðherra á þarfir atvinnulífsins:

# Við erum í ykkar liði – vitleysingar

Klappað var í salnum á Viðskiptaþingi í gær þegar Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, ítrekaði þá afstöðu ráðsins að ljúka hefði átt aðildarviðræðunum við Evrópusambandið og halda þannig opnum möguleika Íslands á að taka upp evruna tvíhliða.

Umræðuefnið á þinginu var uppbygging alþjóðageirans á Íslandi og hvernig alþjóðleg atvinnustarfsemi er lykillinn að batnandi lífskjörum í framtíðinni. Formaður Viðskiptaráðs fjallaði eðlilega um þann meginvanda alþjóðlegrar atvinnustarfsemi á Íslandi að búa ekki við alþjóðlega gjaldgenga mynt. „Staða peningamála er stærsta einstaka hindrun uppbyggingar alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi," sagði hann og spáði því að jafnvel þótt gjaldeyrishöftin yrðu afnumin í náinni framtíð – sem er bjartsýni – myndi slík starfsemi áfram eiga erfitt uppdráttar af því að traustið á gjaldmiðlinum vantaði. Hreggviður kallaði eftir því að ríkisstjórnin gæfi skýrari svör um framtíðarstefnu sína í peningamálum eftir að aðildarviðræðurnar við ESB voru stöðvaðar.




**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Þeir sem bjuggust við að fá þau svör í ræðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra á Viðskiptaþinginu urðu fyrir vonbrigðum. Ráðherrann varði drjúgum hluta ræðu sinnar í kvartanir og skammir. Hann kvartaði sáran undan því að forystumenn atvinnulífsins gagnrýndu hann að ósekju og áttuðu sig ekki á að ólíkt síðustu ríkisstjórn væri þessi samherji þeirra og skildi þarfir atvinnulífsins. Hann kvartaði líka yfir því að menn hefðu misskilið hann þegar hann líkti erlendri fjárfestingu við erlenda lántöku; það hefði verið „tóm vitleysa" – eins og svo mörg önnur gagnrýni á forsætisráðherrann. Svo skammaði hann forystumenn atvinnulífsins fyrir afstöðu þeirra í Icesave-málinu, verzlunina í landinu fyrir að gagnrýna landbúnaðarkerfið og Seðlabankann fyrir að gera greiningu á efnahagsáhrifum skuldaniðurfellinga ríkisstjórnarinnar. Sigmundi Davíð fannst vanta verulega upp á að atvinnulífið nálgaðist stjórnvöld með uppbyggilegum hætti. Annaðhvort ættu menn að vinna með stjórnvöldum eða stofna bloggsíðu, sagði hann.

En vill ríkisstjórnin vinna með atvinnulífinu með uppbyggilegum hætti? Jú, svo allrar sanngirni sé gætt örlaði á slíkum tóni í ræðu ráðherrans. Hann sagði að stjórnin vildi einfalda regluverk, ýta undir bæði innlenda og erlenda fjárfestingu og leyfa lífeyrissjóðunum að taka þátt í áhættufjárfestingum í þágu nýsköpunar.

Svörin um það hvert væri plan ríkisstjórnarinnar í peningamálum til lengri tíma komu hins vegar ekki. Og Sigmundi Davíð fannst fáránlegt að ætlast til þess af ríkisstjórninni að hún kláraði aðildarviðræður við ESB, þegar hún væri þeim alfarið andvíg. Kannski er það jafnvitlaust og þegar forsvarsmenn atvinnulífsins ætluðust til þess af síðustu ríkisstjórn að hún greiddi götu frjálsra viðskipta – áttu þeir ekki að vita að hún var á móti svoleiðis?

Boðskapur ráðherrans var í hnotskurn þessi: Við hlustum ekki á mikið af því sem þið segið, enda vitum við betur. En þið getið ekki verið svo vitlaus að skilja ekki að við erum með ykkur í liði.

Þeir sem reka fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni hljóta að klappa duglega fyrir því.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hlutverk Seðlabankans

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fór mikinn á Viðskiptaþingi í gær. Þar skaut hann skotum í allar áttir, meðal annars að Seðlabankanum. Hann spurði sig hvers vegna bankinn legði vinnu í greiningu á áhrifum skuldaleiðréttingarinnar en ríkisstjórnin biði enn eftir greiningu á greiðslujöfnuði Íslands. Einkennilegt. Már Guðmundsson seðlabankastjóri sat fremst í salnum en gafst ekki tækifæri til að svara spurningum forsætisráðherra. Gera má ráð fyrir því að svar Más hefði mögulega innihaldið eitthvað á þá leið að lög um Seðlabankann segja að meginhlutverk hans sé að stuðla að stöðugu verðlagi og lýsa yfir markmiði um verðbólgu. Peningastefnunefndin komst einmitt að þeirri niðurstöðu að skuldaleiðréttingin muni hafa umtalsverð áhrif til hækkunar á verðbólgu. En það er kannski ekkert sem Seðlabankinn á að hafa áhyggjur af í huga forsætisráðherra.

### Enginn vafi



Forsætisráðherra tók nokkurn veginn allan vafa af um það hvort ríkisstjórnin hygðist leggja aðildarumsókn Íslands í Evrópusambandið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann tók það skýrt fram í ræðu sinni að Ísland væri ekki á leið í Evrópusambandið. Sigmundur velti fyrir sér hvort íslenskum atvinnurekendum dytti það til hugar að það væri æskileg eða yfir höfuð framkvæmanleg utanríkisstefna fyrir Ísland að ríkisstjórn sem er alfarið andvíg aðild að ESB standi í viðræðum við sambandið með það að markmiði að koma landinu þar inn. Hvort hún ætti að undirrita samning um aðild Íslands að ESB við hátíðlega athöfn í Brussel og láta klingja í kampavínsglösum en lýsa því síðan strax yfir að hún ætli að berjast gegn því sem hún var að undirrita. Hann velti því fyrir sér hvort fólki dytti í hug að ábyrg ríkisstjórn myndi fara með land sitt í slíka vegferð. Þá vitum við það.




fanney@frettabladid.is


## HALLDÓR




# Karlar geta allt!

SAMFÉLAG




**Eygló Harðardóttir**

félags- og húsnæðismálaráðherra


Hefur ljósfaðir tekið á móti barninu þínu? Hversu líklegt er að karl taki á móti barninu þínu í leikskólanum? Eða í grunnskólanum?

Ekki sérlega líklegt, segja tölurnar okkur. Íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur og endurspegla tölur frá menntastofnunum á framhalds- og háskólastigi kynbundið námsval ungmenna. Enginn karl hefur útskrifast með menntun ljósmóður á Íslandi. Aðeins 2% félagsmanna í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eru karlar, 12% starfandi félagsráðgjafa og hlutfall karla af heildarfjölda nemenda í kennaradeild menntavísindasviðs HÍ er innan við 20%.

Í störfum kennara, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga er þjónusta við almenning ríkur þáttur starfsins og snertir því stráka og stelpur, karla og konur. Því er mikilvægt að þjónustan taki mið af báðum kynjum og starfsumhverfið sé aðlaðandi vettvangur fyrir einstaklinga óháð kyni. Ástæður fyrir námsvali ungmenna eru vísast jafn ólíkar og þær eru margar. Staðalmyndir um það hvað sé æskilegt starfsval fyrir konur og karla virðast hins vegar enn vera ráðandi og sýna tölurnar að karlar eiga enn langt í land hvað varðar jafna þátttöku á við konur í umönnunar- og kennslustörfum.

**➜ Brjótum upp hinn kynbundna vinnumarkað og sýnum að karlar geta allt!**

Rannsóknir sýna að þegar annað kynið er í miklum meirihluta í ákveðinni stétt er eins og varnargarðar hafi verið reistir utan um viðkomandi stétt sem virkar hamlandi á hitt kynið. Þannig verður það nær ófyrirstíganlegt fyrir einstakling af hinu kyninu að velja sér það nám og starf sem hugur þeirra og hæfileikar standa til. Einstaklingarnir fá ekki að njóta sín og samfélagið líður fyrir.

Eitt verkefna aðgerðahóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti er að stuðla að aðgerðum sem draga úr kynjaskiptingu starfa. Engin ein aðgerð er talin líklegri til að minnka launamun karla og kvenna en uppbrot hins kynskipta vinnumarkaðar. Það staðfesta bæði innlendar og erlendar rannsóknir. Aðgerðahópurinn efnir því til opins umræðufundar þar sem rætt verður um mögulegar leiðir til að fjölga körlum í umönnunar- og kennslustörfum á Grand Hóteli Reykjavík, 13. febrúar.

Brjótum upp hinn kynbundna vinnumarkað og sýnum að karlar geta allt!


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Samkeppni í millilandaflugi

FLUG



**Hörður Felix Harðarson**
hæstaréttarlögmaður

Málefni flugfélagsins WOW air hafa verið talsvert til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanförnu. Þá umfjöllun er að rekja til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins frá 1. nóvember á síðastliðnu ári þar sem komist var að þeirri niðurstöðu, að lokinni ítarlegri rannsókn, að fyrirkomulag við úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli hefði skaðleg áhrif á samkeppni. Af þeim sökum var tilteknum fyrirmælum beint til Isavia ohf. sem var ætlað að tryggja WOW air afgreiðslutíma sem gerðu flugfélaginu kleift að hefja flug til og frá Norður-Ameríku nú í vor.

Isavia ohf. kærði ákvörðunina til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og það sama gerði Icelandair. Áfrýjunarnefndin hefur ekki kveðið upp úrskurð sinn í málinu en hins vegar féllst nefndin á kröfur kærenda um að fresta réttaráhrifum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins. Í kjölfar þeirrar ákvörðunar tilkynnti WOW air að félagið væri hætt við fyrirhugað flug til Norður-Ameríku þar sem félagið hefði ekki fengið nauðsynlega brottfarartíma.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er rakið að flugfélagið Icelandair sé nú með um 85-90% allra þeirra afgreiðslutíma að morgni og síðdegis sem hvað mesta þýðingu hafi við uppbyggingu leiðakerfis í flugi til og frá Íslandi. Rannsókn eftirlitsins hafi auk þess leitt í ljós að Icelandair gangi fyrir við úthlutun nýrra afgreiðslutíma og því séu möguleikar WOW air á að fá úthlutað fullnægjandi afgreiðslutímum „vart fyrir hendi“. Þá má geta þess að Samkeppniseftirlitið beindi þeim tilmælum til Isavia ohf. á árinu 2008 að taka umrætt fyrirkomulag við úthlutun afgreiðslutíma „þegar í stað“ til endurskoðunar, án þess að séð verði að við því hafi verið brugðist með nokkrum hætti.

### Viðbrögð ríkisfyrirtækisins

Það vekur athygli hver viðbrögð ríkisfyrirtækisins Isavia ohf. hafa verið í umræddu máli. Hefur fyrirtækið andmælt afstöðu Samkeppniseftirlitsins, auk þess sem því hefur verið haldið fram að íslensk samkeppnisyfirvöld hafi enga lögsögu í málinu. Úthlutun afgreiðslutíma fari eftir reglugerð um þetta efni nr. 1050/2008. Um sé að ræða samræmdar evrópskar reglur og óháður aðili, svokallaður samræmingarstjóri, annist úthlutun afgreiðslutíma eftir þeim reglum. Samræmingarstjórinn, Frank Holton, fylgdi þessum sjónarmiðum Isavia ohf. eftir með yfirlýsingum um að Íslendingar væru búnir að framselja allt vald í þessum efnum til hans og því hefði Samkeppniseftirlitið engar heimildir haft til að skipta sér af málinu. Þá mun samræmingarstjórinn hafa lýst því yfir á fundum með Samkeppniseftirlitinu að samkeppnissjónarmið kæmu ekki til skoðunar við úthlutun afgreiðslutíma.

### Skýr heimild

Í samkeppnislögum er að finna skýra heimild Samkeppniseftirlitsins til að grípa til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila „að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni“. Þess finnast dæmi að tiltekin starfsemi sé undanþegin ákvæðum samkeppnislaga en það verður þá eðli málsins samkvæmt einungis gert með lögum. Reglugerð ráðherra um úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli gengur ekki framar samkeppnislögum. Þá er ástæða til að geta þess hér að í umræddri reglugerð er raunar sérstaklega tiltekið að efni hennar hafi ekki áhrif á „vald opinberra yfirvalda til að krefjast færslu afgreiðslutíma milli flugrekenda og til að stjórna hvernig þeim er úthlutað í samræmi við innlend samkeppnislög eða 52. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið“. Sú framsetning er í samræmi við evrópskar reglur um sama efni, þ.e. að þar er einnig gert ráð fyrir því að innlend samkeppnisyfirvöld geti á grundvelli samkeppnissjónarmiða hlutast til um úthlutun afgreiðslutíma.

### Áhyggjuefni

Sú staða sem hér er uppi hlýtur að valda nokkrum áhyggjum. Ríkisfyrirtækið Isavia ohf. vísar til þess að vald til úthlutunar á afgreiðslutímum hafi verið framselt til samræmingarstjóra. Isavia ohf. fer með framkvæmdastjórn Keflavíkurflugvallar og er sá aðili sem heldur utan um starfsemi samræmingarstjóra og samræmingarnefndar. Starfsemi samræmingarstjórans er samkvæmt því sem fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins reist á samningi hans við Keflavíkurflugvöll frá árinu 2007. Verður því ekki annað séð en að fyrirmælum Samkeppniseftirlitsins hafi verið réttilega beint til Isavia ohf. Viðbrögð Isavia ohf. og samræmingarstjórans við fyrirmælum Samkeppniseftirlitsins hljóta að vera áhyggjuefni enda afar mikilvægt að samkeppni í flugi til og frá landinu sé virk og að stuðlað sé að innkomu nýrra aðila á þann markað.

**➜ Það vekur athygli hver viðbrögð ríkisfyrirtækisins Isavia ohf. hafa verið í umræddu máli. Hefur fyrirtækið andmælt afstöðu Samkeppniseftirlitsins, auk þess sem því hefur verið haldið fram að íslensk samkeppnisyfirvöld hafi enga lögsögu í málinu.**

## AF NETINU

### Ræðst á heilsu fólks



Ríkisstjórnin neitar að staðfesta nýjan samning ríkisins við sjúkraþjálfara. Ekki var gert ráð fyrir honum í fjárlögum ársins. Það var nefnilega búið að skera niður tekjur ríkisins af tillitssemi við organdi kvótagreifa. Því geta fátæklingar ekki fengið sjúkraþjálfun, unz annað kemur í ljós. Heilsu margra er þegar farið að hraka. Eins og á Landspítalanum í haust. Kristján Þór ýtti honum fram á brún hengiflugs. Alþingi tók þá fram fyrir hendur hans. Nú ýtir Kristján öðrum sjúklingum fram á brúnina. Allt í þágu kvótagreifa. Kristján Þór er galinn eins og ríkisstjórn kvótagreifanna í heild. Í boði kjósenda.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*






**INNHEIMTA SKÓLAGJALDA Á ÁRI**




# Engin skólagjöld!

MENNTUN



**Sóley Tómasdóttir**
borgarfulltrúi Vinstri grænna

**Í Reykjavík ríkir ekki jafnrétti til náms. Til eru dæmi um börn sem ekki fara í leikskóla af fjárhagslegum ástæðum.**

Undanfarna daga hefur skynsamt fólk keppst við að gagnrýna hugmyndir Viðskiptaráðs um innheimtu skólagjalda við Háskólann. Eðlilega. Norrænt velferðarsamfélag innheimtir ekki skólagjöld, enda byggir það á jafnrétti til náms. Allir eiga að hafa tækifæri til að mennta sig og rækta hæfileika sína – þannig tryggjum við kraftmikið, skapandi og gott samfélag.

Tækifæri fólks eru vissulega háð mörgum samverkandi breytum en hér verður þó aðeins einblínt á fjárhagsleg áhrif. Ef okkur er alvara með hið norræna velferðarsamfélag, jöfnu tækifærin og gjaldfrelsið þarf að endurskoða ansi margt.

Í 20 ár hefur leikskólinn verið viðurkenndur og skilgreindur sem fyrsta skólastigið. Þar njóta yngstu börnin menntunar í samræmi við aldur og þroska. Fyrir það greiða reykvískir foreldrar hundruð þúsunda á ári. Grunnskólinn er lögbundinn og gjaldfrjáls að nafninu til. Í Reykjavík er þó rukkað fyrir afmarkaðan hluta skóladagsins, hádegisverðinn (fyrir utan frístundaheimilin sem ekki verður fjallað um hér). Fyrir hann greiða foreldrar tæpar 60 þúsund krónur á ári. Opinberir framhaldsskólar innheimta 24 þúsund á ári í innritunar- og efnisgjald og innritunargjald í HÍ er 60 þúsund á ári.

Í Reykjavík ríkir ekki jafnrétti til náms. Til eru dæmi um börn sem ekki fara í leikskóla af fjárhagslegum ástæðum. Á síðasta ári var fimm börnum vikið af leikskólum borgarinnar vegna vanskila foreldra. Hvort tveggja er óásættanlegt. Börnin eru ekki mörg, en það skiptir engu máli. Mismunun er ekkert réttlætanlegri gagnvart fáum en mörgum. Gjaldtakan hefur einnig áhrif á lífskjör barnafólks og tækifæri þess til menntunar á efri stigum og eru þá ótalin önnur afleidd áhrif.

Eigi hér að ríkja raunverulegt jafnrétti til náms verða öll skólastig að vera gjaldfrjáls. Það krefst endurskoðunar á nýtingu sameiginlegra sjóða, skatta og útsvars. Slík endurskoðun krefst svo aftur hugrekkis og stefnufestu. Vinstri græn hafa lýst sig reiðubúin í þá vinnu. Á næsta kjörtímabili verður að endurskoða gjaldheimtu borgarinnar og vinna áætlun um gjaldfrjálsa þjónustu við börn. Þannig bætum við lífskjör barnafjölskyldna og stuðlum að raunverulegu jafnrétti til náms.

# Glittir í sannleikann

UTANRÍKISMÁL



**Ma Jisheng**
sendiherra Alþýðulýðveldisins Kína á Íslandi

Upp á síðkastið hefur athygli fjölmiðla beinst að Austurlöndum fjær og því hvernig beri að líta á stríðsglæpamenn og þann árangur sem náðist eftir sigur í seinni heimsstyrjöldinni. Af því tilefni skrifaði ég grein þann 16. janúar sl. og lýsti skoðunum mínum á þessu málefni. Sendifulltrúi japanska sendiráðsins á Íslandi hefur brugðist við með þeim orðum að gagnrýni á Abe sé hluti af alþjóðlegri ófrægingarherferð Kína gegn Japan. Að heimsókn Abe í Yasukuni-hofið hafi verið til að votta föllnum hetjum virðingu sína en ekki stríðsglæpamönnum o.s.frv. Með þessari umræðu muni sannleikurinn smám saman koma í ljós og lesendur munu sjálfir getað áttað sig á staðreyndum málsins.

Í fyrsta lagi er viðhorf Abe gagnvart sögu yfirgangs vel þekkt hjá þeim þjóðum Asíu sem þjáðust. Enginn hefur nokkurn tímann heyrt Abe minnast á að það hafi verið rangt af Japan á sínum tíma að ráðast á Kína og aðrar þjóðir Asíu og valda þeim ómældum skaða. Að dómurinn yfir 14 af verstu stríðsglæpamönnum heims hafi verið réttlátur og að Japanir eigi undanbragðalaust og á heiðarlegan hátt að biðjast afsökunar fyrir misgjörðir þess tíma. Þvert á móti hefur meira heyrst af því að Abe fegri sögu yfirgangs og standi í vörn fyrir stríðsglæpamenn. Með heimsókn sinni er Abe að sýna sitt rétta andlit og sýnir jafnframt með þessum gjörningi sína hægrisinnuðu söguskoðun blygðunarlaust.

**Markmiðið er friður**

Í öðru lagi er markmið utanríkisstefnu Kína einungis að viðhalda friði og stöðugleika í heiminum en ekki að valda orðspori Japans álitshnekki á heimsvísu eins og sendifulltrúinn lýsir. Í rauninni eru það orð og athafnir Abe sjálfs sem skaða orðspor Japans. Í því samhengi má benda á það eftir heimsókn Abe gaf sendiherra Bandaríkjanna í Japan út tilkynningu þar sem hann lýsti „vonbrigðum“ sínum. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Suður-Kórea, Rússland, Singapúr ásamt fleiri löndum hafa gagnrýnt þessa hegðun Abe á mismunandi hátt. Varla getur verið að þau séu líka að skemma orðspor Japans?

Í þriðja lagi skal nefna að í árásarstríðum Japans í fortíðinni var Yasukuni-hofið andlegt musteri hernaðarhyggju Japans og hafði mikilvægu hlutverki að gegna í því að hvetja til árásarhneigðar út á við. Í hofinu er Yushukanskálinn þar sem enn stendur „árásargirni er réttlætanleg“ og er þar litið á „nasista austursins“, einhverja af verstu stríðsglæpamönnum Japans, sem hetjur. Allir geta verið sammála um að stríðsglæpamenn séu vondir menn, stríðsglæpamenn sem hafa dauða tuga milljóna manna á samviskunni hljóta að teljast sérstaklega slæmir einstaklingar. Abe hefur sagt að heimsókn hans í Yasukuni-hofið hafi verið til að votta virðingu og biðja fyrir heimsfriði en ekki stríðsglæpamönnum. Í samanburði við atburðinn þegar Willy Brandt, kanslari Þýskalands, kraup á kné fyrir framan minnismerkið um fallna gyðinga í Varsjá sést best hversu rangt það var hjá Abe að heimsækja Yasukuni-hofið og kom ásetningur hans þar berlega í ljós.

Í fjórða lagi ber að nefna að fjórtán af verstu stríðsglæpamönnum þeim sem Yasukunihofið heiðrar ásamt öðrum árásaraðilum sköpuðu þjóðum Asíu og öðrum ómældar þjáningar. Bara innrás Japans í Kína er talin hafa kostað 35 milljónir kínverskra hermanna og almennra borgara lífið. Barátta heimsins við fasismann sigraði Japan að lokum en með tuga milljóna mannslífa fórnarkostnaði. Í dag er friður í Asíu og raunar öllum heiminum byggður á þessum grunni. Með því að votta virðingu sína morðingjum sem hafa slátrun á tugi milljóna saklausra borgara á samviskunni er Abe að hraksmá sigur heimsins gegn fasismanum.

**Sendifulltrúi japanska sendiráðsins á Íslandi hefur brugðist við með þeim orðum að gagnrýni á Abe sé hluti af alþjóðlegri ófrægingarherferð Kína gegn Japan. Að heimsókn Abe í Yasukuni-hofið hafi verið til að votta föllnum hetjum virðingu sína en ekki stríðsglæpamönnum o.s.frv.**

**Sagan metin rétt**

Í fimmta lagi snýr gagnrýni Kína og fordæming á hegðun og orðum Abe einungis að heimsókn hans en beinist alls ekki að japönsku þjóðinni. Stjórn Kína hefur ávallt lagt áherslu á að skilja greinilega á milli hernaðarhyggju Japans annars vegar og japönsku þjóðarinnar hins vegar. Stjórn Kína hefur hvatt til að saga þessa tímabils sé metin á réttan hátt. Einstaka leiðtogar Japans hafa hvað eftir annað heimsótt Yasukuni-hofið og sært tilfinningar þjóða Asíu sem þurftu að þola ómældar þjáningar og stráð þannig salti í sárin. Orð og athafnir Abe og annarra hægrisinnaðra stjórnmálamanna eru alltaf að verða róttækari. Þess vegna er eðlilegt að fólk hafi vara á sér gagnvart því að Japan endurtaki mistök fortíðarinnar.

Að lokum má benda á að eftir að Abe tók við völdum í Japan hefur hann verið ögrandi í samskiptum sínum við Kína. Á sama tíma hefur hann látið að því liggja að hann vilji viðræður á milli þjóðanna. Í rauninni er það svo að það sem hann kallar viðræður eiga að snúast um að það sé fullkomlega eðlilegt að hann heimsæki Yasukuni-hofið. Slíkar viðræður þar sem Abe stendur fast við rangindi sín munu að sjálfsögðu ekki fara fram enda gagnslausar með öllu.

Kína og Japan eru nágrannar sem einungis hafið aðskilur. Góð samskipti Kína og Japans eru grundvallarhagsmunir beggja þjóðanna. Það er von okkar að Abe muni leiðrétta mistök sín, hætti að særa tilfinningar þjóða er þjáðust og hætti að stefna Japan inn á hættulega braut.

# Menningarstjórnun er styrkur

MENNING



**Njörður Sigurjónsson**
lektor í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst

**Framhaldsnám í stjórnun skerðir ekki listrænt innsæi fólks.**

Í ritstjórnarpistli í Fréttablaðinu 11. febrúar fjallar Friðrika Benónýsdóttir um „umræðuna“ svokölluðu, um ráðningu leikhússtjóra við stóru leikhúsin tvö í Reykjavík. Stöður leikhússtjóra eru sem sagt að losna og þá veltir fólk fyrir sér hverjir komi helst til greina sem næstu hæstráðendur í íslensku leikhúslífi en þeir sem gegna þessum stöðum hafa mikil tækifæri til þess að hafa áhrif á þróun leikhússins á næstu árum.

Eitthvað virðist Friðrika rugla saman ólíkum hlutum varðandi hæfniskröfur til verðandi stjórnenda leikhúsanna og leggur þar að jöfnu menntun á sviði menningarstjórnunar og MBA-gráðu án þess þó að skýra almenna fordóma sína gagnvart þessum ólíku gráðum neitt frekar. Virðist hún þó helst halda að framhaldsgráða í stjórnun leiði til einhvers konar dómgreindarbrests varðandi listræna stefnu og að annaðhvort hugsi fólki um rekstur eða list. Jafnvel að sami aðili muni aldrei ná utan um bæði þessi svið, um svo ólíka eðliseiginleika sé að ræða.

Nú er ekki rými hér til þess að elta ólar við þá römmu tvíhyggju lífs og listar sem kemur fram í greininni eða þær stæku staðalmyndir af listamönnum sem mara undir yfirborði vandlætingarinnar. Ég vil frekar nota þetta tækifæri til þess að útskýra ákveðin atriði varðandi fræðasviðið menningarstjórnun.

Menningarstjórnun er heiti á rannsóknasviði og kennslugrein sem boðið hefur verið upp á í meistaranámi við Háskólann á Bifröst síðan 2004. Viðfangsefni menningarstjórnunar er samspil hugmynda um hlutverk menningar, lista, menningarstofnana og reksturs. Tekið er á ýmsum goðsögnum um stjórnun, listir og menningu, til dæmis þeirri að efnisleg takmörk eigi ekki við í listum, að menningarstarfsemi sé ekki vinna eða að listamenn geti ekki skilið rekstur. Nemendur okkar á Bifröst koma víða að en flestir hafa þeir talsverða reynslu af því að starfa við list sína eða vinna að menningarmálum.

Framhaldsnám í stjórnun skerðir ekki listrænt innsæi fólks. Þvert á móti gerir nám fólki auðveldara fyrir að gera listræna sýn sína að veruleika, vinna með fólki, losa sig við fordóma og dogmatískan dilkadrátt.

# Ég er bara normið

KYNFERÐISLEGT OFBELDI



**Vera Wonder Sölvadóttir**
kvikmyndagerðarmaður

Hildur Lilliendahl skrifaði grein sem birtist nýlega á Knúzinu og ber heitið Kvalarar. Greinin hennar fjallar um menn úr öllum stéttum samfélagsins sem beita kynferðislegu ofbeldi og hvernig tekið er á málum þeirra. Sumir og að mér skilst langflestir þeirra komast upp með dólgsháttinn og halda ótrauðir áfram en fórnarlömbin virðast seint eða aldrei bíða þess bætur.

Í greininni fjallar Hildur meðal annars um kynferðislegt áreiti sem hún varð fyrir í æsku. Greinin snerti mig. Maðurinn sem um ræðir hafði haldið uppteknum hætti síðan hann áreitti Hildi í æsku og var auk þess farinn að standa í ritdeilum við hana á netinu. Raunar hafði hann í millitíðinni verið dæmdur í héraðsdómi fyrir að misnota börn og sat inni í fangelsi fyrir það. En kvalari Hildar hélt áfram.

Það sem fær mig til að rita þessi orð núna er að það rifjaðist upp fyrir mér merkilegt símtal sem ég átti fyrir nokkru. Það var hringt í mig á vegum Háskóla Íslands og ég var beðin um að taka þátt í könnun á ofbeldi. Ég tek sárasjaldan þátt í könnunum og aðeins ef ég tel málstaðinn góðan og mér finnst ég geta veitt málefninu lið.

Konan í símanum vildi spyrja mig spurninga um kynferðislegt áreiti. Fyrst spurði hún hvort ég hefði orðið fyrir slíku áreiti. Ég svaraði neitandi og spurningarnar urðu ítarlegri. Eftir að ég hafði svarað spurningunum hennar bæði játandi og neitandi eftir bestu samvisku benti konan mér á að þó að ég hefði svarað fyrstu spurningunni neitandi hefði ég, miðað við svörin á þeim spurningum sem fylgdu á eftir, orðið fyrir ofbeldi.

**Dónakallarnir halda áfram**

Þá rann upp fyrir mér ljós. Ég mundi eftir röð atvika sem flokkast undir kynferðislegt áreiti. Mér hefur verið boðinn peningur fyrir að horfa á menn runka sér. Náungi kom að mér í verslunarmiðstöð og greip um klofið á mér þegar ég var í pilsi. Ég hef líklega verið tólf, þrettán ára. Ég var með mömmu en sagði henni aldrei frá því af skömm. Ég hætti bara að ganga í pilsi. Menn hafa berað sig óumbeðnir fyrir framan mig. Ég hef ítrekað lent í rassa-, brjósta-, píkuklípum á skemmtistöðum. Ég hef verið elt heim oftar en ég kæri mig um að muna. Óteljandi athugasemdir hafa verið gerðar varðandi líkama minn af ókunnugum gaurum úti á götu. Ég get endalaust rifjað upp atvik eins og þessi sem ég hef ekki litið á sem áreiti eða ofbeldi. Þetta er normið fyrir mér. Enda hafa allar mínar vinkonur lent í svipuðum uppákomum. Eiginlega allar konur sem ég þekki, systur mínar, móðir, kunningjakonur, frænkur. Ég fann enga undantekningu. Við erum bara vanar þessu og dónakallarnir halda áfram.

Eins og Hildur Lilliendahl tel ég mig vera sjálfstæða, með sterkar skoðanir og einbeittan vilja síðan ég var barn. Ég hef alltaf svarað fyrir mig og horft stíft á móti ef ég lendi í svona aðstæðum og komið ógeðsköllunum í skilning um að láta mig í friði. Þegar ég nenni. Það er samt sem áður ótrúlegt hvað þurfti mikið til að koma mér í skilning um að það er ekkert eðlilegt við þetta. En ég hef auðvitað aldrei lent í neinu. Ég er bara normið.

**Það er samt sem áður ótrúlegt hvað þurfti mikið til að koma mér í skilning um að það er ekkert eðlilegt við þetta. En ég hef auðvitað aldrei lent í neinu. Ég er bara normið.**



## TÍSKUVIKA Í NEW YORK

**Nú stendur yfir tískuvika í New York en hún vekur ávallt heimsathygli. Margir þekktustu tískuhönnuðir heims setja svip sinn á þessa hátíð. Meðal þeirra sem sýna fatnað er Donna Karan en hún á heiðurinn af flíkinni á myndinni.**


TÆKIFÆRISGJAFIR
Margar gerðir iittala Mikið af flottum tilboðum



Tékk KRISTALL www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Amma mús -handavinnuhús
Líttu við á Laugaveginum
Útibú í kjallara Máls og menningar
Laugavegi 18 • S. 511 3399 • Opið mán.-fös. kl. 11-18, lau. kl. 11-17





FULL VERSLUN AF NÝRRI VÖRU!
Stærðir 34-46
TUZZI KRINGLUNNI SÍMI 5688777




**HRAUSTUR** Ingólfur Geir Gissurarson hefur stundað fjallgöngur um árabil.

# MEÐ NUTRILENK UPP Á TOPPINN!

**GENGUR VEL KYNNIR** *„Ég tók 4 töflur af Nutrilenk Gold á dag allan tímann í ferðinni," segir Ingólfur Geir Gissurarson, annar eigandi fasteignasölunnar Valhallar, sem varð á síðasta ári elsti Íslendingurinn til að toppa Everest.*

Ingólfur hefur ávallt verið mikill íþróttamaður. Á yngri árum æfði hann og keppti í sundi og setti 19 Íslandsmet á sínum keppnisferli, var meðal annars valinn sundmaður ársins af Sundsambandinu árið 1981. Eftir að sundferlinum lauk hóf Ingólfur að stunda maraþonhlaup og varð fimm sinnum Íslandsmeistari á árunum 1995-2001. Á þessum tíma varð hann var við að álagið á hnén var orðið töluvert mikið. Vitandi að mamma hans væri með slitgigt og komin með gervimjaðmir báðum megin ákvað hann að gera eitthvað í sínum málum til að passa betur upp á liðina. Ingólfur byrjaði að taka inn Nutrilenk Gold 2008 og tekur að jafnaði 2-3 töflur á dag en eykur skammtinn þegar mikið liggur við. Ingólfur segist finna mikinn mun á sér eftir að hann byrjaði að taka inn Nutrilenk Gold og vera töluvert minna þreyttur í liðunum eftir langar æfingar eða mikil átök.

**FYRSTI ÍSLENSKI AFINN Á EVEREST**

Ingólfur hefur verið viðloðandi fjallgöngur hér heima og erlendis um árabil. Hann hefur meðal annars klifið fjallið Elbrus í Rússlandi sem er hæsta fjall Evrópu og Aconcagua í Argentínu sem er hæsta fjall Suður-Ameríku. Draumurinn um að klífa Everest varð þó sífellt sterkari og á síðasta ári varð hann að veruleika. Undirbúningurinn stóð yfir með hléum í eitt og hálft ár og þurfti Ingólfur á því tímabili að æfa gríðarlega mikið. Meðal annars fór hann margar fjallgöngur innanlands, oft 10-12 klst. langar, með mikil þyngsli á bakinu. „Þegar pakkað er fyrir svona ferð þarf að huga sérstaklega að öllum smáatriðum og taka með sér aðeins það nauðsynlegasta. Álagið á hné, mjaðmir og kálfa var gríðarlegt á leiðinni á toppinn og það mesta sem ég hef upplifað, því tók ég að sjálfsögðu með mér góðan skammt af Nutrilenk Gold."




## HVAR FÆST NUTRILENK?

***Nutrilenk Gold fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is.***




NÚ LEGGJUM VIÐ SPILIN Á BORÐIÐ
Drottningar dagar
QUEEN SIZE
Lækkum verðið á QUEEN SIZE dýnum í takmörkuðu magni í nokkra daga
Stærðir 153 x 203 cm
KOMDU OG GERÐU ÆVINTÝRALEGA GÓÐ KAUP!



Stillanlegur hægindasófi
Verð áður kr. 179.900.-
Verð nú aðeins kr.
134.925
Litir: Svart
25% afsl.
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
KORTER.IS
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Ný sending frá
BASLER




BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770
Vertu velkomin! Fylgstu með okkur
á facebook.com/Parisartizkan




POLLAPÖNK Addi, Halli, Heiðar og Guðni í litfögrum Pollapönksbúningum sem fá að kæta alla Evrópu í vor ef allt gengur að óskum hjá þeim félögum á laugardaginn. MYND/DANÍEL

# ALGJÖR ÞÆGINDA-KLÆÐNAÐUR

**TÍSKA** *Einkennisbúningar Pollapönkaranna Heiðars, Halla, Adda og Guðna eru Henson-gallar í nokkrum litum. Þá má nú fá í minni útgáfum í Hagkaup.*

Strax í upphafi fórum við í samstarf með Halldóri í Henson sem lét sauma á okkur galla. Þegar við gáfum út Aðeins meira pollapönk fyrir nokkrum árum fengum við nýja galla og þá kom upp sú hugmynd að láta gera pollagalla á krakka líka. Þeir voru aðeins til sölu í Fjarðarkaupum og hafa ekki fengist síðan. Í kringum söngvakeppnina núna létum við sauma á okkur nýja pollagalla og fannst þá tilvalið að leyfa öðrum að njóta þeirra frábæru þæginda sem felast í því að klæðast slíkum galla,“ segir Heiðar Örn Kristjánsson Pollapönkari með meiru. Einkennisbúningar þessara hressu rokkara fást nú á krakka í Hagkaup.

Heiðar segir þá félaga ávallt hafa fengið að hafa puttana í hönnun gallanna. „Annars er þetta ekki flókinn klæðnaður og því ekki hægt að breyta allt of miklu,“ segir hann glaðlega en þeir hafi til dæmis valið sér þá liti sem þeir klæðast. Í fyrstu voru gallarnir gulur, rauður, grænn og blár en nú er Addi trommari kominn í bleikan. „Þegar við létum sauma á okkur í annað sinn var græni liturinn búinn og Addi settur í bleikan. Nú þverneitar hann að fara úr honum enda bara fallegt að vera bleikur polli,“ segir Heiðar glettinn.

Hann segir afar skemmtilegt að sjá litla polla á ferðinni. „Á sínum tíma mættu margir í búningum á tónleikana okkar sem var mjög skemmtilegt,“ segir hann. Börn þeirra félaga hafa einnig fengið að njóta góðs af þessum þægindaklæðnaði. „Ég hugsa að það sé verið að sauma á börnin okkar þessa stundina.“

Pollapönk hefur vakið nokkra athygli fyrir lagið sitt Enga fordóma sem keppir til úrslita í Sjónvarpinu á laugardaginn. Boðskapurinn fellur fólki í geð og á hann vel við um allan heim. „Þetta hefur verið mjög skemmtileg upplifun og dálítið öðruvísi en þegar við tókum þátt árið 2003. Þetta er orðið miklu meira batterí enda hafa fjölmiðlar breyst mikið á þessum tíma.“

Búningarnir verða á sínum stað á laugardaginn en Heiðar viðurkennir þó að þeir hafi ákveðið tromp sem þeir muni spila út og tengist búningum þeirra. Hann vill þó ekki gefa meira upp.

En ef þeir vinna, fá búningarnir að fljóta með til Danmerkur? „Að sjálfsögðu, þeir fá að njóta sín alla leið.“

solveig@365.is




LauRie
Boot-cut og Slim.
Háar í mittið - stretch.
Verð 13.900 kr.
Str. 34 - 52.
Fleiri litir.
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
black pepper FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook


# MJÚKAR HENDUR Á VALENTÍNUSARDAG

*Auðvelt er að útbúa skrúbb fyrir snögga handsnyrtingu heimavið fyrir stefnumót á Valentínusardaginn á morgun.*

**MJÓLKURSKRÚBB MEÐ SYKRI**

$\frac{1}{4}$ bolli sykur, má nota hvort sem er strásykur eða púðursykur
2 msk. ólífuolía
2 msk. mjólk



Blandið öllu saman í skál þar til blandan er orðin kremkennd. Nuddið skrúbbinu þá vel um hendurnar, það losar um dauðar húðfrumur og eykur blóðflæðið um hendurnar. Skolið svo með volgu vatni. Hægt er að geyma blönduna í lokaðri krukku í ísskáp í tvo daga.

Eftir skrúbbmeðferðina ættu hendurnar að vera silkimjúkar en blönduna má einnig nota á andlit og fætur.

Hreinsið síðan undan nöglunum með pinna og snyrtið þær með naglaklippum eða þjöl.

Lakkið að endingu neglurnar með fallegum lit eða glæru.


Meirapróf



ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Næsta meirapróf byrjar 14. febrúar 2014



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal
Sölumenn: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir


ALLT Á AÐ SELJAST
SÍÐUSTU DAGAR
ÚTSÖLUNNAR
AÐEINS
3 VERÐ
Á ÚTSÖLUVÖRUM
1.000 • 2.000 • 3.000
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
Mind Xtra
Smart verslun fyrir konur
Firði Hafnarfirði • Sími 556 3400

# MANOLO BLAHNIK SKÍN Í NEW YORK

**STJARNA** *Allar konur elska skó frá Manolo Blahnik, enda þykja þeir bera með sér klassískan eðalstíl. Skórnir eru með þeim dýrustu í heimi en nýjasta hönnunin var sýnd í New York um helgina.*











Glæsileg tískuvika stendur yfir í New York. Mikla athygli vakti að Manolo Blahnik er meðal þátttakenda en þetta er í annað sinn sem hann er með. Óhætt er að fullyrða að Blahnik og Victoria Beckham hafi vakið mesta athygli þótt þarna væru fleiri stór nöfn og ungar vonarstjörnur. Til dæmis Alexander Wang sem er aðeins þrítugur en hefur þegar skapað sér nafn í tískuheiminum. Á sýningunni má sjá hátískufatnað fyrir haustið. Manolo Blahnik hannar óvenjulega, hælaháa kvenskó úr satíni og silki sem notið hafa hylli hjá kvenþjóðinni, ekki síst þar sem Blahnik-skór hafa fengið ómælda kynningu í frægum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Má þar helst nefna aðdáun Carrie Bradshaw í sjónvarpsþáttunum Sex and the City.

Manolo Blahnik fæddist árið 1942 á eyjunni La Palma, sem er ein af Kanaríeyjum, þar sem hann ólst upp. Faðir hans var tékkneskur en móðirin spænsk. Blahnik hélt í nám til Genfar í Sviss og útskrifaðist úr háskólanum þar árið 1965. Hann flutti til Parísar og nam myndlist áður en hann flutti til Lundúna þar sem hann hóf skóhönnun.

Blahnik býr í Bath á Englandi og hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar og verðlaun fyrir hönnun sína.









# Ferming í Flash

Mikið úrval af fermingarkjólum og ermum



Margar stærðir







Margir litir

Verð frá 9.990



Sjá fleiri myndir á f

FLASH



**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**





# KÚMEN ÚR HORNI

**HEIMILI** *Þórdís Sigmarsdóttir, smíðakennari við Kársnesskóla, smíðar muni úr hornum í frístundum sínum. Gripina kallar hún KúMen.*

Ég byrjaði á þessu fyrir fjórum árum. Pabbi er gullsmiður og einn daginn fór ég að fikta með horn sem hann átti á verkstæðinu hjá sér. Nú bý ég til hálsmen, eyrnalokka, ermahnappa og armbönd úr kýrhorni, hreindýrshorni og sauðahornum,“ segir Þórdís Sigmarsdóttir, tré- og málmsmíðakennari við Kársnesskóla.

Gripina kallar hún KúMen og segir hornin skemmtilegan efnivið.

„Það er mjög gaman að vinna með horn, fyrir utan lyktina sem fylgir þegar maður slípar það niður. En hornið er tiltölulega sveigjanlegt efni og eins kemur á óvart hvaða litbrigði leynast inni í horninu. Það getur verið grænt innan í hvítu horni og gult innan í svörtu horni. Maður veit það aldrei fyrirfram. Ég lakka ekki munina heldur slípa þá einungis vel niður.“

Annars vegar býr Þórdís til men úr hringjum sem hún raðar saman og hins vegar men úr litlum plötum, sem hún sagar fínleg munstur í, armbönd og ermahnappa.

„Ég fæ græjurnar hans pabba lánaðar og vinn í þessu þegar verkstæðið er laust. Hann vinnur reyndar líka í horn og býr til drykkjarhorn sem hann setur silfur utan um.“

Þórdís segir hornin ekki liggja á lausu og til að byrja með hafi veri erfitt að verða sér úti um efni. Þá sé það talsverð vinna að hreinsa hornin fyrir vinnslu.

„Ég þarf annaðhvort að láta hornin bíða og þorna svo hægt sé að slá innan úr þeim, eða sjóða þau. Ég hef reyndar verið svo heppin að ég hef fengið mikið af þurrum og fínum hornum til að vinna úr, sem fólk gaukar að mér. Það verður líka mikið úr hverju horni svo ég þarf ekki mörg,“ útskýrir Þórdís. „Þetta er dálítið seinleg vinna, en skemmtileg og alls engin kvöð.“

Gripir Þórdísar fást í versluninni Ömmu mús á Laugavegi en nánar má forvitnast um KúMen á Facebook.



**BYRJAÐI MEÐ FIKTI** Þórdís Sigmarsdóttir vinnur men úr horni í frístundum á gullsmíðaverkstæði föður síns. MYND/VALLI





**HRINGAMEN** hálsmenin gerir Þórdís ýmist úr hringjum eða plötum sem hún sagar í munstur.



**SKEMMTILEGUR EFNIVIÐUR** Þórdís segir aldrei hægt að sjá fyrirfram hvernig litbrigði leynast innan í hornunum.



**FÍNLEG VINNA** Þórdís sagar fínleg munstur út í plötur.






# NEI TAKK, HERRA VALENTÍNUS

Ekki þykja allar gjafir góðar þegar kemur að duttlungum kvenna á Valentínusardaginn. Því ættu karlmenn að forðast eftirtalin mistök í leit að Valentínusargjöf handa elskunni sinni á morgun því konur vilja ekki …

… skartgripabox með innihaldi sem veldur vonbrigðum. Það er ekkert vandræðalegra en kona sem fellir hamingjutár í von um trúlofunarhring en uppgötvar sér til vonbrigða að í boxinu eru eyrnalokkar eða hálsmen.

… rómantískan kvöldverð á skyndibitastað. Fáið í það minnsta þjónustu á borðið ef stendur til að bjóða dömu út að borða.

… bensínstöðvarblómvönd. Ekkert undirstrikar betur að hún verðskuldi ekki rósir af fínustu sort.

… billegan og hversdagslegan konfektkassa. Það er ekki í lagi að gauka Hraunkassa að ástinni sinni á Valentínusardaginn. Konur elska súkkulaði og vilja fínar trufflur og vandaða konfektmola í sparilegum umbúðum.

… ódýr ilmvötn sem bera nöfn dægurstjarna. Gefið frekar rómantíska og sígilda ilmi frá Chanel, Dior eða öðrum frægum úr fínu ilmvatnshillunni.

… lauslætislegan undirfatnað úr eldfimum nælonefnum. Rómantískar konur vilja munúðarfull nærföt úr ekta silki og blúndum frá virtum undirfataframleiðendum.

… innistæðulausar ástarávísanir sem lofa morgunmat í rúmið eða ókeypis nuddi. Til þess voru búin til hótelherbergi og heilsulindir.






# MLH

## MENNINGAR- OG LISTAFJELAG HAFNARFJARÐAR



Ólafur P. Gunnarsson, Erla S. Ragnarsdóttir, Kristinn Sæmundsson,Tómas A. Ragnarsson og Ingvar B. Þorsteinsson

Menningar- og listafélag Hafnarfjarðar var stofnað í vetur. Stjórn félagsins skipa þau Erla S. Ragnarsdóttir, kennari í Flensborg, einn eigenda gaflari.is og Dúkkulísa, Ingvar Björn Þorsteinsson, myndlistarmaður, Kristinn Sæmundsson, athafnaskáld og fyrrum kaupmaður í Hljómalind og tónleikahaldari, og Fjallabræðurnir Ólafur Páll Gunnarsson, tónlistarstjóri á Rás 2 og Tómas Axel Ragnarsson, rafvirki og tónlistarmaður. Öll eiga þau það sameiginlegt að vilja sjá Hafnarfjarðarbæ lifna við og dafna í takt við öflugt og lifandi menningarlíf.

Félagið ætlar sér að halda viðburði á eigin vegum, en einnig verða vettvangur upplýsinga og ráðgjafar til að auðvelda listamönnum að koma með viðburði til bæjarins. Félagið vill í nánustu framtíð virkja sem flest hús og mannvirki í bænum sem henta til menningarviðburða og býður fram krafta sína til skipulagningar á viðburðum á vegum bæjarins og sjálfstæðra aðila sem hyggjast vera með viðburði í bæjarfélaginu.

**Félagið er óháð og ekki tengt neinum pólitískum samtökum á neinn hátt. Til að byrja með lítur félagið svo á að miðbær Hafnarfjarðar sé hjartað og vill félagið því styrkja hann sem best svo lífið fái streymt um æðar hans. Öllum líður jú vel með gott hjarta, svo ekki sé talað um hjartalag.**

Ýmislegt er á döfinni hjá félaginu. Auk tónleikanna með Eivöru nú á sunnudaginn hyggst MLH blása til vestnorrænnar listahátíðar með fjölþjóðlegu ívafi í bænum í sumar og um páskana verður haldin „Heima", tónlistarhátíð að færeyskri fyrirmynd og hugmyndinni að Austurgötuhátíðinni blandað saman við. Heima er að forminu til tónleikar sem fara fram í nokkrum heimahúsum í bænum. Því til viðbótar er von á fjölda færeyskra listamanna af öllum stærðum og gerðum til landsins á komandi mánuðum og er það von okkar í MLH að sem flestir þeirra muni getað stoppað í Hafnarfirði og leyft okkur að njóta með sér lista og lífsins lystisemda.

Menningar og listafélag Hafnarfjarðar þreytir frumraun sína í menningarlífi Hafnarfjarðar næstkomandi sunnudag og stendur fyrir tvennum tónleikum með Eivöru Pálsdóttur og færeyskum félögum hennar. Tónleikarnir fara fram í Bæjarbíói sunnudaginn 16. febrúar, kl. 16 og 20 og eru liður í menningarfyrirbærinu Færeyskur febrúar sem nú dynur yfir landsmenn. Forsala miða fer fram á mlh.is

## www.mlh.is



# Eivør

## & færeyskir félagar

---

## Ylja

## Sunnudaginn

# 16. febrúar

## kl.16.00 og kl. 20.00

## Bæjarbíó Hafnarfirði

BÆJARBÍÓ

Sjá nánari umfjöllun á baksíðu

# FæreysKur febrúar



**Þessi dægrin er verið að leggja lokahönd á brú milli landa og verið að telja í Færeyskan febrúar á Íslandi. Nafnið segir sig sjálft og verkefnið sem framundan er verður með mjög fjölbreyttu sniði. Stór hópur listamanna er að koma hingað til lands til að fremja allskonar list í febrúar víðsvegar um landið, flestir koma frá frændum okkar í Færeyjum en einnig eru hljómsveitir að koma víðar að. Dagskráin fyrir Færeyskur febrúar á Íslandi er eftirfarandi:**

## 12. febrúar
*Gamli Gaukur* kl. 21.00. **Eivör Pálsdóttir** með opna æfingu/blaðamannafundur. Miðaverð kr. 2000.

## 13. - 15. febrúar
*Grandagarður 2. Rekjavík.* **„Föroyer 5.2. Hversu ljóða Föroyar“**. Innsetning, vídeó og tónlist, sýnt á klukkutíma fresti. **ORKA** fremja tónlist leikna á eyjarnar sjálfar og **Heyðrik á Heygum** hefur gert magnað vídeóverk við þá ótrúlegu tónlist sem úr eyjunum streymir.

## 15. febrúar
**Eivör Pálsdóttir** ásamt **Sinfóníuhljómsveit Norðurlands** í *Hofi*. Uppselt á þennan viðburð.

## 16. febrúar
*Bæjarbíó Hafnarfirði*, kl 16.00 og 20.00. **Eivör Pálsdóttir** með færeyskum félögum. Tvennir tónleikar á vegum nýstofnaðs félags, Menningar- og Listafélag Hafnarfjarðar.
Miðaverð 3500kr. *Forsala á mlh.is*

## 17. febrúar
Einka- og fjölmiðlakynning á *Kex Hostel*. Pakki á vegum Nordisk **„Nye bands fra nord 2014“** kynntur. Samvinnuverkefni sem á rætur að rekja til Danmerkur og inniheldur 4 ungar skandinavískar hljómsveitir. **BYRTA** frá Færeyjum, **Good Moon Deer** frá Íslandi, **Sea Change** frá Noregi og **Sekuoia** frá Danmörku. Tónlistin er af rafrænum toga.

## 19. febrúar
*Græni Hatturinn Akureyri.* **Nordisk pakkinn** fyrir norðan, dagskrá hefst kl 20.00. Miðaverð 1000 kr.

## 20. febrúar
*Harlem Bar Reykjavík.* **Nordisk pakkinn** fyrir sunnan, dagskrá hefst kl 21.00. Miðaverð 1000 kr. Miðasala við hurð á báða þessa viðburði.

## 21. - 23. febrúar
**Laila Av Reyni** mun á næstunni heiðra Ísland með þokka sínum og sinni rómuðu tónlist á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Dagskrá verður nánar auglýst síðar. Laila er raftónlistarmaður í melódíu deildinni. Þessa heimsókn bar brátt að og hefur ekki verið skipulögð til hlítar ennþá.



### Guðríð
Guðríð Hansdóttir er söngvaskáld, gítarleikari og söngkona (oftast bara kölluð Guðríð). Hún hefur spilað mikið á Íslandi og verið búsett hér með hléum. Þriðja og nýjasta plata hennar, „Beyond the Gray“, var á listum margra íslenskra gagnrýnenda yfir bestu plötur ársins 2011. Meðal annars í áramótauppgjöri Morgunblaðsins yfir 10 bestu erlendu plöturnar. Eldri plötur eru: „Love is Dead“ (2007) og „The Sky is Opening“ (2009).



### Byrta
Byrta er dansvænn rafdúett Guðríðar Hansdóttur og Janusar Rasmusens. Janus er þekktastur fyrir hljómborðsleik með hljómsveitinni Bloodgroup. Samstarf þeirra Guðríðar og Janusar hófst 2012 og platan kom út í fyrra og gagnrýnendur hlóðu hana lofi. Á G!Festivalinu í Færeyjum var Byrta valin „besta nýja hljómsveitin“. Í kjölfarið var Byrtu boðið að spila á Airwaves um haustið.

**Byrta kemur fram á eftirfarandi hljómleikum undir merki Nordisk 2014**
**- Norræn tónleikaferð:**
**17. feb. - Kex Hostel kl. 20.00**
**19. fev. - Græni hatturinn, Akureyri kl. 20.00**
**20. feb. - Harlem Bar, kl. 21.00**




### Laila av Reyni
Þekktasti fatahönnuður og stíllisti Færeyja er Laila av Reyni. Hún er einnig kennari, textilhönnuður, kórstjóri og söngkona. Laila hefur meðal annars hannað fatnað fyrir fulltrúa Dana í fegurðarsamkeppninni Ungfrú heimur 2012 og fulltrúa Dana í Miss Earth 2014. Laila var kunn sem bakradda- og dúettsöngkona um margra ára skeið. Í fyrra sendi hún frá sér sólóplötu.



### Gítarleikarinn í Götu
Benjamín Petersen er ungur og lipur gítarleikari, söngvari og söngvahöfundur frá Götu. Hann hefur löngum spilað með Eivöru. Bæði á hljómleikum og á plötu hennar „Larva“. Þar er hann meðhöfundur tveggja laga. Eivör syngur fjögur lög á sólóplötu Benjamíns, samnefnda honum. Benjamín hefur margoft spilað á Íslandi við góðar undirtektir. Ekki aðeins með Eivöru heldur einnig á sólókonsertum á Gauknum, Boston og Færeyskum fjölskyldudögum á Stokkseyri.

### Færeyskt kántrý
Kántrý nýtur mikilla vinsælda í Færeyjum. Það einkennist af einlægni og virðingu fyrir tónlistarstílnum. Fjöldi færeyskra tónlistarmanna heldur sig alfarið við kántrýið. Af þeim sem einna hæst bera í kántrý-senunni eru Eva Tausen og Hallur Joensen. Evi Tausen er ung söngkona (yfirleitt bara kölluð Evi). Hún nýtur vinsælda langt út fyrir Færeyjar. Hún hefur náð hátt á kántrývinsældalista víða um Evrópu. Þar á meðal 1. sæti á Írlandi, í Hollandi og Svíþjóð. Í fyrra var hún tilnefnd til Írsku kántrý-tónlistarverðlaunanna og sigraði í flokknum „Listamaður ársins á heimsmarkaði“ (International Artist of the Year). Hún hefur sent frá sér eina plötu, Wishing Well, og nokkrar smáskífur.






Hallur er gamalreyndur í bransanum (oftast kallaður bara Hallur). Hann hefur sungið með mörgum heimsfrægum kántrýstjörnum og sent frá sér fjórar plötur. Á nýjustu plötunni, Stars & Legends, eru á meðal fjölda gestasöngvara: Kris Kristofferson, Charley Pride, Bellamy Brothers og Vince Gill. Vegna vinsælda erlendis eru flestir söngvar Halls á ensku. 2011 sendi hann frá sér plötu, Enn stendur hurðin opin, með textum á færeysku.

### Færeyskt þungarokk
Hamferð er ein helsta þungarokkshljómsveit Færeyja. Músíkstíllinn er dökkur dómdagsmálmur (doom metal). Söngvarinn, Jón Aldará, hefur mjög breitt raddsvið. Hann sveiflar sér léttilega á milli söngstíla, allt frá því að rymja drungalega og upp í bjarta hátóna. Hann er einnig söngvari og lagahöfundur finnskrar þungarokks-súpergrúppu. 2010 sigraði Hamferð í færeysku Músíktilraunum, Sementi. Tveimur árum síðar sigraði Hamferð í lokakeppni alþjóðlegu þungarokks-hljómsveitakeppninnar Wacken Open Air. Keppnin og samnefnd stærsta árleg þungarokkshátíð heims fer fram í Þýskalandi. Sama ár túruðu Hamferð og Skálmöld saman um Ísland og Færeyjar. Meðal annars spiluðu þær á Neistaflugi.
Týr er víkingametalshljómsveit sem hratt af stað færeysku bylgjunni á Íslandi 2002 með ofursmellinum „Ormurin langi““. Hann varð mest spilaða lagið á Íslandi það árið. Í dag er Týr stórt nafn á heimsmarkaði. Nýjar plötur með Tý ná hátt á almenna vinsældalista víða um heim. Platan „The Lay of Thrym“ fór í 1. sæti CMJ vinsældalistans 2011 (mælir spilun í útvarpsstöðvum bandaríska og kanadískra framhaldsskóla. Hérlendis er oftast talað um þá sem bandaríska háskólaútvarpið). Alls hefur Týr sent frá sér 7 plötur. Söngtextar bæði á færeysku og ensku.







### Marius
Hans Marius Ziska er þekktur sem tónlistarmaðurinn Marius og einnig sem forsprakki hljómsveitarinnar Marius. Skilin á milli hljómsveitarinnar og sólóartistans eru ekki alltaf skýr. Marius var af mörgum talin/n vera arftaki færeysku súper-grúppunnar Clickhaze fyrir áratug eða svo. Metnaðarfull og framsækin tónlist, sjálfstæður stíll, góð lög. Hann hefur komið fram á fjölda hljómleika á Íslandi og átt vinsælt lag, Tokan, sem hann gerði með Íslendingnum Svavari Knúti. Tokan náði hátt og dvaldi lengi á vinsældalista Rásar 2. Það var einnig mjög vinsælt í Færeyjum.




### Færeyskt pönk
Agnarsmár og stórglæsilegur USB3 minnislykill úr nautsterku silikoni sem festist tryggilega á lyklakippu
2.495
8GB USB2 1.495 • 32GB USB3 4.995
ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR
2 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
GIGABYTE
FORCE K3
Einstaklega endingargott og flott leikjalyklaborð með sérstakri Matt Black áferð og ábrenndu íslensku letri
4.990
Á TILBOÐI Í FEBRÚAR!
ÓGRYNNI LEIKJA
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF LEIKJUM OG FORRITUM FYRIR ÞESSA ÓTRÚLEGU GRÆJU
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
TILBOÐSVERÐ 19.900
JXD SMART CONSOLE LEIKJATÖLVA
Öflug spjald- og leikjatölva með öllum klassísku tökkunum ásamt 5" kristaltærum HD snertiskjá og ótrúlegu úrvali af leikjum og forritum.
HVAÐ KEMUR NÆST?
ÞÚ GETUR UNNIÐ ÞESSA ÓTRÚLEGU GRÆJU Í STÓRSKEMMTILEGUM LEIK Á FM957
AÐEINS 145gr
10X
Silicon Power
500GB FLAKKARI
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Stream USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!
9.990
1TB STREAM USB3 14.900
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
DELL
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA

# Ljóðakvöld á Lofti

## Kynnast kveðskap hvert annars

Í kvöld, 13. febrúar, fer fram svokallað koverljóðakvöld á Lofti Hosteli í Bankastræti. Tilefnið er heimsókn tveggja finnskra ljóðskálda, Katariinu Vuorinen og Marko Niemi, til Íslands. Koverljóðakvöld fara þannig fram að hvert skáld les tvö ljóð, eitt eftir sjálft sig og eitt eftir annað skáld. Þetta gefur gestum tækifæri til að kynnast kveðskap marga skálda á einu kvöldi. Fram koma Katariina Vuorinen, Marko Niemi, Elías Knörr, Eva Rún Snorradóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Mazen Maarouf, Valgerður Þóroddsdóttir og Þórdís Gísladóttir.



ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR

RAFMAGNS LÚSAKAMBUR

MEDISANA®
made for Life




**Medisana 41010**
Vandaður rafmagns lúsakambur sem fjarlægir höfuðlús og egg með því að greiða í gegnum hárið. Innbyggður hreinsibursti. Íslenskur leiðarvísir.

FÆST Í VERSLUNUM HEIMILISTÆKJA OG APÓTEKUM UM LAND ALLT



**HEFUR MILLIGÖNGU UM SÆTTIR** Þórdís Elva Þorvaldsdóttir er höfundur Fyrirgefðu ehf. MYND/PJETUR

# Fyrirgefningin er í raun mjög fyndin

## Þórdís Elva Þorvaldsdóttir skrifaði og leikstýrði verkinu Fyrirgefðu ehf. sem er frumsýnt í Tjarnarbíói á föstudaginn.

„Í heimi verksins hafa alls ekki allir efni á að fyrirgefa, aðeins hinir ríku,“ segir Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, höfundur og leikstjóri sýningarinnar Fyrirgefðu ehf. sem frumsýnd verður í Tjarnarbíói á föstudaginn. „Leikritið gerist á óræðum tíma þar sem fyrirtækið Fyrirgefðu ehf. hefur milligöngu um sættir í deilumálum. Hins vegar geta fátækir sótt í minningarsjóð.

Þóra Karítas leikur starfsmann sem er nýbyrjaður hjá fyrirtækinu og hefur það hlutverk að velja úr innsendum umsóknum í minningarsjóðinn,“ segir Þórdís Elva. „Þegar hún fer í gegnum nýja umsókn byrjar ný saga. Þessar sögur eru leiknar, þær gefa innsýn í líf margra, og sýna okkur fyrirgefninguna frá ólíkum sjónarhornum.

Sögurnar í umsóknunum eru byggðar á viðtölum sem við tókum við yfir sjötíu manns á aldrinum 5-85 ára. Við gættum þess að allir ættu sér fulltrúa í hópnum. Þarna á meðal voru innflytjendur, mæður, unglingar, börn, prestar, sáttasemjarar, fíklar og eldri borgarar. Allur skalinn. Við notuðum síðan sögur þeirra sem við tókum viðtöl við, með þeirra leyfi, þannig að verkið er samansafn af sögum úr ofboðslega ólíkum áttum,“ segir Þórdís Elva.

Leikritið er ekki væmið. „Í raun er fyrirgefningin mjög fyndin. Hún berskjaldar fólk. Það er erfið raun að játa að manni hafi orðið á í messunni. Fólk verður klaufalegt þegar stoltið þvælist fyrir því. Við beitum því húmor og kaldhæðni óspart í verkinu,“ segir Þórdís Elva.

Hún segir að fyrirgefningin sé oft misnotuð. „Hún er oft ekki einlæg. Fólk í áhrifastöðum segir oft: „Hafi ég gert mistök biðst ég afsökunar,“ í stað þess að segja: „Ég gerði mistök,“ þá er ansi djúpt á fyrirgefningarbeiðninni sjálfri, og allt snýst um tilfinningalíf þess sem upplifði hlutinn en ekki um gjörðir þess sem biðst fyrirgefningar,“ segir Þórdís Elva.

„Til þess að auglýsa leikritið fengum við fólk til að taka upp játningar á myndband,“ segir Þórdís Elva. „Síðan bjuggum við til kynningarmyndband fyrir Fyrirgefðu ehf., eins og um raunverulegt fyrirtæki væri að ræða, og settum það í loftið. Það fékk átta þúsund áhorf á þremur sólarhringum. Við leyfðum fólki að velkjast í vafa um hvort þetta væri raunverulegt fyrirtæki. Það vakti mikla eftirtekt og skiptar skoðanir, sem er gott. Ég vil meina að leikhúsið eigi að vera í samtali við samtíðarfólk sitt. Þegar listinni tekst best upp fær hún fólk til að spyrja sig áleitinna spurninga um samtímann,“ segir Þórdís Elva.

Fyrirgefðu ehf. verður frumsýnt föstudaginn 14. febrúar í Tjarnarbíói klukkan 20.00. Takmarkaður sýningafjöldi.

**HVAR?** Tjarnarbíó
**HVENÆR?** Frumsýnt 14. febrúar
**HVERSU MIKIÐ?** 3.900 krónur

➜ Í raun er fyrirgefningin mjög fyndin. Hún berskjaldar fólk. Það er erfið raun að játa að manni hafi orðið á í messunni. Fólk verður klaufalegt þegar stoltið þvælist fyrir því.

# Koma út úr skápnum eftir 30 ár

## Verðlaunaleikritið Lísa og Lísa frumsýnt hjá Leikfélagi Akureyrar

„Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt og fróðlegt æfingaferli enda sérstök sýning,“ segir leikkonan Saga Geirdal Jónsdóttir um leikritið Lísa og Lísa sem frumsýnt verður hjá Leikfélagi Akureyrar á morgun.

Saga leikur annað aðalhlutverkið á móti leikkonunni Sunnu Borg en þær bregða sér í hlutverk samkynhneigðs pars á sjötugsaldri sem ákveður að koma út úr skápnum eftir 30 ára sambúð, hálfvegis í felum. Ungt skáld hvetur þær til að opinbera samband sitt á leiksviði sem gerir það að verkum að þær fara að rifja upp liðna tíma.

„Þetta er skemmtileg blanda af gamni og alvöru. Við höfum verið með áhorfendur á síðustu æfingum sem hafa hlegið og skemmt sér,“ segir Saga en nú þegar er uppselt á nokkrar sýningar. Jón Gunnar Þórðarson leikstýrir verkinu sem sýnt er í Rýminu á Akureyri. Móheiður Helgadóttir sér um leikmyndina og Þóroddur Ingvarsson um lýsingu. Verkið er nýtt írskt verðlaunaverk eftir Amy Conroy. **áp**



**SAMBAND Í FELUM** Saga Geirdal Jónsdóttir og Sunna Borg í hlutverkum sínum í leikritinu Lísa og Lísa sem er einlægt og skemmtilegt verk. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

**HVAR?** Rýmið, Akureyri
**HVENÆR?** Frumsýnt 14. febrúar
**HVERSU MIKIÐ?** 4.400 krónur

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FIMMTUDAGUR 13. FEBRÚAR

### Félagsvist

**20.00** Rangæingar í Reykjavík, athugið! Félagsvist í samvinnu við Skaftfellinga í Skaftfellingabúð í Reykjavík í kvöld.

### Söfn

**14.00** Þjóðminjasafn Íslands býður leiðsögn sem sérstaklega er ætluð foreldrum í fæðingarorlofi.

### Kvikmyndir

**19.30** Konfúsíusarstofnunin sýnir þriðja hluta heimildamyndasyrpunnar China from the Inside. Þessi hluti nefnist Hverful náttúra. Myndin verður sýnd í Odda 101 í Háskóla Íslands.
**20.00** Nýjasta kvikmynd Lars von Trier verður forsýnd. Nymphomaniac: Part 1 er fyrri hluti síðustu myndarinnar í þríleik leikstjórans um þunglyndi og hefur ekki síst vakið athygli vegna afhjúpandi og óvæginna kynlífsatriða. Sýnd í Háskólabíói.

### Málþing

**13.00** Málþing um útinám í daglegu starfi í Hlöðunni við Gufunesbæ. Dagskráin stendur frá 13.00-16.00.

### Tónlist

**20.00** Árleg söngkeppni nemenda í MK, MK URPIÐ, fer fram að þessu sinni í Gamla bíói. Miðaverð 1.500 krónur.

### Tónleikar



**21.00 Hljómsveitin Sign** heldur útgáfutónleika fyrir plötuna Hermd í Austurbæ. Öll Sign-klíkan kemur þarna fram til að spila plötuna í heild sinni. Miðaverð 2.900 krónur.
**21.00** Magnús Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Frítt inn!

### Félagsstarf

**13.30** Félagsstarf Félags kennara á eftirlaunum. Bókmenntaklúbburinn verður í Kennarahúsinu.

### Fyrirlestrar

**12.00** Jónína Einarsdóttir og Helga Finnsdóttir halda fyrirlestur á vegum MARK Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna við Háskóla Íslands undir yfirskriftinni Staðgöngumæður: Frjálsar og fórnfúsar konur. Í stofu 201 í Árnagarði í Háskóla Íslands klukkan 12.00-13.00.
**12.00** Andri Snær Magnason, sem hlaut á dögunum Íslensku bókmenntaverðlaunin í þriðja sinn, talar um tilurð verka sinna í fyrirlestraröðinni Hvernig verður bók til? Hann mun meðal annars staldra við Söguna af bláa hnettinum, Lovestar og Draumalandið. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 101 í Lögbergi í Háskóla Íslands á milli 12 og 13.
**15.00** Næsti kvenheimspekingur sem verður kynntur í röðinni Kvennheimspekingar koma í kaffi er Hildegard af Bingen. Sigríður Guðmarsdóttir flytur fyrirlesturinn í stofu 301 í Árnagarði í Háskóla Íslands.
**16.00** Bryndís Baldvinsdóttir, leikskóla- og tónmenntakennari, heldur fyrirlestur um tónlist í leikskólastarfi á vegum RannUng. Fyrirlesturinn verður í stofu H 101 í Stakkahlíð, Háskóla Íslands.
**20.00** Bandaríski skóhönnuðurinn Mike Friton flytur erindi um aðferðir sínar í vöruhönnun í Hafnarhúsi. Hann fjallar um verkefnalausnir og reynslu á alþjóðamarkaði. Friton er brautryðjandi í skóhönnun og hefur verið leiðandi skóhönnuður í heiminum undanfarin 30 ár.

### Myndlist

**17.00** Opnun á innsetningu Ingólfs Arnarssonar og Sachiko M í i8 galleríi, Tryggvagötu 16.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# Sónar Festival hefst með 14 atriðum í dag

## Við mælum með þessum atriðum: Gus Gus - Moses Hightower - HE - Kiriyama Family - Hermigervill

Sónar Reykjavík 2014 fer fram dagana 13.-15. febrúar á fimm sviðum í Hörpu. 67 listamenn og hljómsveitir koma fram. Dagskrá hátíðarinnar fer fram í tveimur stærstu sölum hússins, Silfurbergi og Norðurljósum, auk þess sem svið verður sett upp á Flóasvæðinu og boðið verður upp á dagskrá í sitjandi Kaldalóni. Bílakjallara hússins verður breytt í dansgólf þar sem innlendir og erlendir plötusnúðar koma fram. Í dag eru fjórtán atriði á dagskrá. Á meðal þeirra atriða sem Fréttablaðið mælir með í dag eru Gus Gus, Moses Hightower, Högni Egilsson, Kiriyama Family og Hermigervill.



**Gus Gus** verður með tónleika í Silfurbergi (SónarClub) í Hörpu klukkan 23.45-01.00.



**Moses Hightower** verður með tónleika á Flóasvæðinu (SónarFlói) í Hörpu klukkan 23.00-00.00.



**HE, eða Högni Egilsson**, verður með tónleika í Silfurbergi (SónarClub) í Hörpu klukkan 21.30-22.30.




**Kiriyama Family** verður með tónleika á Flóasvæðinu (SónarFlói) í Hörpu klukkan 22.00-23.00.



**Hermigervill** verður með tónleika á Flóasvæðinu (SónarFlói) í Hörpu klukkan 00.00-01.00.





## TÓNNINN GEFINN

Lilja Katrín Gunnarsdóttir

# Ár tónlistar-fullnægingarinnar

Ég fæ nánast fullnægingu þegar ég kíki yfir þær plötur sem væntanlegar eru á þessu ári. Margir af mínum eftirlætistónlistarmönnum bjóða upp á glænýtt efni árið 2014 og ég get ekki beðið eftir að sökkva mér í sófann með græjurnar í botni.

Tónlistarmenn á borð við Adele, Chromeo, Death Cab for Cutie, Belle & Sebastian, Fleet Foxes, Modest Mouse, Lykke Li, My Morning Jacket, Frank Ocean og Pharrell gefa út plötur á árinu og ég á erfitt með að gera upp við mig yfir hverju ég er spenntust.



**KOMA SVO FRANK!** Hvernig ætlar hann að toppa Channel Orange?

Ég náttúrulega kolféll fyrir Channel Orange með Frank Ocean í hitteðfyrra – eitthvað sem ég bjóst alls ekki við. Sú plata komst næst því að vera fullkomin og því býst ég við miklu af Frank mínum. Ég veit ekki hvernig hann ætlar að toppa þessa frumraun sína en ég get ekki beðið eftir að heyra hann reyna – og vonandi takast.

Adele er annað nafn sem kitlar mína tára- og tónlistarkirtla. Hún heillaði mig upp úr skónum þegar hún kom fram á sjónarsviðið og ef enn væri í tísku að hlusta á geisladiska hefði platan 21 verið spiluð í hengla í minni síðustu ástarsorg.

Svo er það hann Pharrell. Elsku Pharrell sem virðist ekki getað stigið feilspor. Hann er óþolandi hæfileikaríkur. Svo ekki sé minnst á hve fagur hann er og skemmtilegur. Eins gott að hann geti drifið mig upp úr sófanum og látið mig dansa eins og enginn sé að horfa. Ég bið ekki um meira.

Síðast ætla ég að nefna Death Cab for Cutie. Sú plata held ég að eigi eftir að koma mér mikið á óvart því sú síðasta, Codes and Keys, var miklu betri en ég þorði að vona.

Biðin er erfiðust, eins og vitur maður sagði. Nú tekur hún víst við. Eins gott að allar þessar plötur verði biðarinnar virði.

## Í spilaranum







**Ýmsir** - Söngvakeppnin 2014
**Sigurður Flosason** - Blátt líf
**Mono Town** - In the Eye of the Storm





## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára




**SÓLÓPLATA VÆNTANLEG** Birgir Nielsen vinnur nú hörðum höndum að gerð sinnar fyrstu sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Úr poppinu í djass-skotinn fönkbræðing

**Tónlistarmaðurinn Birgir Nielsen vinnur nú hörðum höndum að gerð sólóplötu sem inniheldur frumsamið efni. Vestmannaeyjar veittu honum innblástur.**

„Maður er á nettu egóflippi þegar maður er að gera þetta, maður fær ákveðið kikk út úr því að ráða öllu,“ segir tónlistarmaðurinn Birgir Nielsen sem vinnur nú hörðum höndum að gerð sólóplötu sem er væntanleg til útgáfu í vor.

Birgir, sem fagnaði fertugsafmæli sínu síðastliðinn þriðjudag, hefur gert garðinn frægan með mörgum af þekktustu hljómsveitum landsins, á borð við Land og syni, Vini vors og blóma og Klaufana, ásamt fleirum. „Mín músíkstefna hefur ekki átt heima í þeim böndum sem ég hef verið í. Þetta er svona fönkkenndur djass en ég hef mest verið í popp- og rokkböndum,“ útskýrir Birgir en efni sólóplötunnar spannar nokkur ár aftur í tímann og er allt eftir hann sjálfan.

Hann fær marga af fremstu hljóðfæraleikurum landsins til þess að leika inn á plötuna. „Ég er með marga frábæra leikmenn með mér, Tommi Tomm, Jói Ásmunds og Frissi Sturlu spila til dæmis bassa inn á plötuna þannig að þetta ætti að sitja nokkuð vel. Einnig leika inn á plötuna Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari, Steinar Sigurðarson saxófónleikari og Snorri Sigurðarson trompetleikari, sem aðstoðar mig einnig við útsetningar,“ segir Birgir léttur í bragði, og bætir við að platan sé ekki trommusóló út í gegn. Mikið er lagt upp úr góðum hljómi og var því Addi 800, vinur Birgis til margra ára, fenginn til þess að annast hljóðblöndun.

> **Mín músíkstefna hefur ekki átt heima í þeim böndum sem ég hef verið í.**
>
> *Birgir Nielsen*

Birgir flutti til Vestmannaeyja fyrir fimm árum eftir að hafa búið í höfuðborginni alla sína ævi. „Vestmannaeyjar hafa verið mér góð hvatning, hér hef ég fundið mér tíma til að semja og taka upp. Það er auðvitað draumur allra tónlistarmanna að semja sjálfir og koma efni frá sér,“ segir Birgir sem hefur fengið góða hvatningu frá kollegum sínum í bransanum.

Hann hefur á undanförnum árum fært sig upp á skaftið í lagasmíðum og samdi til að mynda tónlistina við myndina Uppgjör við eldgos, sem kom út í fyrra en þá voru fjörutíu ár frá goslokum í Vestmannaeyjum.

Birgir stefnir á að platan verði fullkláruð með vorinu. „Ég stefni á útgáfu í maímánuði og þá verða einnig útgáfutónleikar í Eyjum og uppi á landi.“

Fyrir utan sólóplötuna hefur Birgir í nógu að snúast. „Það eru Skonrokktónleikar á næstunni þar sem við tökum fyrir eitísglysrokkið. Þá er ég að fara til Ósló-ar um næstu helgina að spila með Vinum vors og blóma,“ útskýrir Birgir sem lék um liðna helgi á aldarafmælistónleikum Ása í Bæ í Hörpu.

gunnarleo@frettabladid.is

## 6.2.2014 → 12.2.2014






### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | Pharrell | *Happy* |
| 2 | ▲ | Avicii | *Hey Brother* |
| 3 | ▼ | Kaleo | *Automobile* |
| 4 | ▲ | Ed Sheeran | *I See Fire* |
| 5 | ▲ | Björgvin Halldórsson / Jón Jónsson | Kæri vinur |
| 6 | ▲ | U2 | *Ordinary Love* |
| 7 | ▼ | Ellie Goulding | *How Long Will I Love You* |
| 8 | ▼ | Gary Barlow | *Let Me Go* |
| 9 | ▶ | A Great Big World / Christ. Aguilera | Say Something |
| 10 | ▼ | Steindi jr / StopWaitGo | Springum út |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| *1* | ▶ | Skálmöld og Sinfó | *Skálmöld og Sinfó* |
| *2* | ▶ | Kaleo | *Kaleo* |
| *3* | ▲ | Baggalútur | *Mamma þarf að djamma* |
| *4* | ▲ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| *5* | ▲ | Ýmsir | *Árið er* |
| *6* | * | Ýmsir | *Bjartar vonir vakna: Lög Oddgeirs* |
| *7* | ▲ | Björgvin Halldórsson | *Duet III* |
| *8* | ▼ | Ýmsir | *Pottþétt 61* |
| *9* | ▼ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| *10* | * | Ýmsir | *Yndislega eyjan mín* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.


STÖÐ 2 OG BYLGJAN KYNNA
BÓ&BUBBI
SAMAN Í HÖRPU
FÖSTUDAGINN 4. APRÍL OG LAUGARDAGINN 5. APRÍL KL. 20.00 Í ELDBORG ÁSAMT HLJÓMSVEIT
BENEDIKT BRYNLEIFSSON TROMMUR EIÐUR ARNARSSON BASSI GUÐMUNDUR PÉTURSSON GÍTAR
JÓN ELVAR HAFSTEINSSON GÍTAR ÞÓRIR ÚLFARSSON HLJÓMBORÐ ÞÓRIR BALDURSSON HAMMOND
KYNNIR ARI ELDJÁRN
AUKATÓNLEIKAR
FÖSTUDAGINN
4. APRÍL KL. 20.00
MIÐASALA HAFIN!
LÖGIN SEM HAFA LIFAÐ MEÐ ÞJÓÐINNI Í GEGNUM TÍÐINA.
MISSIÐ EKKI AF EINSTÖKUM TÓNLISTARVIÐBURÐI!
prime UMBOÐSSKRIFSTOFA
BYLGJAN 989
midi.is
MIÐASALA Á MIÐI.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikkonan Mena Suvari er 35 ára í dag**

**Helstu kvikmyndir:** American Beauty, American Pie og American Reunion.

# Lego-kubbar lifna við í glænýrri kvikmynd

Lego The Movie verður frumsýnd á morgun og fjallar um kubbakarlinn Hemma sem berst við illan harðstjóra.

Lego The Movie hefur farið sigurför um Bandaríkin en hún verður frumsýnd á Íslandi á morgun.

Aðalpersóna myndarinnar er verkakubbakarlinn Hemmi sem er alltaf í góðu skapi. Hann hefur enga reynslu af því að byggja Lego án leiðbeininga og vill alltaf fara eftir settum reglum. Byltingarsinnar vilja hins vegar fá að kubba án leiðbeininga og þeir eru sannfærðir um að Hemmi sé hinn útvaldi og geti kubbað það sem honum sýnist. Hann er því fenginn til að leiða baráttuna gegn hinum illa harðstjóra sem hefur bannað að kubbað sé án viðeigandi leiðbeiningabæklinga.

Í fyrstu líst Hemma ekkert á hið nýja hlutverk sitt enda hefur hann ekki hugmynd um hvernig á að kubba án leiðbeininga. Sem betur fer nýtur hann aðstoðar góðra stuðningskubba eins og ofurkubbanna Batmans, Grænu luktarinnar og Súpermanns því annars væri útlitið dökkt. - lkg

### ➜ Snöggar staðreyndir

- Myndin hefur verið í þróun hjá Warner Bros síðan árið 2008
- Yfir fimmtán milljónir Lego-kubba voru notaðar við gerð myndarinnar
- Hvert einasta smáatriði í myndinni er búið til úr Lego
- Tónlist í myndinni er samin af Mark Mothersbaugh sem vann að myndunum Cloudy with a Chance of Meatballs og 21 Jump Street



**KUBBAKAOS** Það er nóg af spennu í Lego-myndinni.

## FRUMSÝNINGAR

**Spenna í bíó á morgun**

### Vélmenni og vafasamur félagsskapur

**Out of the Furnace, spenna**

Bræðurnir Russell og Rodney búa með dauðvona föður sínum og þrá báðir betra líf. Eftir að Rodney er sendur til Íraks haga örlögin málum þannig að Russell er dæmdur í fangelsi. Nokkur ár líða og þegar þeir bræður hittast á ný er allt breytt, faðirinn dáinn, unnusta Russells í tygjum við annan mann og Rodney í sárum eftir Íraksstríðið, auk þess sem hann er lentur í vafasömum félagsskap þar sem hann tekur þátt í ólöglegum hnefaleikabardögum. Þegar Rodney hverfur einn daginn sporlaust ákveður Russell að grípa til sinna ráða og í gang fer alveg ótrúleg atburðarás.

**Robocop, spenna**

Árið er 2028 og fyrirtækið OmniCorp er í fararbroddi í framleiðslu vélmenna. Fyrirtækið hefur grætt háar upphæðir á notkun vélmenna sinna í hernaði erlendis, en nú beinir OmniCorp sjónum sínum að innlendum markaði. Þeir sjá kjörið tækifæri þegar lögreglumaðurinn Alex Murphy slasast lífshættulega við skyldustörf. OmniCorp notar Murphy til að búa til löggæsluvélmenni sem er maður að hálfu og vélmenni að hálfu. Fyrirtækið sér í hillingum að slík vélmenni skili mörgum milljörðum í hagnað fyrir hluthafa fyrirtækisins. En OmniCorp gerði ekki ráð fyrir því að í vélinni yrði ennþá maður sem héldi áfram að leita réttlætis.



# „Von Trier er hættulegur“

**Nymphomaniac: Part 1,** nýjasta kvikmynd Lars von Trier, verður frumsýnd hér á landi á morgun. Myndin þykir afar gróf en andlit aðalleikara og líkamar klámmyndaleikara voru skeytt saman í svæsnustu kynlífssenunum.

Nymphomaniac: Part I, nýjasta kvikmynd danska leikstjórans Lars von Trier, er frumsýnd á Íslandi á morgun. Myndin er fyrri hluti síðustu myndarinnar í þríleik leikstjórans um þunglyndi en seinni hlutinn verður frumsýndur 14. mars. Kvikmyndin segir frá erótísku ferðalagi kynlífsfíkilsins Joe frá fæðingu til fimmtugs. Á köldu vetrarkvöldi finnur Seligman Joe illa farna eftir árás í húsasundi. Hann fer með hana heim í íbúðina sína og gerir að sárum hennar á meðan hann spyr hana um hagi hennar. Hann hlustar áhugasamur á meðan Joe þylur upp marglaga atburðarás ævi sinnar, sem er vægast sagt ótrúleg.

Myndin þykir vera afar gróf og var ný tækni notuð til að taka upp grófustu kynlífsatriðin. Leikarar myndarinnar voru teknir upp þar sem þeir þóttust stunda kynlíf og svo voru sömu atriði tekin upp aftur þar sem um alvöru kynlíf var að ræða með klámmyndastjörnum. Andlit leikaranna og líkamar klámmyndaleikaranna voru síðan skeytt saman.

Myndin var tekin upp frá 28. ágúst til 9. nóvember árið 2012 í Þýskalandi og Belgíu. Búið er að búa til tvær útgáfur af báðum hlutum myndarinnar en önnur útgáfan er talsvert grófari en hin. Shia LaBeouf, einn af aðalleikurunum, segir myndina vera það sem hún er.

„Myndin er það sem þú heldur að hún sé. Þetta er Lars von Trier að búa til mynd um viðfangsefni sitt. Það er til dæmis klausa í haus handritsins þar sem stendur að við ætlum að gera allt alvöru. Að allt sem sé ólöglegt verði blörrað. Von Trier er hættulegur. Hann hræðir mig. Og núna ætla ég bara að vinna þegar ég er skíthræddur,“ lét Shia hafa eftir sér í ágúst árið 2012.

Auk Shia eru það Charlotte Gainsbourg, Stellan Skarsgård, Uma Thurman og Christian Slater sem fara með aðalhlutverkin. Myndin er sýnd samtímis í Háskólabíói, Borgarbíói á Akureyri og á VOD-leigu Vodafone og á SkjáBíói.

liljakatrin@frettabladid.is



### ➜ Einkunnir

**IMDb:** 7,6/10

**Rotten Tomatoes:** 100/100

**Metacritic:** 80/100



**DJARFT** Mikið hefur verið gert úr markaðssetningu myndarinnar og hefur plakatið vakið talsverða athygli. Á því eru myndir af leikurum myndarinnar að fá fullnægingu.

## Sendi Lars typpamynd

Shia LaBeouf sendi framleiðanda myndarinnar mynd af getnaðarlim sínum til þess að fá hlutverkið.

„Fyrstu upplýsingarnar sem við fengum, og ég gleymi þessu aldrei því að allir urðu svo hræddir – en það fyrsta sem framleiðendur myndarinnar fóru fram á voru myndir af typpinu á mér,“ segir LaBeouf í viðtali sem Zentropa Productions, fyrirtækið að baki Nymphomaniac, setti á YouTube. LaBeouf útskýrir að typpamyndin hafi verið próf, til að athuga hversu langt hann væri til í að ganga.

„Lars sagði: Sendið honum bréfið. Í bréfinu stóð, ‚Ertu til?‘,“ hélt LaBeouf áfram. „Ég hugsa að fyrsta prófið hafa verið ‚Tökum tímann á því hvað þessi hálfviti er lengi að senda af sér typpamynd.‘ Það liðu 20 mínútur. Þá sögðu þau: ‚Ókei, hann er tilbúinn í þetta.‘“

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




www.ms.is

# DEBENHAMS




## Velkomin á Dior daga í Debenhams 13. - 19. febrúar

Spennandi nýjungar og falleg gjöf fylgir
ef keyptar eru tvær Dior vörur*

* Meðan birgðir endast

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

# Tungumálaforrit með gervigreind

**Íslenska fyrirtækið Cooori fékk fyrstu verðlaun í San Francisco í keppni á milli fyrirtækja sem eru að hefja rekstur í Japan. Arnar Jensson er framkvæmdastjóri.**

„Við unnum lokakeppni Japan Night sem var í San Francisco í nóvember,“ segir Arnar Jensson, framkvæmdastjóri Cooori, sem sérhæfir sig í tungumálakennslu á netinu. „Keppnin er fyrir fyrirtæki sem eru að hefja rekstur í Japan. Hönnuður hjá Apple var í dómnefnd, og margir stórir fjárfestar. Við höfum fengið talsverða umfjöllun í blöðum og tímaritum í Japan út af keppninni,“ segir Arnar. „Við erum að búa til hugbúnað fyrir tungumálanám á netinu. Ég byrjaði með það einn árið 2009, strax eftir að ég kláraði doktorsnámið í verkfræði hérna í Tókýó. Ég var að læra japönsku í hjáverkum. Upp frá því fóru að spretta fram hugmyndir um hvernig væri möguleiki að betrumbæta tungumálanám. Ég fór heim í nokkra mánuði og fékk gott fólk til liðs við mig, og ýmsa styrki frá Íslandi. Umhverfið til þess að stofna sprotafyrirtæki er mjög gott á Íslandi, miðað við Japan,“ segir hann.

Tungumálaforritið Cooori er með gervigreind. „Gervigreindin lærir á minnið í hverjum nemanda fyrir sig. Hún aðlagar námsefnið og námshraðann að hverjum og einum. Í dag bjóðum við upp á kennsluefni í japönsku fyrir enskumælandi. Nemendur í japönsku í Háskóla Íslands nota kerfið, nemendur í MH, í fleiri háskólum í Japan, og mörg þúsund á netinu. Við erum ekki að kenna fleiri tungumál enn sem komið er,“ segir Arnar.



**FENGU FYRSTU VERÐLAUN** Brandon Hill, stofnandi Japan Night, ásamt Þorsteini Gunnarssyni, stjórnarformanni Cooori, og Arnari Jenssyni, framkvæmdastjóra Cooori. MYND/ÚR EINKASAFNI.

# SIGURSÆLASTA SÖNGKONA HEIMS 09.08.1963-11.02.2011

**Tvö ár eru liðin frá því að Whitney Houston fannst látin á hóteli í Beverly Hills. Andlát hennar kom fáum á óvart enda hafði hún barist við eiturlyfjafíkn um árabil. Ferill hennar var glæstur og arfleifðin sem hún skilur eftir sig ómetanleg.**

Whitney Houston fæddist 9. ágúst árið 1963 í Newark í New Jersey í Bandaríkjunum. Hún átti ekki langt að sækja sönghæfileikana því móðir hennar Cissy, frænkur hennar Dionne og Dee Dee Warwick og Aretha Franklin ásamt guðmóðir hennar Darlene Love voru allar vel metnar í tónlistarbransanum.

Whitney hóf að syngja í gospelkór ung að árum. Á táningsárunum fór hún á milli næturklúbba með móður sinni og söng með henni. Þá söng hún bakrödd í lagi Chaka Khan, I'm Every Woman.

Whitney hóf að vinna fyrir sér sem fyrirsæta í byrjun níunda áratugarins og varð fyrsta svarta konan sem sást á síðum Seventeen. Hún sat fyrir í tímaritum á borð við Glamour og Cosmopolitan. Hún varð eftirsótt og vann að tónlistinni samfara fyrirsætustörfunum. Árið 1983 skrifaði hún undir plötusamning. Það var svo í febrúar árið 1985 sem fyrsta plata hennar, Whitney Houston, kom út. Hún sló í gegn og tónlistartímaritið Rolling Stone telur hana eina af fimm hundruð bestu plötum allra tíma. Önnur plata hennar, Whitney, kom út árið 1987 og varð fyrsta plata konu sem náði strax toppsætinu á Billboard 200-plötulistanum.

Whitney seldi yfir tvö hundruð milljón plötur á ferlinum. Hún lék í fjórum kvikmyndum, en þær voru The Bodyguard, 1992, Waiting to Exhale, 1995, The Preacher's Wife, 1996, og nú síðast, Sparkle, 2012. Samkvæmt Heimsmetabók Guinness er Houston sú söngkona sem hlaut flest verðlaun á ferlinum.

Það var um aldamótin sem fór að halla undan fæti hjá Houston. Tíðar fréttir af heimilisofbeldi og eiturlyfjaneyslu Whitney tóku að berast. Hún fór að komast í kast við lögin, mæta ekki á tónleika og kom svo eftirminnilega fram á Michael Jackson: 30th Anniversary Special-tónleikunum, 2001. Eftir tónleikana gerðu slúðurmiðlar um allan heim sér mat úr fíklalegu útliti hennar. Árið eftir fór Houston í viðtal við Diane Sawyer þar sem hún var spurð út í neyslu sína. Houston þvertók fyrir neysluna með svarinu: „Crack is whack.“

Það var ekki fyrr en 2009 að Houston viðurkenndi fíkniefnaneyslu sína opinberlega í viðtali hjá Opruh. Í sama viðtali opnaði söngkonan sig um ofbeldisfullt hjónaband við Bobby Brown, en þau skildu árið 2007. Viðtalið við Opruh þar sem hún talaði um líf sitt, neysluna og Bobby, var sýnt sama kvöld og hún reyndi að lífga tónlistarferil sinn við með nýrri plötu, I Look to You. Þrátt fyrir að platan rataði á toppinn á vinsældalistum, ollu aðsóknartölur á tónleikaferðalagið sem hún lagði í til að fylgja eftir plötunni vonbrigðum. Gagnrýnendur sögðu rödd hennar ekki jafn góða og áður.

Whitney lést fyrir aldur fram þann 11. febrúar árið 2012. Hún var aðeins 48 ára gömul. Hún drukknaði í baði kvöldið áður en Grammy-verðlaunaafhendingin fór fram. Krufning leiddi síðar í ljós að drukknunin gæti hafa verið af völdum eiturlyfja, meðal annars kókaíns, en Houston átti við mikla kókaínfíkn að stríða, auk þess sem hún glímdi við hjartasjúkdóm. Whitney Houston var borin til grafar í heimabæ sínum stuttu eftir andlát hennar. Heimsbyggðin fylgdist með þegar söngkonan var jörðuð í beinni sjónvarpsútsendingu.


**HVERS MANNS HUGLJÚFI** Whitney var elskuð og dáð um allan heim.

## VINSÆLUSTU LÖG WHITNEY Á BILLBOARD

1. **I WILL ALWAYS LOVE YOU 1992** 1. SÆTI Í 14 VIKUR
2. **I WANNA DANCE WITH SOMEBODY (WHO LOVES ME) 1987** 1. SÆTI Í 2 VIKUR
3. **GREATEST LOVE OF ALL 1986** 1. SÆTI Í 3 VIKUR
4. **ALL THE MAN THAT I NEED 1990** 1. SÆTI Í 2 VIKUR
5. **I'M YOUR BABY TONIGHT 1990** 1. SÆTI Í 1 VIKU
6. **SO EMOTIONAL 1987** 1. SÆTI Í 1 VIKU
7. **HOW WILL I KNOW 1985** 1. SÆTI Í 2 VIKUR
8. **DIDN'T WE ALMOST HAVE IT ALL 1987** 1. SÆTI Í 2 VIKUR
9. **SAVING ALL MY LOVE FOR YOU 1985** 1. SÆTI Í 1 VIKU
10. **EXHALE (SHOOP SHOOP) 1995** 1. SÆTI Í 1 VIKU


**ENGINN DANS Á RÓSUM** Whitney og Bobby voru gift í fimmtán ár.

## STORMASAMT HJÓNABAND

Whitney kynntist R&B-söngvaranum Bobby Brown á Soul Train-tónlistarverðlaunahátíðinni árið 1989. Þau giftu sig 18. júlí árið 1992. Hjónaband þeirra var afar stormasamt og voru því gerð góð skil á síðum slúðurblaða þangað til þau skildu árið 2007.

Whitney og Bobby minntu á R&B-útgáfuna af Bonnie og Clyde. Hann var slæmur partístrákur og hún hvers manns hugljúfi. Það sem færri vissu fyrr en síðar var að þau sukku dýpra og dýpra í heim eiturlyfjanna eins og Whitney sagði frá í viðtali við Opruh Winfrey árið 2009.

„Hann var fíkniefnið mitt. Ég gerði ekkert án hans. Ég komst ekki í vímu ein. Þetta voru ég og hann saman og við vorum félagar. Hann var víman mín.“ Hún sagði einnig að vinsældir kvikmyndarinnar The Bodyguard árið 1993 hafi farið illa í Bobby.

„Það gerist eitthvað hjá karlmanni þegar kona upplifir svona mikla frægð. Ég reyndi alltaf að tala velgengnina niður. Ég sagði alltaf: Ég er frú Brown, ekki kalla mig Houston.“



➜ Um aldamótin fór að halla verulega undan fæti hjá Houston.

## GIFTIST BRÓÐUR SÍNUM

Whitney skildi eftir sig dóttur, Bobbi Kristinu Brown, sem hún átti með Bobby Brown árið 1993. Frá andláti söngkonunnar hefur ýmislegt gerst í lífi Bobbi.

Hún hvarf eftir jarðarför móður sinnar í febrúar fyrir tveimur árum og var í kjölfarið lögð inn á spítala vegna streitu.

Nýverið giftist hún Nick Gordon, uppeldisbróður sínum. Þau voru alin upp sem systkini í tólf ár en Whitney ættleiddi aldrei Nick. Hann hefur þó látið hafa eftir sér að Whitney hafi komið fram við hann eins og son.

Bobbi og Nick trúlofuðu sig í október 2012. Stuttu síðar hættu þau saman en ári síðar lét Bobbi vita á Facebook að þau hefðu trúlofað sig á ný.

Nýjasta útspil Bobbi er að hún vill verða poppstjarna eins og móðir hennar.


Varð fíkninni að bráð
**Whitney lést 11. febrúar árið 2012**

### ➜ Verðlaunin hennar Whitney

- **2 Emmy-verðlaun**
- **6 Grammy-verðlaun**
- **30 Billboard-tónlistarverðlaun**
- **22 American-tónlistarverðlaun**

***Whitney hlaut alls 415 verðlaun á ferlinum til ársins 2010.***



Einhell
Vnr. 74804118
EINHELL rafhlöðu-borvél. Tvær 18V rafhlöður fylgja.
7.995 kr.
Einhell
Vnr. 74802250
EINHELL stingsög BT-JS, 650W, sagar 80 mm þykkan við, 20 mm þykkt plast og 10 mm stál.
4.995 kr.
Einhell
Vnr. 74801026
EINHELL juðari BT-OS 150, nettur og þægilegur í alls kyns slípivinnu.
3.495 kr.
Vnr. 74810233
BOSCH AQT 33
háþrýstidæla, 100 bör.
19.995 kr.
BOSCH
SKIL
Vnr. 74097000
SKIL háþrýstidæla, 1400W, 100 bör.
9.995 kr.
Einhell
Vnr. 74832050
EINHELL þrýstikútur, 5 l.
3.995 kr.
Vnr. 74804108
EINHELL rafhlöðu-skrúfjárn, 4,8V.
1.995 kr.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
Einhell
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
EINN KUBBUR DUGAR 2,5 KLST.
Peis Kubbe
Vnr. 42308344
Brennikubbur.
KLÚBB verð
295 kr.
Almennt verð 590 kr.
Vnr. 42376665
Trappa með tveimur þrepum.
KLÚBB verð
2.995 kr.
Almennt verð 3.990 kr.
5-10 LÍTRAR
Vnr. 58010005-107
Fata, 5 l eða 10 l, margir litir.
Verð frá:
285 kr.
12 LÍTRAR
Vnr. 42307354
Bali/vaskafat, 12 l.
785 kr.
Vnr. 51353194
Sparpera, E14, 9W.
KLÚBB verð
195 kr.
Almennt verð 395 kr.
Vnr. 42378856
MELISSA
brauðrist.
KLÚBB verð
2.595 kr.
Almennt verð 3.995 kr.
Vnr. 42378559
TRISTAR hitablásari, 2000W.
3.995 kr.
Vnr. 65105825
Þilofn með gegnum-streymi, 1000W.
5.995 kr.
FLOKKAÐU RUSLIÐ Á EINFALDAN HÁTT
Auðveldaðu ruslflokkunina með tunnum sem hafa mislit lok. Hver flokkur hefur sinn lit.
Vnr. 58150400–21
Flokkunartunnur, margar gerðir.
Verð frá:
1.995 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.
www.expo.is / EXPO auglýsingastofa
facebook.com/BYKO.is

Sony Center
www.sonycenter.is



159.990.-
SPARAÐU 40.000.-
FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI
42" Led sjónvarp KDL42W653
• Full HD 1920 x1080 punktar
• 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
• Nettengjanlegt og innbyggt WiFi
HDTVtest HIGHLY RECOMMENDED
Tilboð 159.990.- Verð áður 199.990.-
5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM
HEIMABÍÓ MEÐ ÞRÁÐLAUSUM BASSAHÁTALARA
HTCT260H

• 300W 32 bita magnari
• 1 hátalari og þráðlaust bassabox
• Bluetooth tengimöguleiki
63.990.-
SPARAÐU 16.000.-
Tilboð 63.990.- Verð áður 79.990.-

93.490.-
SPARAÐU 16.500.-
ÖFLUG OG TRAUST
Á FRÁBÆRU VERÐI
SVF1521A6EW
• Intel Pentium örgjörvi
• 15,5" Flat LED skjár
• 4GB innra minni, 500GB diskur
Tilboð 93.490.- Verð áður 109.990.-

69.590.-
SPARAÐU 10.400.-
FRÁBÆR FERÐAFÉLAGI
Á GÓÐU VERÐI
ILCE3000KB
• 20.1 pixla Exmor myndflaga
• Full HD video1920x1080/50
• 18-55mm linsa fylgir, útskiptanleg linsa
Tilboð 69.590.- Verð áður 79.990.-
Sony Center
Verslun Nýherja / Borgartúni 37 / 569 7700
Verslun Nýherja / Kaupangi Akureyri / 569 7645

# Laugardalnum umbreytt yfir helgi

Secret Solstice-tónlistarhátíðin verður haldin í fyrsta sinn á Íslandi í sumar, en meðal þeirra sem koma fram eru Massive Attack og Kerri Chandler. Þeir sem standa að hátíðinni eru Friðrik Ólafsson og breski tónleikahaldarinn Jack Robinson.

Massive Attack verður aðalatriðið á nýrri tónlistarhátíð, Secret Solstice, sem fram fer í Laugardal dagana 20.-22.júní. Í tilkynningu frá hátíðinni kemur fram að þegar hafi hundruð erlendra gesta boðað komu sína til landsins.

Massive Attack er meðal áhrifamestu hljómsveita Bretlands, en hún er frá Bristol. Meðal annarra sveita á Sólstöðuhátíðinni verða Múm, Mammút, Solaris, Woodkid, Kerri Chandler, Damian Lazarus, Gorgon City og Sisý Ey.

Þeir sem standa að Sólstöðuhátíðinni eru Friðrik Ólafsson og breski tónleikahaldarinn Jack Robinson en hann stendur meðal annars að Outlook- og Dimensions-tónlistarhátíðunum í Mið-Evrópu.

**Aðalsviðið: Valhöll**
Aðalsviðið er á Valbjarnarvelli en þar koma fram stærstu nöfnin, á borð við Massive Attack.

**Þorpið: Ásgarður**
Þorpið stendur andspænis aðalsviðinu og í því verður meðal annars boðið upp á veitingar, mat og drykk. Einnig verður þar að finna tattú-bás, svo eitthvað sé nefnt. Í þorpinu verður lifandi tónlist.

**Tjaldstæði**
Það er pláss fyrir 3.000 gesti, en búið er að leigja út öll tjaldstæði í Laugardalnum undir gesti hátíðarinnar.

**Skautahöllin: Hel**
Á slaginu 24.00 hefst svo kallað „after-hours"-reif, þar sem helstu plötusnúðar Madtech og Crosstown Rebels koma fram.



**Annað svið: Miðgarður**
Stórt svið.

**„After-hours"-tjaldið: Gimli**
Eftir 24.00 er hústónlist spiluð í Gimli og þar verður dansað fram á nótt.

# Vettvangur sem á að auðvelda uppgötvun á norrænni tónlist

Norræni spilunarlistinn er fyrsta samnorræna tónlistarsíðan sem kemur til með að hjálpa fólki að uppgötva norræna tónlist. Þar er hægt að kynna sér tónlist frítt.

„Þetta er fyrsta samnorræna tónlistarsíðan og hún kemur til með að hjálpa fólki að uppgötva norræna tónlist á auðveldari hátt," segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri NOMEX eða Norræna útflutningsverkefnisins.

Vefsíðan nordicplaylist.com, eða Norræni spilunarlistinn, er nýr vettvangur sem ætlaður er til að auðvelda áhugasömum að uppgötva nýja norræna dægurtónlist. „Síðan gerir okkur líka kleift að kynna okkur betur hvað er að gerast í tónlistarsenunni á Norðurlöndunum."

Vefsíðan, sem er ný og var opnuð í janúar, er enn í þróun. „Þetta gengur rosalega vel, það hafa yfir 30.000 manns heimsótt síðuna á fyrstu vikunum," segir Anna Hildur.

Á Norræna spilunarlistanum er hægt að skoða lista sem norrænir tónlistarmenn hafa búið til. „Nanna Bryndís Hilmarsdóttir úr Of Monsters and Men bjó til lista fyrir síðuna fyrir skömmu. Þá velja listamennirnir tvo listamenn eða hljómsveitir frá hverju Norðurlandanna," útskýrir Anna Hildur. Norræni spilunarlistinn er einnig aðgengilegur á öðrum tónlistarveitum, líkt og á Spotify, Deezer og Wimp. Verkefnið er hluti af formennsku Íslands



**FRÁBÆR VETTVANGUR** Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri Norræna útflutningsverkefnisins, er ánægð með viðtökur spilunarlistans. MYND/ANTON BRINK

í Norrænu ráðherranefndinni 2014.

Norðurlönd í fókus, sem er verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, og útvarpsstöðin X-ið standa fyrir kynningarfundi á Norræna spilunarlistanum, sem fram fer í Norræna húsinu í dag klukkan 12.00.

Francine Gorman, verkefnastjóri Norræna spilunarlistans, kynnir verkefnið og spilað verður brot af tónlistinni á listanum. Pallborðsumræður fara fram í kjölfarið þar sem rætt verður um vægi spilunarlista í kynningu og miðlun á tónlist og horft á hvaða gildi Norræni spilunarlistinn hefur fyrir aukið kynningarsamstarf, bæði innan Norðurlandanna og um heim allan. Í pallborðsumræðum taka til máls Francine Gorman, ritstjóri Norræna spilunarlistans, Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri ÚTÓN – Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, Björn Steinbekk, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Sónar Reykjavík og Katrína Mogensen, söngkona hljómsveitarinnar Mammút. Um fundarstjórn sér Frosti Logason, útvarpsmaður á X-inu. - glp

# ALLT FYRIR VALENTÍNUSAR-DAGINN Í HAGKAUP






ILMIR Í MIKLU ÚRVALI!



**Brjóstahaldari**
**2.499**
**Nærbuxur**
**1.699**



**Brjóstahaldari**
**1.999**
**Strengur**
**1.699**

FRÁBÆRT ÚRVAL AF UNDIRFÖTUM FYRIR ÁSTINA ÞÍNA!



DÖMUNÆRBUXUR Í ÚRVALI
VERÐ FRÁ
999



**Toppur**
**2.499**
**Strengur**
**999**



**Herra nærbuxur**
**1.999**

BLÓMIN FÁST Í HAGKAUP!





**Jarðarber í hjartalaga öskju**

KONFEKT Í ÚRVALI!



**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| NURSE 3D | 10:30 | 16 |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8, 10:30 | 12 |
| 47 RONIN 3D | 10:30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM | 6 2D | L |
| HOBBIT 2 3D | 5 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 8 | 7 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| GRUDGE MATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| JACK RYAN | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 5:40 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| GRUDGE MATCH | KL. 8 -10:25 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 5:40 | L |
| JACK RYAN | KL. 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:15 | 16 |
| LAST VEGAS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:15 - 10:15 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 6 - 9 | 16 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:45 - 8 - 10:20 | 12 |
| GRUDGE MATCH | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:45 - 8 - 10:20 | 12 |
| GRUDGE MATCH | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | 5% | |
|---|---|---|
| INSIDE LLEWYN DAVIS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| INSIDE LLEWYN DAVIS LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HER | KL. 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D | KL. 3.30 | L |
| 47 RONIN 3D | KL. 10.40 | 12 |
| BELIEVE | KL. 3.30 | L |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 5.40 - 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ | 5% | |
|---|---|---|
| NYMPHOMANIAC | KL. 20 (FORSÝNING) | 16 |
| INSIDE LLEWYN DAVIS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HER | KL. 6 - 9 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 10.30 | 12 |
| EYJAFJALLAJÖKULL | KL. 6 | 7 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 6 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 9 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| INSIDE LLEWYN DAVIS HER | KL. 8 | 16 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 8 | 12 |
| HER | KL. 10.10 | 12 |
| NURSE 3D | KL. 10.10 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 5.45 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 5.45 | L |




DUGLEG Rihanna gefst ekki upp.

## Rihanna gjaldþrota

Söngkonan Rihanna segir frá því í nýjum lagaskjölum að hún hafi orðið gjaldþrota í lok árs 2009. Hún kennir „heimskum bókurum“ um það að auðæfi hennar hafi orðið að engu.

Rihanna heldur því fram að hún hafi átt ellefu milljónir dollara í byrjun árs 2009, rúman milljarð króna. Í lok árs átti hún hins vegar bara tvær milljónir dollara vegna ákvarðana bókara sinna.

Rihanna gafst ekki upp og hefur náð sér vel eftir þetta áfall. Er hún metin á 43 milljónir dollara í dag, tæpa fimm milljarða króna. - lkg

# Flóknara en algebra

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



**„ÞETTA** er engin algebra, öll erum við eins,“ syngur Pollapönk í frábæru Eurovision-lagi sínu (það besta í keppninni að mínu mati). En ég er ekki sammála textabrotinu hér að ofan. Fordómar eru að vísu alls engin algebra, enda er algebra lokað og fastmótað heildarkerfi sem gengur upp í sjálfu sér – fordómar eru miklu flóknari en algebra! Af hverju? Jú – öfugt við það sem segir í textanum þá erum við alls ekki öll eins.

**ÉG ER EKKI** að reyna að vera með stæla. Ég skil vel merkinguna að baki orðunum. Innst inni eigum við öll eitthvað sameiginlegt sem á að koma í veg fyrir sjálfselsku og fordóma. Við getum kallað það „mennsku“ eða „samvisku“ og við eigum að rækta þetta í okkur sjálfum. En að halda því fram að það sé auðveldara viðfangsefni en að reikna algebru. Það er ekki rétt.

**ALGEBRU** er hægt að mastera. Það þurfa flestir að gera 16-17 ára gamlir þó fæstir hafi kannski áhuga á því. En að glíma við spurninguna um hver sé samnefnari göfuglyndis í mannskepnunni? Það er ekki hægt að mastera það þó skáldin hafi reynt öldum saman.

**OG ÞVÍ FER** fjarri að það þurfi aðeins einlægni til að koma auga á hið mannlega og að fordómar fyrirfinnist ekki í hjarta barnsins heldur séu síðari tíma innræting. Ég vildi að það væri þannig, en ef maður eyðir tíma með börnum sér maður að þau miða heiminn að mestu út frá sjálfum sér; börn eru ekki umburðarlyndari en fullorðnir.

**ÉG ER** sammála því að við eigum að fókusa á það sem sameinar okkur fremur en sundrar. En gætum okkar. Fordómar kvikna þegar ætlast er til að allir séu eins. Við erum ekki öll eins. Sem dæmi má nefna að fólk hefur mismunandi hugmyndir um hvað teljist fordómafullt. Sumum er drullusama um allt, aðrir móðgast alltaf (ef ekki vegna sjálfs sín, þá fyrir hönd annarra). „Burtu með fordóma.“ Ekki spurning. En byrjum á að viðurkenna að það er miklu flóknara viðfangsefni en algebra.



**HÁTÍÐARHÖLD Í HÖRPU** Kvenfélagið Kítón heldur sína fyrstu uppskeruhátíð í Hörpu. F.v. Védís Hervör, Lára Rúnarsdóttir, Hafdís Huld, Þorbjörg Daphne Hall, Hallfríður Ólafsdóttir og Ísabella Leifsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Staða kvenna í tónlist skökk

### Kíton, félag kvenna í tónlist, heldur sína fyrstu uppskeruhátíð í byrjun mars. Hátíðin fer fram í Hörpu.

**Gunnar Leó Pálsson**
gunnarleo@365.is

„Það er mikil spenna í loftinu enda mjög skemmtilegt að undirbúa svona stóra og flotta hátíð,“ segir Lára Rúnarsdóttir, tónlistarkona og einn stjórnarmeðlima KÍTÓNs, félags kvenna í tónlist. Félagið stendur fyrir sinni fyrstu uppskeruhátíð helgina 1. og 2. mars næstkomandi.

Uppskeruhátíðin, sem fram fer í Hörpu, hefst á málþingi undir yfirskriftinni Jafnrétti í tónlist á Íslandi. Á meðal þeirra sem flytja erindi á málþinginu eru Katrín Jakobsdóttir, Árni Matthíasson, Guðni Tómasson, Arna Kristín Einarsdóttir og Hera Björk Þórhallsdóttir. Einnig verða pallborðsumræður þar sem tekið verður fyrir málefnið „Í átt að jafnrétti í tónlistarbransanum, hvar stöndum við og hvert stefnum við?“. „Þegar tölfræðin er skoðuð má sjá að umhverfi tónlistarbransans er mjög karllægt, til dæmis ef horft er á félög, nefndir og ráð, auk útgáfufyrirtækja, útvarps, sjónvarps og dagblaða,“ útskýrir Lára.

Seinni dagur uppskeruhátíðarinnar verður helgaður tónlist íslenskra tónlistarkvenna. „Það verður fjöldinn allur af örtónleikum innan veggja Hörpu á sunnudeginum frá klukkan 13.00 til 17.00 sem er opið öllum. Þeir fara fram í þremur hornum í Hörpu, á kaffihúsinu Munnhörpunni, við Norðurbryggju og í Yoko-horninu. Á örtónleikunum verður flutt alls kyns tónlist og koma þar fram tónlistarkonur úr KÍTÓN enda er KÍTÓN félag sem gengur þvert á allar tónlistarstefnur. Við lofum fjölbreyttri dagskrá.“

Lokahnykkur uppskeruhátíðarinnar eru svo tónleikarnir Tónafljóð, sem fram fara í Eldborgarsalnum. „Þar verða konur í forgrunni og flutt verk eftir konur,“ segir Lára létt í lundu. Á meðal þeirra sem fram koma á tónleikunum eru Ragnhildur Gísladóttir, Ellen Kristjánsdóttir, Lay Low, Vök, Mammút, Ragnheiður Gröndal, Hafdís Huld, Myrra Rós, Cell 7, Greta Salóme og Sunna Gunnlaugs. „Auk þess ætlar Vox Feminae að flytja verk eftir Báru Grímsdóttur, Hljómeyki flytur verk eftir Önnu Þorvalds, félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja verk eftir Jórunni Viðar og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flytur verk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur svo eitthvað sé nefnt. „Miðasalan hófst í gær og fór vel af stað,“ bætir Lára við.

KÍTÓN var stofnað í janúar 2013 og gekk fyrsta starfsárið vonum framar. „Það hefur allt gengið ótrúlega vel og það er mikill metnaður og kraftur á meðal þeirra kvenna sem eru í félaginu,“ útskýrir Lára. Þær unnu fjölda verkefna á árinu sem opnað hafa augu fólks fyrir grósku og mikilvægi kvenna í íslenskum tónlistarbransa. Alls eru um 220 konur skráðar í félagið en þar af eru níu í stjórn, auk Láru eru þær Védís Hervör Árnadóttir, Ragnheiður Gröndal, Greta Salóme, Hallfríður Ólafsdóttir, Andrea Jónsdóttir, Alma Rut Kristjánsdóttir, Hafdís Huld Þrastardóttir og Þorbjörg Daphne Hall. „Þetta er dásamlegur félagsskapur og nærandi í alla staði.“

> **Þegar tölfræðin er skoðuð má sjá að umhverfi tónlistarbransans er mjög karllægt, til dæmis ef horft er á félög, nefndir og ráð, auk útgáfufyrirtækja, útvarps, sjónvarps og dagblaða.**
>
> *Lára Rúnarsdóttir*

gunnarleo@frettabladid.is


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






ix35

# Vandaður – fjórhjóladrifinn

## Hyundai ix35, dísil, beinskiptur - Verð: 5.790.000 kr.

Hyundai ix35, dísil, sjálfskiptur - Verð: 6.390.000 kr.

Fjórhjóladrifinn / hiti í stýri / hiti í fram- og aftursætum / HAC brekkubremsa
bakkmyndavél / fjarlægðarskynjarar að aftan og framan / eldsneytisnotkun 5,5 l/ 100 km*

## Bjóðum vetrardekk og dráttarbeisli með öllum ix35 í takmarkaðan tíma!

5 ÁRA Ábyrgð Ótakmarkaður Akstur

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

BL Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun beinskipts ix35 í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM61162

## VETRARÓLYMPÍULEIKARNIR Í SOCHI 2014

**DAGSKRÁ FIMMTUDAGUR**

09.50 10KM SKÍÐAGANGA KVENNA
11.40 SKAUTASPRETTHLAUP
12.30 ÍSHOKKÍ KARLA: SLÓVAKÍA-BANDARÍKIN
15.05 SAMANT. FRÁ DEGI 5 (E)
15.40 SLOPESTYLE SKÍÐAFIMI KARLA (E)
17.00 ÍSHOKKÍ KARLA: KANADA-NOREGUR
19.30 ÍSHOKKÍ KARLA: RÚSSLAND-SLÓVENÍA (E)
22.00 SAMANTEKT FRÁ DEGI 6
22.35 ÍSHOKKÍ KARLA: FINNLAND-AUSTURRÍKI

### STJÖRNUR DAGSINS
**DOMINIQUE GISIN OG TOMA MAZE** BRUN KVENNA

Svisslendingurinn Dominique Gisin og Slóveninn Tina Maze skrifuðu nýjan kafla í sögu Vetrarólympíuleikanna í gær þegar þær komu nákvæmlega jafnar í mark í bruni og fengu báðar gull. „Það er mikill heiður fyrir mig að deila gullinu með Tinu því hún er stórkostleg kona. Ég ætla ekki að halda partí strax því ég fær tvö önnur tækifæri," sagði Dominique Gisin sem náði ekki að klára brunferðina sína fyrir fjórum árum. Maze var hins vegar ekki að vinna sín fyrstu verðlaun því hún vann silfur í stórsvigi og risasvigi í Vancouver fyrir fjórum árum.



# Nærfataauglýsing á 140 kílómetra hraða

**Bruno Banani er fyrsti keppandinn frá Suður-Kyrrahafseyjunni Tonga sem keppir á Vetrarólympíuleikunum. Hann er gangandi auglýsing fyrir þýskt fyrirtæki sem fékk hann til að skipta um nafn. Draumur prinsessunnar rættist.**

**ÓL 2014** Þegar hinn 26 ára gamli Bruno Banani frá Tonga renndi sér á baksleðanum niður brekkuna í Sotsjí um síðustu helgi rættist ósk Salote Mafile'o Pilolevu Tuita, prinsessunnar af Tonga, um að eiga keppanda á Vetrarólympíuleikunum. Banani, sem keppt hefur á þremur heimsmeistaramótum, endaði í 32. sæti og stóð sig hreint með ágætum.

Saga hans er lyginni líkust. Eiginlega bara hálfgerð lygi. Það er t.a.m. engin tilviljun að hann heitir það sama og þýski nærfataframleiðandinn Bruno Banani. Hann tók nefnilega upp nafn fyrirtækisins fyrir fimm árum í markaðsskyni og hefur síðan verið auglýsing fyrir fyrirtækið þar sem hann þýtur á baksleða niður brekkur heimsins á allt að 140 kílómetra hraða.

**Fundu glufu í regluverkinu**

Fuahea Semi, eins og hann heitir réttu nafni, mætti á hálfgert baksleðanámskeið sem þýski meistarinn Isabel Barschinski hélt á Tonga árið 2009 og í framhaldinu hafði markaðsfyrirtækið Makai samband við hann. Það viðraði þá hugmynd við Semi að byrja að æfa íþróttina af krafti og breyta nafni sínu í Bruno Banani.

Reglur Ólympíunefndarinnar hvað varðar auglýsingar í kringum leikana eru mjög strangar og mega íþróttamenn ekki einu sinni birtast í þeim hvar sem er í heiminum á meðan á leikunum stendur. Ekki nema sé verið að auglýsa eitthvert af þeim fyrirtækjum sem styrkja Ólympíuleikana.

„Ég virði Ólympíuleikana en við fundum þarna glufu í regluverkinu. Við fengum þá hugmynd að breyta nafni hans sem er ekki bannað," sagði Mathias Ihle, forstjóri Maikai, við ESPN í janúar.

Hinum endurnefnda Banani var svo boðið til æfinga með þýska landsliðinu er hann reyndi að komast á Vetrarólympíuleikana í Vancouver 2010 en það tókst ekki. Hann hefur síðan keppt á þremur heimsmeistaramótum og er nú búinn að endurskrifa Ólympíusögu Tonga.

Markaðsfyrirtækið breytti ekki bara nafni Semi heldur sögu hans. Faðir Semi fæðir og klæðir fjölskyldu sína með því að tína kassavarætur en þar sem þær þekkja ekki allir var frekar sagt að hann tíndi kókoshnetur. Sú setning fylgir svo alltaf Banani að hann „fái kraft úr kókoshnetum".

Þýska blaðið Der Spiegel kom upp um Banani fyrir tveimur árum en það stöðvaði hvorki nærfataframleiðandann né íþróttamanninn sjálfan. Hann hélt áfram ótrauður og tryggði sér keppnisrétt á ÓL 2014 í lok desember á síðasta ári.

Prinsessan af Tonga var svo mætt til Sotsjí fyrir keppnina um síðustu helgi þar sem hún hoppaði og öskraði af gleði. „Áfram Bruno, áfram Tonga, áfram Tonga!" hrópaði hún. Ekkert lítið ánægð með að draumur hennar rættist.

tom@frettabladid.is



**SÖGULEGAR FERÐIR** Bruno Banani braut blað í sögu Kyrrahafseyjunnar Tonga þegar hann renndi sér í Sotsjí um síðustu helgi. MYND/GETTY

# Oft spilað betur á þessum árstíma

**Heimir Guðjónsson er ósáttur við varnarleikinn á annars góðu móti í Algarve.**

**FÓTBOLTI** „Mér fannst við spila vel í fyrstu tveimur leikjunum en í heildina fáum við á okkur ellefu mörk sem er einfaldlega alltof mikið. Við spiluðum bara ekki nógu sterkan varnarleik," segir Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, um leikina þrjá sem liðið spilaði á Atlantic Cup-mótinu í Algarve.

FH tapaði öllum þremur leikjunum á móti. Fyrst fyrir sænska liðinu Örebro, 4-1, svo Spartak Moskvu, 3-1, og endaði svo á 4-2 tapi fyrir austurríska B-deildarliðinu Mattersburg.

„Við erum ánægðir með þessa ferð. Við sáum margt jákvætt í okkar leik en það er líka ýmislegt sem við þurfum að laga áður en deildabikarinn byrjar," segir Heimir.

Miðverðirnir Freyr Bjarnason og Guðmann Þórisson eru farnir og hefur leit liðsins að staðgenglum þeirra gengið upp og ofan. Bandaríkjamaðurinn Sean Reynolds er mættur til liðsins.

„Hann hefur staðið sig vel að mörgu leyti en við vissum alltaf að það tæki tíma fyrir hann að aðlagast og hann mun sá sinn tíma. En það er ekkert leyndarmál að við erum að leita að mönnum til að styrkja liðið."

FH var með leikmann frá Grænhöfðaeyjum til skoðunar í Portúgal en hann meiddist eftir þrjár æfingar og gat því ekki spilað neinn leik.



„Við eigum eftir að setjast niður og skoða hvort við munum fá hann hingað til æfinga. Það fer eftir því hversu lengi hann er frá," segir Heimir og bætir við:

„Það er alveg hægt að finna menn en auðvitað vill maður alvöru gæði og gæði kosta peninga. Nú er bara febrúar þannig að við höfum tíma að mínu mati. Við höfum samt oft spilað betur á þessum tíma árs en ég held það þýði nú lítið að fara á taugum yfir því strax. Það er langt í mót," segir Heimir Guðjónsson.

PIPAR\TBWA • SÍA • 140382

TVÖFALDIR VILDARPUNKTAR
13.–15. FEBRÚAR ICELANDAIR

Dæmi: 10.000 kr. áfylling gefur 300 Vildarpunkta



Sæktu um lykil núna á ob.is

Til að safna Vildarpunktum Icelandair með lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair korti, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi Olís eru á olis.is/vidskiptakort/vildarkerfi



**FRÁBÆR ALHLIÐA LEIKMAÐUR** Nigel Moore hefur farið fyrir uppkomu ÍR-liðsins sem hefur unnið 6 af 7 leikjum í deild og bikar síðan að hann mætti í Efra-Breiðholtið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Í hverju felast Nigel Moore-áhrifin?

## ÍR-ingar hafa snúið við blaðinu síðan Nigel Moore mætti í Hertz-Hellinn. Liðið hoppaði úr fallsæti, inn í bikarúrslitin og í baráttu um úrslitakeppnissæti.

**KÖRFUBOLTI** Nigel Moore er ekki búinn að vera ÍR-ingur nema í 35 daga en körfuboltalið félagsins hefur tekið miklum stakkaskiptum síðan hann klæddist ÍR-búningnum fyrst.

Við höfum séð slíka umbreytingu áður við komu Nigels Moore í íslenskt lið en þegar Fréttablaðið setti fram spurninguna um hver Nigel Moore-áhrifin yrðu í Breiðholtinu bjuggust örugglega ekki margir við þeim margföldunaráhrifum sem hafa orðið á hinu unga liði Örvars Þórs Kristjánssonar.

„Hann kom með ótrúlega jákvæðan og góðan anda inn í hópinn fyrir utan það að vera frábær alhliða körfuboltamaður. Ég held að hann hafi spilað allar stöður hjá mér síðan hann kom. Hann gefur öðrum leikmönnum bullandi sjálfstraust og er mjög mikill liðsspilari,“ segir Örvar Þór Kristjánsson, þjálfari ÍR-liðsins.

Örvar Þór þekkti þó áhrifamátt kappans frá fyrstu hendi því hann var aðstoðarþjálfari Njarðvíkurliðsins í fyrra þegar Nigel Moore mætti í Ljónagryfjuna.

„Það hjálpar rosalega mikið til að hann er að vera 33 ára gamall og er margreyndur atvinnumaður. Hann er ekki hérna til að sanna sig því hann er löngu búinn að því. Hann er hér til að ná árangri og er mikil fyrirmynd fyrir ungu strákana hjá mér. Hann trúir á þá sem er það sama og var upp á teningnum hjá Njarðvík í fyrra,“ segir Örvar.

Tölfræðin sýnir breytinguna svart á hvítu. ÍR tapaði sex síðustu deildarleikjum sínum fyrir áramót en hefur unnið fjóra af fyrstu fimm deildarleikjunum með Moore. Auk þess hefur ÍR-liðið unnið tvo bikarleiki og tryggt sér sæti í bikarúrslitaleiknum í Höllinni seinna í þessum mánuði.

„Frá fyrstu æfingu fundu strákarnir að hann væri ekki hér bara fyrir sjálfan sig heldur langaði hann til að liðið og strákarnir yrðu betri,“ segir Örvar.

Nigel Moore (17,4 stig í leik með ÍR) er að skora álíka mikið og fyrirrennarar hans, þeir Terry Leake yngri (18,2) og Calvin Lennox Henry (17,3). Moore er þó vissulega með fleiri fráköst, fleiri stoðsendingar, fleiri stolna bolta og meira framlag.



„Hann er svo mikill leiðtogi öfugt við þessa stráka sem ég fékk fyrr í vetur. Þeir voru ekki jafnhæfileikaríkir og hann auk þess að vera ungir menn sem voru að reyna að sanna sig. Þeir féllu ekki inn í liðið,“ segir Örvar.

Það eru nefnilega áhrif Moore á aðra leikmenn ÍR-liðsins sem skila þessari umbreytingu á ÍR-liðinu. Þrír lykilmenn ÍR-liðsins hafa allir bætt meðalstigaskor sitt. Þetta eru þeir Sveinbjörn Claessen, Matthías Orri Sigurðarson og síðast en ekki síst Hjalti Friðriksson sem er nánast endurfæddur eftir komu Moore.

„Ég er mjög ánægður að sjá hvað menn eru að blómstra. Nigel á þar gríðarlega stóran hlut en hann hefur rosalega mikla trú á þessum strákum og er mikill þjálfari í sér líka,“ segir Örvar sem var fljótur að hafa samband þegar Njarðvíkingar létu Nigel fara.

„Bæði ég og Nigel skildum Njarðvíkingana hundrað prósent í þessum áherslubreytingum sem þeir gerðu og það var ekki auðvelt fyrir þá að láta mann eins og Nigel fara. Þá var það engin spurning hjá okkur að reyna að klófesta hann. Við sjáum svo sannarlega ekki eftir því,“ segir Örvar og bætir við:

„Það voru fleiri lið, bæði erlendis og hér heima, sem höfðu áhuga á honum. Ég nýtti mér það að við þekkjumst og erum góðir vinir. Það sýnir bara hversu mikill karakter hann er að vilja taka þennan slag með okkur. Það væru ekki allir tilbúnir í það að fara í lið sem er í fallsæti,“ segir Örvar.

Þegar kemur að varnarleiknum er eins og um nýtt lið sé að ræða. ÍR-liðið fékk á sig 95,5 stig að meðaltali í leik fyrir áramót en hefur aðeins fengið á sig 85,8 stig að meðaltali með Moore innanborðs. Hér munar rétt tæpum tíu stigum á leik. ÍR-liðið hefur einnig skorað um tíu stigum meira að meðtali þannig að þarna er um tuttugu stiga sveifla í nettóskori liðsins sem er engin smá breyting.

„Við þurfum því líka að vera tilbúnir að bregðast við mótlæti ef að því kemur. Við erum hrikalega sáttir við framvindu mála en það er stutt á milli í þessu. Við eigum Snæfell og Stjörnuna næst í deildinni og það er bara hver úrslitaleikurinn á fætur öðrum framundan,“ segir Örvar að lokum.

ooj@frettabladid.is

## NIGEL MOORE-ÁHRIFIN

| Stigamunur í fyrri leik, án Moore | | Stigamunur í seinni leik, með Moore | Breyting |
|---|---|---|---|
| 3 | Skallagrímur | 7 | +4 |
| -13 | KR | -2 | +11 |
| -26 | Haukar | 3 | +29 |
| -25 | Grindavík | 2 | +27 |
| 7 | Valur | 11 | +4 |

| Án Moore | | Með Moore | Breyting |
|---|---|---|---|
| 22% | Sigurhlutfall | 80% | 58% |
| 80,1 | Stig í leik | 90,0 | 9,9 |
| 95,5 | Stig á sig í leik | 85,8 | 9,7 |

### Skoruð stig að meðaltali í leik hjá lykilleikmönnum

| Án Moore | | Með Moore | Breyting |
|---|---|---|---|
| 9,5 | Hjalti Friðriksson | 18,0 | 8,5 |
| 16,9 | Matthías Orri Sigurðarson | 20,5 | 3,6 |
| 18,4 | Sveinbjörn Claessen | 19,5 | 1,1 |

### Nigel Moore hækkar sig á öllum sviðum tölfræðinnar

| Moore með Njarðvík | | Moore með ÍR | Breyting |
|---|---|---|---|
| 16,6 | Stig í leik | 17,4 | 0,8 |
| 9,4 | Fráköst í leik | 11,4 | 2,0 |
| 2,5 | Stoðsendingar í leik | 3,8 | 1,3 |
| 1,9 | Stolnir boltar í leik | 3,0 | 1,1 |
| 0,5 | Varin skot í leik | 1,0 | 0,5 |
| 1,9 | 3 stiga körfur í leik | 3,0 | 1,1 |
| 20,6 | Framlag í leik | 25,2 | 4,6 |



# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.05
### Heilsugengið

Vandaður og fróðlegur íslenskur þáttur sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir eru í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts verða hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.

## Í KVÖLD



**Grey's Anatomy**

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.00** Níunda sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



**Nigellissima**

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.10** Nigella Lawson sýnir okkur hversu auðvelt það getur verið að laða fram töfra ítalskrar matargerðar.



**Kanada – Noregur**

**STÖÐ 2 SPORT KL. 17.00** Bein útsending frá leik Kanada og Noregs í íshokkí karla á Ólympíuleikunum í Sotsjí.

## FM957 kl. 7.00
### Morgunþáttur FM957



Morgunþátturinn á FM957 með þeim Sverri Bergmann og Ernu Hrönn. Morgunþátturinn er alla virka morgna kl. 7–10 í boði Cocoa Puffs.


LA-Z-BOY

**LA-Z-BOY RIALTO** – SJÓNVARPSSÓFI



359.990
FULLT VERÐ: 459.990

**RIALTO** La-Z-boy sjónvarpssófi. Svart leður á slitflötum. 205 x 90 H:105 cm.



**RIALTO**
La-Z-boy stóll.
Fæst í fjórum litum.
B:80 D:90 H:105 cm.
Einnig fáanlegur í áklæði
á tilboði frá **kr. 99.990**

139.990
FULLT VERÐ: 179.990



**STANLEY** La-Z-boy stóll. Svart, hvítt, brúnt og vínrautt leður á slitflötum. B:81 D:94 H:103 cm. Einnig fáanlegur í áklæði á tilboðsverði frá **kr. 83.990**

119.990
FULLT VERÐ: 179.990



**EMPIRE**
La-Z-boy stóll.
Fæst í 3 litum litum.
B:80 D:70 H:102 cm.

69.990
FULLT VERÐ: 79.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.10** **Bold and the Beautiful**
**09.30** **Doctors**
**10.15** **60 mínútur**
**11.00** **Nashville**
**11.50** **Suits**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **World's Greatest Dad**
**14.50** **The O.C**
**15.40** **Tasmanía**
**16.05** **Ofurhetjusérsveitin**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar**
**19.40** **The Michael J. Fox Show** *(14:22)*.
**20.05** **Heilsugengið.**
**20.35** **Masterchef USA** *(7:25)*
**21.20** **NCIS** *(1:24)* Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við mál sem eru orðin bæði flóknari og hættulegri.
**22.05** **Person of Interest** *(4:23)*
**22.50** **Paranormal Activity.**
**00.15** **Spaugstofan**
**00.40** **Breathless**
**01.25** **The Following**
**02.10** **Banshee**
**03.00** **World's Greatest Dad**
**04.35** **Simpson-fjölskyldan**
**05.00** **NCIS**
**05.50** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**09.50** **10 km skíðaganga kvenna** Beint
**11.40** **Skautasprettlaup** Beint
**12.30** **Slóvakía - Bandaríkin** Beint
**15.05** **ÓL 2014 - samantekt**
**15.40** **Slopestyle skíðafimi karla** Beint
**17.00** **Kanada - Noregur** Beint
**19.30** **Gæðingafimi**
**21.00** **Samantekt og spjall** Kynning á liðunum í Meistaradeildinni í hestaíþróttum.
**21.30** **KS deildin**
**22.00** **ÓL 2014 - samantekt**
**22.30** **Finnland - Austurríki**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.30** **Messan**
**12.50** **Arsenal - Man. Utd.**
**14.30** **Man. City - Sunderland**
**16.10** **Stoke - Swansea**
**17.50** **Fulham - Liverpool**
**19.30** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**20.25** **Premier League World**
**20.55** **Newcastle - Tottenham**
**22.35** **Everton - Crystal Palace**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**17.40** **H8R**
**18.20** **How To Make It in America**
**18.45** **Game tíví**
**19.10** **Ben and Kate**
**19.35** **1600 Penn** *(7:13)*
**20.00** **American Idol** *(9:37)*
**21.25** **Shameless** *(11:12)*
**22.10** **Supernatural** *(3:22)* Fimmta þáttaröðin af yfirnáttúrlegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur.
**22.50** **Revolution** *(12:20)*
**23.35** **Grimm**
**00.15** **Luck**
**01.10** **Ben and Kate**
**01.35** **1600 Penn**
**02.00** **American Idol**
**03.25** **Shameless**
**04.15** **Supernatural**
**04.55** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Ljóti andarunginn og ég **07.23** Elías **07.34** Ævintýraferðin **07.47** UKI **07.52** Tommi og Jenni **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.46** Gulla og grænjaxlarnir **09.56** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Lukku-Láki **10.22** Ofurhundurinn Krypto **10.43** Skoppa og Skrítla **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Ljóti andarunginn og ég **11.25** Elías **11.36** Ævintýraferðin **11.48** UKI **11.53** Tommi og Jenni **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.46** Gulla og grænjaxlarnir **13.56** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Lukku-Láki **14.22** Ofurhundurinn Krypto **14.43** Skoppa og Skrítla **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Ljóti andarunginn og ég **15.25** Elías **15.36** Ævintýraferðin **15.48** UKI **15.53** Tommi og Jenni **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.46** Gulla og grænjaxlarnir **17.56** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Lukku-Láki **18.22** Ofurhundurinn Krypto **18.43** Skoppa og Skrítla **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Ávaxtakarfan **20.10** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.50** **Seinfeld**
**19.15** **Modern Family**
**19.40** **Two and a Half Men**
**20.00** **Grey's Anatomy** *(24:24)*
**20.45** **Tekinn.**
**21.10** **The Drew Carey Show** *(23:24)*
**21.35** **Curb Your Enthusiasm** *(9:10)*
**22.10** **Game of Thrones** *(7:10)*
**23.05** **Twenty Four**
**23.50** **Touch of Frost**
**01.35** **Tekinn**
**02.05** **The Drew Carey Show**
**02.30** **Curb Your Enthusiasm**
**03.05** **Game of Thrones**
**04.00** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.10** **La Delicatesse**
**13.00** **Honey**
**14.50** **October Sky**
**16.35** **La Delicatesse**
**18.25** **Honey**
**20.15** **October Sky**
**22.00** **Bridesmaids**
**00.05** **In Bruges**
**01.50** **What's Your Number**
**03.35** **Bridesmaids**

## RÚV

**06.10** **Vetrarólympíuleikar** – Brekkuat á skíðum Bein útsending
**08.05** **Vetrarólympíuleikar** – Snjóbretti
**09.25** **Vetrarólympíuleikar** – Brekkuat á skíðum Bein útsending
**10.45** **Vetrarólympíuleikar** – Skautaat Bein útsending
**13.15** **Vetrarólympíuleikar** – Skíðaskotfimi
**13.50** **Vetrarólympíuleikar** – Skíðaskotfimi Bein útsending
**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Einar Áskell**
**17.33** **Verðlaunafé**
**17.35** **Stundin okkar**
**18.01** **Skrípin**
**18.05** **Fisk í dag**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Kiljan**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Kastljós**
**20.00** **Söngvakeppnin 2014 - lögin í úrslitum** *(3:3)*
**20.10** **Nigellissima** *(4:6)*
**20.40** **Frankie** *(4:6)*
**21.35** **Best í Brooklyn** *(4:13)*
**22.00** **Tíufréttir**
**22.10** **Veðurfréttir**
**22.15** **Íþróttir**
**22.25** **Glæpahneigð** *(9:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.05** **Erfingjarnir**
**00.05** **Kastljós**
**00.25** **Fréttir**
**00.35** **Íþróttir**
**00.45** **Dagskrárlok**
**00.50** **Næturvarp**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

**09.50** VÓ Gönguskíði B **16.00** VÓ Listhlaup á skautum B **19.15** Olísdeildin í handbolta *(ÍR - Fram)* B **21.00** VÓ Íshokkí

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers** *(5.26)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**17.10** **90210**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **Parenthood**
**19.15** **Cheers**
**19.40** **Trophy Wife** *(6:22)*
**20.05** **Svali&Svavar** *(6:10)*
**20.45** **The Biggest Loser - Ísland** *(4:11)* Stærsta framleiðsla sem SkjárEinn hefur ráðist í frá upphafi. Tólf einstaklingar sem glíma við yfirþyngd ætla nú að snúa við blaðinu og breyta um lífstíl sem felst í hollu mataræði og mikilli hreyfingu. Umsjón hefur Inga Lind Karlsdóttir.
**21.45** **Scandal** *(5:22)*
**22.30** **Alive**
**00.30** **CSI**
**01.15** **Franklin & Bash**
**02.00** **The Good Wife**
**02.50** **Blue Bloods**
**03.30** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 - Highlights **08.55** Golfing World 2014 **09.45** PGA Tour 2014 **15.15** Golfing World 2014 **16.05** Einvígið á Nesinu **16.55** Champions Tour 2014 **19.00** Golfing World 2014 **19.50** Inside The PGA Tour 2014 **20.15** Champions Tour 2014 - High **21.10** Golfing World 2014 **22.00** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




**TOP SAFETY PICK 2014**
— Bandaríska umferðaröryggisstofnunin IIHS

**BÍLL ÁRSINS Í JAPAN 2012-2013**
— ein virtustu verðlaun bílgreinarinnar

**BESTI SPORTJEPPINN 2014**
— L'Annuel de l'automobile

**AUTOMOBILE ALL-STAR 2013**
— The Best Cars in America, AUTOMOBILE

**MESTA ÁNÆGJAN**
— J.D. Power | 2013

MAZDA CX-5 er sigurvegarinn í sínum flokki í ánægjukönnun J.D. Power en niðurstöðurnar byggja á svörum frá 83.000 eigendum nýrra bíla.

**LÆGSTI 5 ÁRA REKSTRARKOSTNAÐURINN**
— Kelleys Blue Book

Mazda bílar hafa lægsta 5 ára rekstrarkostnaðinn skv. könnun Kelley Blue Book.

**BESTI SPORTJEPPINN 2013**
— Best Crossover, Auto Express

**BESTI SPORTJEPPINN**
— Best SUV, Green Awards WHATCAR

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda CX-5 er vel að þessum verðlaunum kominn. Hann er búinn SKYACTIV spartækni MAZDA, er einstaklega fallegur á að líta og með miklum staðalbúnaði: skynvætt fjórhjóladrif (4WD), snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjari, upplýsingasnertiskjár í mælaborði, hraðastillir (cruise) og regnskynjari í framrúðu. Dráttargetan er 1800-2000 kg og veghæðin er 21 cm. Komdu í reynsluakstur.

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. og 5,5 l/100 km. með sjálfskiptingu og 2,2 lítra SkyActiv dísilvél.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

## BESTI BÆJARHLUTINN



**„Mér hefur alltaf fundist eitthvað spennandi við Ármúlann og þar um kring, líður eins og ég sé í útlöndum. Fullt af alls konar sérhæfðum búðum sem ég vissi ekki að væru til.“**

Ilmur Kristjánsdóttir leikkona.

# Reykvísk hús sýnd í MIT-safninu í Boston

Katrín Sigurðardóttir sýnir Óbyggðu húsin innan um þekktustu arkítekta heims.

Katrín Sigurðardóttir myndlistarkona heldur sýningu á MIT-safninu í Boston í byrjun í næsta árs. Safnið er hluti hins virta tækniháskóla MIT, Massachusetts Institute of Technology, en sá er fyrsti arkítektaskólinn í Bandaríkjunum og leiðandi á heimsvísu í öllu sem viðkemur verkfræði og hönnun. Katrín kemur til með að sýna verk sín úr seríunni Óbyggðu húsin, en þau eru öll byggð á húsum sem stóð til að reisa í Reykjavík, en kláraðist ekki að byggja.

„Sýningin hefur þannig fókus sem tengist bæði arkítektúr og Reykjavík,“ segir Katrín sem sýnir einnig nýja seríu sem hún hefur ekki sýnt áður á Íslandi, en sú er byggð á æskuheimili hennar í Hlíðunum. Á skólalóð MIT eru byggingar eftir marga þekktustu arkítekta heims, meðal annars hinn kínverska I.M. Pei, sem er arkítektinn að hinu fræga John F. Kennedy-bókasafni í Boston, en sá á einnig heiðurinn af byggingunni sem MIT-safnið er í.

„Á lóðinni eru líka margir helstu listamenn heims með verk, til dæmis Alexander Calder, Henry Moore og Pablo Picasso – þannig að sýningin er í dálítið flottu samhengi,“ segir Katrín, létt í bragði.

Katrín var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum í fyrra og sýndi á Metropolitan Museum of Art í New York þar áður. Í framhaldi af sýningunni í Boston verður Katrín með sýningu í Parasol Unit-samtímalistasafninu í London. - ósk



**SÝNIR Á MIT-SAFNINU** Katrín Sigurðardóttir sýnir á safninu í byrjun næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**MEÐ ALLT Á HREINU** Helgi Valur Gunnarsson, nemandi í Verzlunarskóla Íslands, hefur vakið mikla athygli í hlutverki Stinna stuð í söngleiknum Með allt á hreinu sem skólinn setur upp. Vinarbeiðnirnar hrannast upp á Facebook fyrir vikið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# „Ég hafði aldrei séð Með allt á hreinu“

Helgi Valur Gunnarsson hefur vakið mikla athygli í hlutverki Stinna stuð í uppsetningu Versló á söngleiknum Með allt á hreinu. Það er pressa að leika Egil.

„Ég hafði ekki séð Með allt á hreinu áður en ég vissi að skólinn ákvað að setja upp söngleikinn,“ segir Helgi Valur Gunnarsson, nemi í Verzlunarskóla Íslands, en hann hefur vakið athygli í hlutverki Stinna stuð í uppsetningu skólans á söngleiknum Með allt á hreinu. Hann segir að persóna Egils Ólafssonar hafi heillað hann mest þegar að hann sá myndina fyrst en hann hafi þó ekki búist við því að fá þetta eftirsótta hlutverk.

Helgi Valur er á sínu fyrsta ári í skólanum og hefur lítið komið að tónlist fyrr en núna. „Ég byrjaði að syngja af alvöru fyrir svona ári en hafði ekkert verið að leika nema þegar ég tók þátt í Skrekk,“ segir Helgi Valur.

Þar sem að hann er óreyndur í leiklistinni hlýtur það að taka á taugarnar að bregða sér í hlutverk einnar vinsælustu persónu í íslenskri kvikmyndasögu. „Það er mikil pressa að leika Egil Ólafsson en það er hins vegar mjög gaman. Þetta er auðvitað stressandi en það fer að minnka þegar nokkrar sýningar eru liðnar. Stressið var rosalegt fyrst,“ útskýrir Helgi Valur.

Hann er að upplagi íþróttamaður mikill og áttu íþróttirnar hug hans allan á yngri árum. Seinna meir hefur hneigð hans til listarinnar aukist til muna.

Verzlunarskóli Íslands er þekktur fyrir íburðarmiklar Nemendamótssýningar og er Með allt á hreinu engin undantekning þar á. Breytir þátttaka í svona sýningu ekki hinu daglega lífi talsvert? „Þetta breytir hinu daglegu lífi mikið því þetta er mjög tímafrekt.“ Helgi Valur segir einnig að hann hafi fengið mikla athygli á samfélagsmiðlinum Facebook. „Ég hef fengið töluvert af vinarbeiðnum og pókum á Facebook en það er bara gaman að því.“

> **Ég hef fengið töluvert af vinarbeiðnum og pókum á Facebook en það er bara gaman að því.**
>
> *Helgi Valur Gunnarsson*

Helgi Valur stefnir á enn frekari tónlistar- og leiklistarframa eftir Verzlunarskólann. „Ég ætla klárlega að halda áfram í tónlistinni og leiklistinni.“ gunnarleo@frettabladid.is






# Biður Bjögga um að syngja Afgan

Bubbi Morthens vill að Björgvin Halldórsson syngi eitt sinna þekktustu laga. Þá hefur Bubbi áhuga á að syngja lög Bjögga, á borð við Skýið og Riddara götunnar.

„Ég væri til í að Bjöggi tæki lagið Afgan og hver veit nema hann taki fyrri hluta lagsins og svo komi ég inn eftir sóló,“ segir Bubbi Morthens sem kemur fram á tónleikum ásamt Björgvini Halldórssyni í apríl.

Miðar á tónleikana seldust upp á þremur klukkustundum og hefur því verið bætt við aukatónleikum 4. apríl.

Þessi tvö af stærstu nöfnum íslenskrar tónlistarsögu hafa ýjað að því að þeir muni taka lög hvor annars. „Mig langar mikið til þess að syngja lögin Skýið og Riddari götunnar,“ segir Bubbi spurður út í hvaða lög hann vilji helst taka.

Þeir félagar eru nú á leið í æfingabúðir fyrir tónleikana. „Þetta er bara eins og þegar Rocky fór í æfingabúðirnar til Síberu. Við þurfum að gera okkur klára fyrir tónleikana,“ segir Bubbi kátur.

Hann segist vera ákaflega þakklátur fyrir viðtökurnar. „Þetta kemur gleðilega á óvart því það er ekkert fyrirséð. Það er mikið af tónleikum fram undan á Íslandi og við vitum það báðir að það er ekkert gefins í þessu,“ útskýrir Bubbi.

Spurður út í nýtt efni frá þeim félögum, segist Bubbi ætla heimsækja Björgvin í Hljóðrita næstu daga. „Ég tek gítarinn með mér og er pottþéttur á að við búum til eitthvað saman og vonandi kántrílagara.“

Miðar á aukatónleikana sem fram fara 4. apríl eru farnir í sölu á midi.is. Enn er óráðið hvort fleiri tónleikum verði bætt við ef uppselt verður á aukatónleikana. - glp



**SELDIST UPP Á ÞREMUR TÍMUM** Björgvin Halldórsson og Bubbi Morthens hafa bætt við aukatónleikum. MYND/GASSI

40% AFSL. AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM FRÁ HÜLSTA!

EINSTAKT TÆKIFÆRI! ÞÝSK HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA




WWW.HUELSTA.COM

HEIMA HÚSIÐ

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAR




GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAR

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 www.gallerygolf.is. Opið alla virka daga 11-18, laugardaga 11 -15.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Innblásin af Björgu?

Lena Dunham, höfundur Girls-þáttanna, gefur út bók í október sem heitir Not That Kind of Girl. Skemmst er að minnast þess að Björg Magnúsdóttir rithöfundur gaf út bókina Ekki þessi týpa, á síðasta ári, en þetta eru keimlíkir bókartitlar. Í viðtölum um bókina sagði Björg gjarnan að húmorinn í bókinni sværi sig í ætt við húmorinn í Girls-þáttunum. Ekki er hægt að útiloka að Lena hafi heyrt af ummælum Bjargar og endurgoldið henni með því að sækja innblástur í bókartitil Bjargar. **- ue**



### Fyrirgefið á Facebook

Á Facebook-síðu leikritsins Fyrirgefðu ehf., sem frumsýnt verður á morgun í Tjarnarbíói, hafa ýmsir þjóðþekktir einstaklingar tekið sig til og beðist fyrirgefningar. Þar á meðal biður leikarinn **Hannes Óli Ágústsson** forsætisráðherrann fyrirgefningar á að vera alltaf að gera grín að honum. Karl Sigurðsson, borgarfulltrúi Besta flokksins, fyrirgefur Jóni Gnarr að hafa platað hann út í pólitík. En Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Samtakanna 78, fyrirgefur EKKI stjórnvöldum í Rússlandi fyrir mannréttindaskerðingu hinsegin fólks. **- ebg**



## Mest lesið vísir

1. „Þetta var íslensk rödd“
2. Safnar fyrir frænku sína
3. Fráleitt að sátt náist um áframhaldandi veggjöld
4. Innlit til Manuelu í París
5. Vikan kostar þrjátíu þúsund krónur á meðan deilan er óleyst
6. Hjördís Svan úrskurðuð í fjögurra vikna gæsluvarðhald
7. Lögreglan vill ná tali af þessum manni
8. Með masterspróf en aðeins 350 þúsund krónur í laun


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið






Herra lagerinn outlet líka fyrir konur

Troðfull verslun af merkjavörum!

50% afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET TO HEAVEN hummel POLO RALPH LAUREN

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin ( við faxafen)